

**SKOÐUN** Forsetinn ræður örlögum veiðigjaldsins, skrifar Bolli Héðinsson hagfræðingur. 13



**MENNING** Hildur Gunnlaugsdóttir og Eirný Sigurðardóttir skipuleggja matarmarkað á Lækjartorgi. 34



**SPORT** Gunnar Magnússon flytur til Eyja frá Noregi og þjálfar nýliða ÍBV ásamt Arnari Péturssyni. 30





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
3. júlí 2013
154. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Sjálfbærni er grundvöllur friðar í heiminum

Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, í opinberri heimsókn á Íslandi. 2

**Leita dýrgripa**

Hópur Ítala og Íslendinga leita að handritum musterisriddara. 2

**Bandaríkin njósna mest**

Uppljóstranir Snowdens hafa varpað ljósi á umfang njósna Bandaríkjamanna. 8

**Flestir vilja kjósa** Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna vill að kosið verði um hvort halda skuli aðildarviðræðum við ESB áfram samhliða kosningum á næsta ári. 10




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | NA | 2 |
| Akureyri | 10° | N | 4 |
| Egilsstaðir | 13° | NV | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | SA | 4 |
| Reykjavík | 14° | NA | 6 |

**ÚRKOMULÍTIÐ** Í dag verður yfirleitt hæg norðlæg eða breytileg átt. Bjart syðra en annars úrkomulítið. Hiti 10-15 stig, mildast SV-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Stöð 2 | Fólk**




# Ákærðir fyrir lán til Birkis

Sérstakur saksóknari hefur ákært Birki Kristinsson og þrjá aðra fyrrverandi starfsmenn Glitnis fyrir umboðssvik, markaðsmisnotkun og fleira. Ástæðan er 3,8 milljarða lán til félags í eigu Birkis til kaupa á bréfum í bankanum.

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur fjórum fyrrverandi starfsmönnum Glitnis fyrir umboðssvik, markaðsmisnotkun og brot á lögum um ársreikninga í tengslum við 3,8 milljarða lánveitingu bankans til félagsins BK-44 í nóvember 2007.

Félagið var í eigu Birkis Kristinssonar, fyrrverandi landsliðsmarkvarðar í fótbolta og yfirmanns einkabankaþjónustu Glitnis, sem er einn fjögurra ákærðu. Hinir þrír eru Jóhannes Baldursson, sem var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, Elmar Svavarsson, sem var verðbréfamiðlari, og Magnús Arnar Arngrímsson, sem var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Magnús er einnig ákærður í svonefndu Aurum-máli.

Ákæran var gefin út á föstudag og er í sex liðum. Í fyrsta lagi



**BIRKIR KRISTINSSON**



**ELMAR SVAVARSSON**



**JÓHANNES BALDURSSON**



**MAGNÚS ARNAR ARNGRÍMSSON**

eru Jóhannes, Magnús og Elmar ákærðir fyrir umboðssvik með því að veita BK-44 lánið til að kaupa bréf í bankanum. Bréfin voru keypt aftur af Birki sumarið 2008 á yfirverði, samkvæmt ákæru, og er tjónið af því metið á 1,9 milljarða.

Í öðru lagi eru Elmar og Jóhannes ákærðir fyrir umboðssvik með því að gera „munnlegan samning við ákærða Birki um skaðleysi félags hans“ – að hann gæti ekki tapað á viðskiptunum vegna þess að bréfin yrðu keypt aftur seinna á gamla verðinu óháð markaðsvirði.

Samkvæmt ákærunni fékk Birkir raunar meira en það sem hann hafði fengið að láni til baka og græddi 86 milljónir á viðskiptunum. Í þriðja lið er Elmar ákærður fyrir umboðssvik með því að standa þannig að uppgjöri samningsins.

Í fjórða lið er Birkir ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikunum, en til vara hylmingu og peningaþvætti, „með því að hafa lagt á ráðin með meðákærðu“ um fléttuna. Honum hafi hlotið, sem starfsmanni bankans, að vera ljóst að viðskiptin væru óeðlileg og brytu í bága við reglur bankans.

Í fimmta ákæruliðið er Jóhannesi, Elmari og Birki gefin að sök markaðsmisnotkun, þar sem viðskiptin hafi byggst á „blekkingum og sýndarmennsku“ og verið líkleg til að gefa markaðnum villandi hugmynd um eftirspurn bréfa í bankanum.

Í síðasta liðnum er Birkir ákærður fyrir „meiriháttar brot gegn ársreikningalögum“ með því að greina ekki að nokkru leyti frá láninu í ársreikningi BK-44 fyrir árið 2007.

Nánar verður fjallað um málið á Vísi í dag. **- sh**



**SLÁANDI NIÐURSTÖÐUR** Kirstín Flygenring kynnti niðurstöðu Rannsóknarnefndar um málefni Íbúðalánasjóðs á blaðamannafundi í gær ásamt þeim Jóni Þorvaldi Heiðarssyni og Sigurði Halli Stefánssyni sem skipuðu nefndina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tvær uppfærslur á Hamlet:

## Hamlet litli á Litla sviði

**LEIKHÚS** Borgarleikhúsið mun setja upp tvær Hamletsýningar á næsta leikári. Auk jólasýningar á þessu frægasta verki Shakespeares verður gerð leikgerð fyrir börn og sýnd á Litla sviðinu.



**SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON**

Sigurður Þór Óskarsson mun leika Hamlet litla og Kristín Þóra Haraldsdóttir leikur Ófelíu, en þau verða bæði tíu ára börn.

Bergur Þór Ingólfsson gerir leikgerð og leikstýrir. „Þetta verður barnasýning um dauðann, hugsuð fyrir fólk frá tíu til hundrað ára aldurs,“ segir hann.

Frumsýning er fyrirhuguð í mars eða apríl á næsta ári.

**- fsb /** **sjá síðu 24**

Svört skýrsla um Íbúðalánsjóð sýnir fram á röð afdrifaríkra mistaka:

# ÍLS tapaði 270 milljörðum

**STJÓRNSÝSLA** Rannsóknarnefnd um Íbúðalánasjóð kynnti sláandi niðurstöður á blaðamannafundi í gær. Tæplega tveggja ára rannsókn nefndarinnar leiddi í ljós margvísleg mistök í rekstri sjóðsins, sum alvarleg, sem kostað hafa þjóðina milljarða króna.

Nefndin telur að alls hafi sjóðurinn tapað 270 milljörðum og ekki sjái fyrir endann á tapinu.

Upphafið að ógæfu sjóðsins er rakið til breytinga sem gerðar voru á Íbúðalánasjóði árið 2004 þegar húsabréfakerfið var lagt niður og veðhlutfall lána sjóðsins var hækkað úr 65% í 90% eins og Framsóknarflokkurinn hafði lofað í kosningabaráttu árið áður.

Ítarlega er fjallað um niðurstöður nefndarinnar í blaðinu í dag en þar kemur meðal annars fram að á árunum 2004-2008 komu ítrekað fram athugasemdir frá bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og OECD um alvarlega meinbaugi á rekstri sjóðsins. Alls var um að ræða 21 úttekt.

Meðal þess sem bent var á var hversu óeðlilegt það væri að Íbúðalánasjóður væri að keppa við bankana um lánveitingar á markaði. Að sögn nefndarmanna hunsuðu stjórnendur Íbúðalánasjóðs allar þessar athugasemdir.

**-le, óká /** **sjá síður 4 og 6**









## SPURNING DAGSINS



Ómar, hélt samningurinn ekki vatni?

**Hann verður allavega að fá að vera í skjóli.**

Ómar Stefánsson er varaformaður bæjarráðs Kópavogs, en Kópavogsbær neitar að hleypa Reykvíkingum í borholur á Vatnsendasvæðinu sem Reykjavíkurborg telur samningsbrot.

Héraðsdómur sýknar Kristján Arason af kröfu slitastjórnar Kaupþings:

# Kristján þarf ekki að borga

**DÓMSMÁL** Kristján Arason, fyrrverandi framkvæmdastjóri einkabankaþjónustu Kaupþings, var í Héraðsdómi Reykjaness í gær sýknaður í máli slitastjórnar bankans gegn honum. Kristjáni var stefnt til að greiða 534 milljóna króna skuld vegna hlutabréfakaupa í bankanum.

Kristján tók lánin í eigin nafni en færði hins vegar skuldina yfir í einkahlutafélagið 7 hægri ehf. í febrúar árið 2008. Það félag var tekið til gjaldþrotaskipta í desember tveimur árum síðar. Engar eignir fundust í búinu. Skuldin við Kaupþing stóð þá í rúmum tveimur milljörðum króna en Kristján var hins vegar í persónulegri ábyrgð upp á 534 milljónir.

Í dómnum segir að lánssamningar Kaupþings við 7 hægri ehf., sem samþykktir voru af Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings, og undirritaðir af tveimur framkvæmdastjórum á fyrirtækjasviði Kristjáns, séu skuldbindandi fyrir bankann að lögum.



KRISTJÁN ARASON

Þá segir enn fremur að Kristján hafði „réttmætar ástæður til að ætla að forstjóri Kaupþingssamstæðunnar hefði umboð til að samþykkja yfirfærslu lána hans til 7 hægri ehf. og lausn hans undan persónulegri greiðsluskyldu“. Slitastjórninni var gert að greiða 2,5 milljónir í málskostnað. - sh

## UMFERÐ

### Fleiri á vegunum

Umferð um hringveginn í júní jókst milli ára og hefur umferðin aukist alla mánuði ársins að apríl undanskildum samkvæmt samantekt Vegagerðarinnar. Stofnunin spáir því nú að umferð um hringveginn aukist um 3,5 prósent á árinu.

## SLYS

### Tveir slösuðust í árekstri

Tveir voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur á gatnamótum Bústaðavegar og Háaleitisbrautar í Reykjavík á tíunda tímanum í gærmorgun. Fólksbíll ók inn í hlið jeppa með þeim afleiðingum að jeppinn valt. Beita þurfti klippum til að ná þeim út.



**BORPALLUR** Hækkandi orkuverð er sagt að baki lítillega aukinni verðbólgu í löndum OECD. NORDICPHOTOS/AFP

Verðbólga eykst í OECD:

# Orkuverð knýr vísitöluhækkun

**EFNAHAGSMÁL** **Verðbólga í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD jókst um 0,2 prósentustig milli ára í maí. Hún mældist þá 1,5 prósent, en var 1,3 prósent ári fyrr.**

**Í tilkynningu OECD kemur fram að aukningin sé að mestu drifin af orkuverði, sem hækkað hafi um 0,5 prósent í maí á meðan það hjaðnaði um 1,3 prósent í apríl.** - óká

### Ársverðbólga

| Land | Verðbólga í maí 2013 |
|---|---|
| Frakkland | 0,8% |
| Þýskaland | 1,5% |
| Meðaltal OECD-landa | 1,5% |
| Meðaltal ESB-landa | 1,6% |
| Ítalía | 1,1% |
| Meðaltal evrulanda | 1,4% |
| Bandaríkin | 1,4% |
| Bretland | 2,7% |
| **Ísland** | **3,3%** |

*Heimild: Neysluverðsvísitala Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD*

# Leita falinna handrita frá musterisriddurum

Hópur Ítala og Íslendinga leitar áfram að dýrgripum sem sagðar eru vísbendingar um að musterisriddarar hafi falið í Skipholtskrók á þrettándu öld. Helst er talið að þarna séu handrit úr frumkristni sem hafi ógnað skipulagi kaþólsku kirkjunnar.

**FORNMUNIR** „Það eru nógu áhugaverðar vísbendingar til að við séum reiðubúnir að leggja þetta á okkur,“ segir Þórarinn Þórarinsson arkitekt og liðsmaður hóps sem enn leitar dýrgripa frá miðöldum í Skipholtskrók á Hrunamannaafrétti.

Leitin er byggð á vísbendingum sem einn leiðangursmanna, Ítalinn Giancarlo Gianazza, les úr kveðskap Dantes og málverkum endurreisnarmálaranna da Vincis, Botticellis og Rafaels. Mögulegt sé að musterisriddarar hafi á þrettándu öld komið undan til Íslands mikilvægum handritum úr frumkristni sem páfastóli hafa þótt stafa ógn af.

Eftirgrennslanin í Skipholtskrók hófst sumarið 2004. Að sögn Þórarins mun hópur fjögurra Ítala og fjögurra Íslendinga halda leitinni þar áfram með rafsjá í nokkra daga um miðjan júlí.

„Ef okkur líst á eitthvað þá gröfum við holu. Við höfum ekkert fundið,“ segir Þórarinn um árangurinn fram til þessa.

Að mati Þórarins og félaga hlýtur Dante að hafa komið í Skipholtskrók við ánna Jökulfall og dvalið þar. Lýsingar skáldsins í Hinum guðdómlega gleðileik af staðháttum séu svo ótrúlega nákvæmar.

„Þetta er stór hvammur sem er alveg eins og hringleikahús sem Dante lýsir. Það er spurning hvar í hringnum þetta er – ef eitthvað er,“ segir Þórarinn sem kveður líklegast að um einhvers konar rit sér að ræða. Þó sé langt í frá öruggt að nokkur hlutur muni finnast. Ljóð Dantes geti allt eins verið um leit mannsins að andlegum þroska.

„Viska í einhverju formi er það eina sem hugsandi menn hafa talið þess virði að koma undan alla leið hingað,“ telur Þórarinn. „Það var viskan sem menn vildu feiga. Illviljuðum og gráðugum mönnum á öllum tímum er meinilla við sannindi.“ gar@frettabladid.is



**Í SKIPHOLTSKRÓK** Leiðangursmenn hafa þegar kannað nokkurn hluta hvammsins í Skipholtskrók með rafsjá og halda leitinni áfram nú í júlí. MYND/GOPFRETTIR.COM

### Töldu Ísland besta felustaðinn

„Riddararnir tóku þátt í krossferðunum og meðan þeir hernámu Jerúsalem fundu þeir forn handrit sem lýstu kristni eins og hún var áður en miðstýrt og þrepaskipt valdakerfi páfastóls kom til, sem var allsráðandi þegar Musterisriddararnir fundu handritin.

Handritin voru því talin boða algjöra villutrú og vera bein atlaga að valdi páfa og kirkjunnar. Hver sem uppvís yrði að geymslu slíkra rita átti dauðann vísan vegna ægivalds kirkjunnar. Það var því nauðsynlegt halda þeim leyndum og eftir nokkra leit að öruggum felustað hölluðust riddararnir að því að Ísland væri heppilegast í þeim tilgangi.“

Heimild: Vefsíða Giancarlos Gianazza.

Vel heppnaður íbúafundur:

# Kærleikur ríkir í Fjóluhvammi

**FÉLAGSMÁL** „Fundurinn gekk mjög vel,“ segir Aðalheiður Bragadóttir, forstöðukona hjá Vinamótum, um fund með íbúum í Fjóluhvammi í Hafnarfirði um drengjaheimili í götunni.

Nokkrir íbúanna telja heimilið vera atvinnustarfsemi sem eigi ekki að vera í íbúðargötu.

Vinakot bauð til fundar á mánudag. Aðalheiður segir mætinguna hafa verið góða. Málin hafi verið rædd á málefnalegan hátt og í mestu vinsemd.

„Báðir aðilar skildu sjónarmið hvor annars. Hér í götunni ríkir nágrannakærleikur,“ segir Aðalheiður. - gar

Dæmdur í ársfangavist:

# Braut ítrekað á 15 ára stúlku

**DÓMSMÁL** 44 ára gamall karlmaður var dæmdur í tólf mánaða óskilorðsbundið fangelsi í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að brjóta kynferðislega á fimmtán ára gamalli stúlku sem var í heimsókn hjá föður sínum í september árið 2012.

Í ákæru segir að hann hafi neytt stúlkuna til að þola kynferðislega áreitni og lostafengna og ósiðlega háttsemi en hann fróaði sér ítrekað fyrir framan og upp við hana. Maðurinn var hins vegar sýknaður af nauðgun því hann hafði „hvorki samræði né önnur kynferðismök við brotaþola“. Manninum er gert að greiða stúlkunni 800 þúsund krónur í bætur.




jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind


Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, fór víða í opinberri heimsókn sinni:

# Þjóðir heimsins vinni saman

**FÓLK** Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir sjálfbærni grundvöllinn að friði í heiminum. Hann hvetur þjóðir til þess að vinna saman.

„Þjóð sem stendur ein getur ekki haft áhrif en ef við sameinumst getur hver þjóð haft áhrif á heildina.“

Þetta kom fram í fyrirlestri Ban Ki-moon í Hátíðarsal Háskóla Íslands í gærdag sem bar heitið Ísland og Sameinuðu þjóðirnar: sjálfbær framtíð fyrir alla. Formleg heimsókn hans til Íslands hófst í gærmorgun. Dagskrá aðalframkvæmdastjórans var þétt, hann fundaði með Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra og Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, heimsótti Alþingi og Hellisheiðarvirkjun. Heimsókninni lýkur í dag en þá mun hann meðal annars fara til Þingvalla og skoða Bláa lónið. - ne



**MESTU MÁTAR** Ban Ki-moon hitti fjölmarga ráðamenn á Íslandi í heimsókn sinni. Þar á meðal forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


N1 MÓTIÐ
AKUREYRI 3.–6. JÚLÍ 2013
GANGI YKKUR VEL STRÁKAR
Í dag hefst ein stærsta knattspyrnuveisla ársins á Akureyri þar sem tápmiklir strákar úr 5. flokki fótboltaliða af öllu landinu reima á sig takkaskóna. Við hlökkum til að fylgjast með strákunum sýna snilldartakta á vellinum. N1 gefur stjörnum framtíðarinnar tækifæri til að sýna hvað í þeim býr í drengilegri keppni og góðum félagsskap í samstarfi við KA.
Sendu myndir af mótinu á Instagram merkt #N1mótið2013 og þú gætir unnið 50 þúsund króna inneign hjá Jóa útherja.
VERTU MEÐ Í LEIKNUM.
FYLLTU Á TANKINN Í TILEFNI DAGSINS
12 KRÓNA AFSLÁTTUR*
af hverjum dísel- og bensínlítra fyrir N1 korthafa um allt land í dag.
* Hefðbundin afsláttarkjör bætast ekki ofan á sértilboð dagsins.
EIMSKIP
WWW.N1.IS
N1
Meira í leiðinni

SKÝRSLA RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS UM ÍBÚÐALÁNASJÓÐ

## ÁKVARÐANIR, STJÓRNENDUR OG ÁBYRGÐARMENN ÍBÚÐALÁNASJÓÐS

*Félags- og húsnæðismálaráðherra

**Félagsmálaráðherrar:**


(B) Páll Pétursson


(B) Árni Magnússon


(B) Jón Kristjánsson


(B) Magnús Stefánsson


(S) Jóhanna Sigurðardóttir


(S) Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir


(S) Árni Páll Árnason


(S) Guðbjartur Hannesson


(B) Eygló Harðardóttir *

2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013

**Stjórnarformenn:**

Gunnar S. Björnsson húsasmíðameistari — Hákon Hákonarson vélvirki — Katrín Ólafsdóttir lektor — Jóhann Ársælsson, fv. alþingismaður

**Forstjórar:**

Guðmundur Bjarnason — Ásta H. Bragadóttir — Sigurður Erlingsson

2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013

### Ákvarðanir:

**Maí 2003**
Ríkisstjórn Íslands samþykkir breytingar á stefnumótun Íbúðalánasjóðs þannig að íbúðalán verði í áföngum hækkuð í allt að 90 prósent af brunabótamati.

**Maí 2004**
Breytingar ganga í gildi sem Árni Magnússon félagsmálaráðherra mælti fyrir á lögum um húsnæðismál. Í stað húsbréfa komu íbúðabréf. Lántakendur geta við breytinguna greitt upp lán en Íbúðalánasjóði er óheimilt að greiða upp íbúðabréf sín. Kerfi íbúðabréfa tók alveg yfir í júlímánuði.

**Desember**
Íbúðalánasjóður fær heimild til að veita almenn lán til allt að 90 prósenta af verðmæti íbúða, en þó ekki hærra en sem nemur brunabótamati þeirra.

**Ársbyrjun 2005**
Íbúðalánasjóður á í vanda vegna mikilla uppgreiðslna lána sem hófust á haustdögum 2004 og stóðu fram á mitt ár 2005. Fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar að uppgreiðslur frá september 2004 til júlíloka 2005 hafi numið tæpum 157,6 milljörðum króna.

**Mitt ár 2006**
Íbúðalánasjóður lækkar lánshlutfall í 80 prósent.

**Mars 2007**
Gildi tekur breyting félagsmálaráðuneytis á reglugerð þannig að lánshlutfall húsnæðislána Íbúðalánasjóðs hækkar aftur í 90 prósent og hámarksfjárhæð almennra lána hækkar úr 17 milljónum króna í 18 milljónir.

**Júní 2008**
Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra setur reglugerðir þar sem hámark húsnæðislána Íbúðalánasjóðs var hækkað úr 18 milljónum í 20, brunabótamat var afnumið sem viðmið fyrir lánveitingum og þess í stað miðað við allt að 80 prósent af kaupverði eigna.

**Haust 2010**
Alþingi samþykkir 33 milljarða króna fjárveitingu til Íbúðalánasjóðs.

**September 2011**
Íbúðalánasjóður fær heimild til að bjóða óverðtryggð lán. Útfærsla og fjármögnun liggur ekki fyrir.

**Nóvember 2012**
Ríkisstjórnin ákveður að afla heimilda í fjárlögum næsta árs til að auka stofnfé Íbúðalánasjóðs um allt að 13 milljarða króna.

**Júlí 2013**
Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sem komið var á fót í árslok 2010 um málefni Íbúðalánasjóðs birt. Áætlun um skil sumarið 2012 stóðst ekki.

# Vanhæfni kostaði 270 milljarða

Slæm staða Íbúðalánasjóðs er rakin til vanhæfni stjórnenda Íbúðalánasjóðs og sinnuleysi af hálfu helstu eftirlits- og valdastofnana. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis segir að helstu mistök sjóðsins hafi verið að breyta húsbréfum sjóðsins í íbúðabréf.

Veruleg vanhæfni stjórnenda Íbúðalánasjóðs og ótrúlegt sinnuleysi af hálfu helstu eftirlits- og valdastofnana kostuðu þjóðina milljarða króna. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um málefni Íbúðalánasjóðs sem skipuð var í september 2011 á grundvelli þingsályktunar. Í nefndinni sátu Sigurður Hallur Stefánsson, fyrrum héraðsdómari, Kirstín Flygenring hagfræðingur og Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri, og kynntu þau niðurstöður sínar á blaðamannafundi í gær.

**Kolsvört skýrsla**

Skýrsla nefndarinnar er svört en þar kemur fram að heildartap Íbúðalánasjóðs frá stofnun nemi allt að 270 milljörðum króna. Af heildartapinu er 86 milljarða tap fyrst og fremst vegna útlána. Tvo þriðju af útlánatapi sjóðsins má rekja til lána sem veitt voru á árunum 2005 til 2008.

**Pólitískar ákvarðanir**

Rót vandans er rakin til ársins 2004 þegar afdrifaríkar kerfisbreytingar voru gerðar í rekstri sjóðsins, bæði í útlánum og fjármögnun sjóðsins. Ákveðið var að bjóða eigendum hús- og húsnæðisbréfa að skipta bréfum sínum í íbúðabréf í júnílok 2004 til að einfalda kerfi sjóðsins.

Ákveðið var að gera bréfin óinnkallanleg, þannig að sjóðurinn gæti ekki greitt lánin upp, en það var gert til að gera þau áhugaverð fyrir erlenda fjárfesta. Í staðinn átti að leggja á svokallað uppgreiðslugjald til að lágmarka uppgreiðsluáhættu sjóðsins. Hins vegar var það ekki gert og telur nefndin að það hafi verið pólitísk ákvörðun til að vinna sjóðnum stuðning meðal almennings.

Segir í skýrslunni að þessi skuldabréfaskipti hafi verið ein verstu og afdrifaríkustu mistök í sögu sjóðsins og tapaði hann 21 millljarði króna einungis á þessum skiptum.

**För í samkeppni við bankana**

Uppgreiðslur viðskiptavina sjóðsins hófust í stórum stíl í ágúst 2004 þegar bankarnir byrjuðu að bjóða upp á betri kjör en Íbúðalánasjóður. Jón Þorvaldur sagði á blaðamannafundinum í gær að þá hefði verið búið að loka fyrir allar þær lausnir sem í boði voru. „Aðeins voru í boði tvær leiðir til þess að koma í veg fyrir uppgreiðsluáhættu en þær voru annarsvegar að gera skuldabréf sjóðsins innkallanleg og hins vegar að banna skuldurum sjóðsins að greiða lánin upp, en hvorugt var gert.“

Einnig kemur fram í skýrslunni að vænlegast hefði verið fyrir sjóðinn að halda sig til hlés í samkeppninni við bankana og einbeita sér að því að lágmarka eigið tap. Yfirvöld ákváðu hins vegar að hækka veðhlutfall Íbúðalánasjóðs úr 65 prósentum í 90 prósent til að bregðast við samkeppni sem varð þjóðinni afar dýrkeypt að mati nefndarinnar.

Þrátt fyrir hinar miklu uppgreiðslur hélt sjóðurinn áfram að selja hin nýju íbúðabréf og urðu uppgreiðslur meiri en útlán, sem gerði það að verkum að sjóðurinn sat uppi með 112 milljarða króna sem sjóðnum reyndist erfitt að ávaxta með fullnægjandi hætti.

Enn fremur sótti Íbúðalánasjóður sér á sama tíma 69 milljarða til viðbótar af markaði með útgáfu skuldabréfa sem jók ónotanlegt fé í 181 milljarð króna. Fram kemur í skýrslunni að engin haldbær ástæða hafi verið fyrir þessari útgáfu og að sú ákvörðun hafi aukið vanda sjóðsins stórlega.

**Stjórnendur vanhæfir**

Kirstín Flygenring sagði á fundinum í gær að starfsmenn Íbúðalánasjóðs hefði skort þekkingu á fjármálastarfsemi til þess að stýra áhættu bankans. Hún benti á að sjóðurinn hefði orðið að stórum áhættusæknum íbúðalánabanka í stað félagslegs aðhalds á fasteignamarkaði. Nefndin telur að pólitískum kerfisbreytingum árið 2004 sé um að kenna, enda kom það fram í máli Kirstínar í gær að sjóðurinn eigi í raun að heyra undir fjármálaráðuneyti í stað félagsmálaráðuneytis.

Einnig var talið að óformleg samskipti í ákvarðanatöku sjóðsins hafi ekki verið í anda góðrar stjórnsýslu og að innra eftirlit hjá sjóðnum hafi skort verulega. lovisa@frettabladid.is






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SUMARLÆGÐIR** Það kemur lægð til okkar í kvöld með úrkomu um austanvert landið í nótt og á morgun. Á föstudaginn lítur út fyrir að næsta komi og þá með stífri suðaustanátt og vætu um sunnan og vestanvert landið.




**Á morgun**
Fremur stíf NA-átt við N og SA-ströndina, annars hægari.




**Föstudagur**
Vaxandi SA-átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 29° | Billund | 23° | Gautaborg | 21° | London | 20° | Orlando | 29° | San Francisco | 23° |
| Basel | 21° | Frankfurt | 20° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 29° | Ósló | 19° | Stokkhólmur | 19° |
| Berlín | 26° | Friedrichshafen | 20° | Las Palmas | 24° | New York | 28° | París | 20° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**20% AFSLÁTTUR AF SKÓM OG ÚTIVISTARFATNAÐI TIL 6. JÚLÍ**



DIDRIKSON MONTE PEYSA
Stærðir: 80–130. Litir: Bleik, blá og græn.
**3.600 KR.**
FULLT VERÐ 4.500 KR.



DIDRIKSON MONTE BUXUR
Stærðir: 80–130. Litir: Bleikar, bláar og grænar.
**3.192 KR.**
FULLT VERÐ 3.990 KR.



ZAMBERLAN SOLAR SKÓR
Stærðir: 28–40. Litur: Gráir.
**14.392 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



VIKING GÚMMÍSKÓR
Barnastærðir 19–34.
**3.432 KR.**
FULLT VERÐ 4.290KR.



VIKING JOLLY GÚMMÍSTÍGVÉL
Barnastærðir: 21–35.
**3.992 KR.**
FULLT VERÐ 4.990 KR.



DIDRIKSONS CASCADE JAKKI
Dömustærðir: 36–42. Litir: Svartur og bleikur.
**14.392 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



DIDRIKSON CASCADE JAKKI
Herrastærðir: S–XXL. Litur: Svartur og blár.
**14.392 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



VIKING GÚMMÍSKÓR
Stærðir 35–47
**3.992 KR.**
FULLT VERÐ 4.990 KR.



COLUMBIA WET REFLECT JAKKI
Stærðir XXS–L. Litir: Blár, grár, fjólublár og appelsínugulur.
**7.992 KR.**
FULLT VERÐ 9.990 KR.



ZAMBERLAN CROSSER MID SKÓR
Stærðir 37–48.
**27.992 KR.**
FULLT VERÐ 34.990 KR.



DIDRIKSONS NORA JAKKI
Dömustærðir: 36–42. Litur: Svartur.
**19.992 KR.**
FULLT VERÐ 24.990KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 131738

SKÝRSLA RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS UM ÍBÚÐALÁNASJÓÐ

## TJÁIR SIG EF TILEFNI VERÐUR TIL



„Er ekki tilbúinn að tjá mig efnislega um skýrsluna að svo stöddu það er að segja ef mér þykir tilefni til að tjá mig yfir höfuð. Sjálfur hef ég ekki lokið við að lesa skýrsluna, enda af nógu af taka svo sem. Þetta virðast þó allt mikilvægar ábendingar um hvað hefði betur mátt fara. Við hefðum átt að hugsa okkur betur um í mörgum málum en það er auðvelt að vera vitur eftir á,“ segir **Guðmundur Bjarnason**, fyrrverandi forstjóri Íbúðalánasjóðs.

## ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR VANDAMÁLATILFELLI



„Við vitum núna að Íbúðalánasjóður er mikið vandamálatilfelli. Menn hafa vissulega verið að bregðast við stöðu sjóðsins en það hafa ekki verið gerðar neinar markvissar breytingar á starfseminni eða vinnubrögðum eða slíku samkvæmt þessu. Ekki sem við höfum fregnir af,“ sagði **Kirstín Flygenring** hagfræðingur á blaðamannafundinum þar sem skýrslan var kynnt í gær.

## ÆTLAR Í MEIÐYRÐAMÁL



**Hallur Magnússon**, fyrrverandi stjórnarmaður Íbúðalánasjóðs, sendi frá sér fréttatilkynningu vegna skýrslunnar í gær. Hann segir það rógburð að ráðning hans hafi verið pólitísk, líkt og tekið er fram í skýrslunni og fram kom á blaðamannafundi í gær. „Í ljósi þessara alvarlegu ásakana nefndarinnar og þá sérstaklega eins fulltrúa hennar sem mér skilst að hafi lagt sig eftir því að koma framangreindum rangfærslum á framfæri á blaðamannafundi þá hef ég hafið undirbúning að meiðyrðamáli gagnvart nefndinni í heild og viðkomandi nefndarmanni sérstaklega,“ sagði Hallur Magnússon í yfirlýsingu sinni.

## BYGGT Á ÓRAUNHÆFUM KOSNINGALOFORÐUM



„Þetta er svört skýrsla. Þetta var algjörlega óraunhæf stefnumörkun og stjórnunin og eftirlitið algjörlega í molum. Það má einnig veita því athygli að allt þetta byggist fyrst og fremst á óraunhæfum kosningaloforðum. Loforðum sem enduðu með að kosta almenning á Íslandi hundruð milljarða,“ segir **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**, þingkona Samfylkingarinnar. Sigríður fór fram á að rannsókn yrði gerð á málum Íbúðalánasjóðs sem varð til þess að nefndin var stofnuð og skýrslan unnin.








**SKÝRSLAN KYNNT** Eftirlit með Íbúðalánasjóði brást með öllu, útreikningar voru rangir og rangfærslur fóru fram hjá Fjármálaeftirlitinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Grunnur ógæfunnar er loforð um 90% lán

**Ekki sér fyrir endann á milljarðatapi þjóðarinnar vegna Íbúðalánasjóðs. Halla tók undan fæti við efndir kosningaloforðs Framsóknarflokks frá 2003. Ekkert mark tekið á ráðleggingum færustu alþjóðlegu sérfræðinga. Ríkisendurskoðun var vanhæf.**

Eftirlit með starfsemi Íbúðalánasjóðs var ófullnægjandi, samkvæmt niðurstöðu Rannsóknarnefndar Alþingis um sjóðinn. Skýringu á ónógu eftirliti er sögð að finna í „útbreiddu skeytingarleysi í umgengni við eftirlit, skilningsleysi á því hvað gerir eftirlit virkt og trúverðugt og í áhrifum pólitískra ráðninga“.

Rannsóknin leiddi í ljós margvísleg mistök sem varða Íbúðalánasjóð, sum mjög alvarleg og hafa kostað þjóðina milljarða króna. „Og raunar er ekki séð fyrir endann á þeim kostnaði,“ segir í niðurstöðum skýrslu nefndarinnar.

> **Alls fóru 95 milljarðar þannig aftur út í hagkerfið sem jók enn á ærna þenslu. Það sætir furðu að Seðlabankinn, sem lögum samkvæmt á að stuðla að stöðugu verðlagi, skuli ekki hafa séð neinar leiðir færar til að koma uppgreiðslufénu fyrir.**
>
> *Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð*

### Rót vandans árið 2004

Rót vanda Íbúðalánasjóðs er rakin til ársins 2004 þegar viðbótarlánakerfi sjóðsins var aflagt og 90 prósenta lán buðust öllum. „Hlutverk sjóðsins var þá ekki lengur félagslegt heldur að nota ríkisábyrgð til þess að veita sem flestum lán til íbúðakaupa á sem lægstum vöxtum.“ Bent er á að upphaf áforma um 90 prósenta lánin megi rekja beint til kosningaloforðs Framsóknarflokksins fyrir alþingiskosningarnar 2003. „Hærra veðhlutfall var í framhaldinu sett í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks.“

Fjallað er um hvernig margvíslegt eftirlit brást á árunum eftir 2004 þegar í óefni stefndi í rekstri sjóðsins. Þannig hafi athugasemdum Ríkisábyrgðarsjóðs verið lítill gaumur gefinn – sem þó hafi ötullega bent á það sem honum fannst athugavert árin 2004 til 2006. „Að auki má nefna að Ríkisábyrgðarsjóður hafði afar veik stjórntæki til að framfylgja hlutverki sínu og takmarkaðan pólitískan stuðning.“

Bent er á að þegar uppgreiðslur lána hófust hjá Íbúðalánasjóði haustið 2004 hafi sjóðurinn tekið að lána bönkum og sparisjóðum vegna þess að hann taldi sig ekki fá næga ávöxtun hjá Seðlabankanum. „Alls fóru 95 milljarðar þannig aftur út í hagkerfið sem jók enn á ærna þenslu. Það sætir furðu að Seðlabankinn, sem lögum samkvæmt á að stuðla að stöðugu verðlagi, skuli ekki hafa séð neinar leiðir færar til að koma uppgreiðslufénu fyrir.“

### Ríkisendurskoðun vanhæf

Nefndin bendir á að vegna þess að Ríkisendurskoðun hafi séð um innri endurskoðun sjóðsins á árunum 2005 til 2006 hafi hún í raun verið vanhæf til að gera úttektir á honum. Þó hafi hún skrifað um hann tvær skýrslur á tímabilinu. Báðar skýrslurnar eru sagðar því marki brenndar að vera málstað Íbúðalánasjóðs hagstæðari en efni hafi staðið til.

Ekki hafi bætt úr skák að sumir útreikningar í skýrslum eftirlitsaðila Íbúðalánasjóðs hafi verið rangir og oft endurteknir úr eldri skýrslum. „Það gerði illt verra að Fjármálaeftirlitið sem fékk skýrslurnar virtist ekki taka eftir þessu.“

Rannsóknarnefndin skoðaði líka 21 úttekt sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) gerðu 1999 til 2012. Þar hafi Íbúðalánasjóður verið í brennidepli stóran hluta tímabilsins. „OECD hefur hvatt til einkavæðingar húsnæðislánveitinga ríkisins síðan á dögum Húsnæðisstofnunar,“ segir í skýrslunni, en frá árinu 2003 hefur verið talin brýn þörf á úrbótum í málefnum Íbúðalánasjóðs og lagðar til gagngerar breytingar og „sett fram raunhæf leiðarljós og hugmyndir um útfærslur“. Margítrekað hafi verið að ekki yrði búið við óbreytt fyrirkomulag.

### Ekki hlustar á AGS og OECD

„Þrátt fyrir vilja og einhverja viðleitni stjórnvalda til að fara eftir ráðleggingum AGS og OECD í gegnum tíðina var ekki gripið til neinna aðgerða sem hefðu getað skilað þeim árangri sem í húfi var,“ segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. „Þessi hluti rannsóknarinnar hefur því staðfest að sú tregða sem ríkti gagnvart því að taka á málum Íbúðalánasjóðs var röksemdum og ráðleggingum færustu alþjóðlegu sérfræðinga yfirsterkari.“

olikr@frettabladid.is

## SKILDU EKKI ÁHÆTTUSTÝRINGU:

➜ Starfshættir stjórnarinnar einkenndust af illa skilgreindu hlutverki og of víðu verksviði, svo og ónógri þekkingu stjórnarmanna á starfsemi sjóðsins sem útlánastofnunar.

➜ Aðgerðaleysi starfsmanna og rangar aðgerðir sem juku áhættu sjóðsins réðu miklu um það að staða Íbúðalánasjóðs versnaði frá haustinu 2004.

➜ Þar sem starfsmenn sjóðsins virðast ekki hafa skilið áhættustýringarstefnuna beitti sjóðurinn ekki réttum fyrirbyggjandi aðgerðum til að draga úr áhættu.

➜ Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var samábyrg fyrir breytingunum 2004 en um þær var samt sem áður pólitískur ágreiningur milli flokkanna og jafnvel innan þeirra. Það veikti þá umgjörð og festu sem hefði þurft að vera til staðar við innleiðinguna.

Orðrétt úr skýrslu Rannsóknarnefndarinnar.

# Veiði LAGERINN outlet

## MARKAÐUR MEÐ ÓDÝRAR OG ELDRI VEIÐIVÖRUR Í ALLT SUMAR

**FLUGULÍNUR FRÁ AÐEINS**
**2.995,-**
LÆKKAÐ VERÐ

**SÖKKENDAR Á HÁLFVIRÐI**

**VEIÐIVESTI**
FRÁ
**1.995,-**
LÆKKAÐ VERÐ

VESTI Á MYND KR. 4.995,-

VERÐ FRÁ
**299,-**
ÓDÝRT!

**SPÚNAR**
Frábært úrval.


ÓDÝRT!
**BEITAN Í VEIÐIFERÐINA**
ORMAR OG MAKRÍLL

AÐEINS FRÁ
**14.995,-**
LÆKKAÐ VERÐ

**ÖNDUNARVÖÐLUR**
Mikið úrval!

AÐEINS
**12.995,-**
ÓDÝRT!

**DAM TASLAN VÖÐLUR**

AÐEINS
**16.995,-**
ÓDÝRT!

**RON THOMPSON NEOPRENVÖÐLUR**

VERÐ FRÁ
**4.995,-**
LÆKKAÐ VERÐ

**FLUGUHJÓL**
Gott úrval.

AÐEINS FRÁ
**9.995,-**
LÆKKAÐ VERÐ

**VATNSHELDIR VEIÐIJAKKAR**

**20% AFSLÁTTUR**
LÆKKAÐ VERÐ

**VEIÐISTANGASETT**
Mikið úrval. 20% afsláttur.

VERÐ FRÁ
**1.995,-**
ÓDÝRT!

**VEIÐITÖSKUR**
- á góðu verði

VERÐ FRÁ
**2.995,-**
LÆKKAÐ VERÐ

**KASTHJÓL**
- í miklu úrvali.


FRÁ
**4.995,-**
LÆKKAÐ VERÐ
**KASTSTANGIR**
Mikið úrval!

AÐEINS
**9.995,-**
ÓDÝRT!

**RON THOMPSON BARNAVÖÐLUR**

VERÐ FRÁ
**8.995,-**
LÆKKAÐ VERÐ

**VÖÐLUSKÓR**
Ýmsar gerðir.

**ZPEY FLUGUSTANGIR OG PAKKAR**
**30 TIL 50% AFSLÁTTUR**
LÆKKAÐ VERÐ


AÐEINS
**3.895,-**
ÓDÝRT!

**VEIÐIKASSAR**
Bleikir, bláir og grænir.

LÆKKAÐ VERÐ

**FLUGUSTANGIR Á HÁLFVIRÐI**
Mikið úrval!




FRÁBÆRT VERÐ
**895,-**
ÓDÝRT!

**LETINGJAR**

**KRÓKHÁLSI 4 - SÍMI 517 8050 - MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 OG LAU. - 10 TIL 16**

SJÁÐU TILBOÐIN Á

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu hátt hlutfall fólks er ánægt með störf forsætisráðherra?
**2.** Hvað heitir eigandi safnsins Melódíur minninganna á Bíldudal?
**3.** Hvað heitir íslenska samfélagsappið sem ætlað er að auðvelda fólki að undirbúa væntanlegt djamm?

**SVÖR:**
**1.** Um 44 prósent. **2.** Jón Kr. Ólafsson. **3.** Appið heitir Djamm?

Sjókvíar í Reyðarfirði:

# Laxeldiskærum vísað frá

**DÓMSMÁL** Kærum Samherja og Fjarðabyggðar vegna sex þúsund tonna laxeldis Laxa fiskeldis ehf. í Reyðarfirði var vísað frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Ein kæra Samherja hafi borist of seint og um tvær aðrar kærur fyrirtækisins gildi að það eigi ekki eiga lögvarða hagsmuni í málinu og þar með ekki aðild að því. Fjarðabyggð vildi að úrskurðarnefndin kvæði á um breytt skilyrði fyrir eldinu. Það segir nefndin ekki á sínu valdssviði. Sveitarfélagið vildi skilmála um færslu eldisins ef áform um hafnsækna starfsemi á Reyðarfirði gengju eftir. - gar



**REYÐARFJÖRÐUR** Áform eru um sex þúsund tonna laxeldi í firðinum.

# Bandaríkin njósna mest

Uppljóstranir Edward Snowdens og viðbrögðin við þeim hafa gert heimsbyggðinni ljóst, að ekkert ríki slær Bandaríkjunum við í umfangi eftirlitsiðnaðarins.



**EDWARD SNOWDEN** Situr enn fastur á flugvelli í Moskvu, eftir því sem næst verður komist. NORDICPHOTOS/AFP

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkin eru í betri aðstöðu en öll önnur ríki til að fylgjast með net- og símasamskiptum í gegnum ljósleiðara. Þetta stafar bæði af því að Bandaríkin hafa verið í fararbroddi tækniþróunar í net- og tölvugeiranum, og að nærri þriðjungur allra netsamskipta heimsins fer um Bandaríkin. Heimatökin eru því hæg, að fylgjast með því sem fólk er að senda sín á milli.

Í Bandaríkjunum eru meðal annars stórfyrirtæki á borð við Microsoft, sem hefur að nokkru umsjón með tölvukerfum á flestum skrifstofum heims, Google sem sinnir tveimur þriðju af allri netleit jarðarbúa, og Facebook, sem er með um 900 milljón notendur.

Allt er þetta við bæjardyrnar, þegar bandaríska þjóðaröryggisstofnunin notar hin öflugu forrit sín til að gramsa í samskiptum okkar.

„Eins og ástandið er þá gagnast það Bandaríkjunum mjög," hefur AP-fréttastofan eftir Joss Wright, sérfræðingi hjá Oxford Internet Institute.

Önnur ríki, bæði lýðræðisríki og einræðisríki, stunda einnig njósnir þótt í mismunandi miklum mæli sé. Ekkert þeirra kemst þó með tærnar þar sem Bandaríkin hafa hælana.

gudsteinn@frettabladid.is

## Njósnaforritin sem fylgjast með okkur

Netnjósnarar fylgjast ekki aðeins með innihaldi netsamskipta heldur safna gríðarlegu magni af svonefndum lýsigögnum, þ.e. gögnum um það hvenær, hvar og hverjir hringja símtöl, senda tölvupósta og smáskilaboð.




**Prism:** Gerir NSA kleift að fylgjast með netsamskiptum bæði Bandaríkjamanna og annarra. Forritið bæði les inntak og safnar lýsigögnum.

**Boundless Informant:** Forritið safnar meira en þremur milljónum eininga af lýsigögnum á dag. Bluffdale gagnaverið er með geymslugetu upp á 1,3 zettabæt - jafngildi 300 milljörðum DVD-diska.

**Tempora:** Forrit bresku leyniþjónustunnar fylgist með alþjóðlegum net- og símasamskiptum og safnar lýsigögnum frá 200 Atlantshafsljósleiðurum. 300 starfsmenn frá GCHQ og 250 frá NSA vinna við að greina gögnin. GCHQ getur annað 21 petabæti af gögnum á dag - jafngildi 4,8 milljóna DVD-diska.

Heimild: TeleGeography, Wired, The Shadow Factory by James Bamford © GRAPHIC NEWS


FUNDARÖÐ ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS

EVRÓPUSAMRÆÐUR

The UK Independence Party, the Conservatives and attitudes towards European integration in the UK



ÍDAG, MIÐVIKUDAG 3. JÚLÍ KL. 12.00-13.15
Í LÖGBERGI 101

Breski sjálfstæðisflokkurinn, Íhaldsflokkurinn og viðhorf til Evrópusamrunans í Bretlandi

Í Bretlandi hafa efasemdir um aðild að Evrópusambandinu löngum verið meiri en í öðrum aðildarríkjum. Efasemdaraddirnar eru nú svo háværar að sá möguleiki virðist vera fyrir hendi að umtalsverðar breytingar verði á sambandi Bretlands við Evrópusambandið. Í fyrirlestrinum verður fjallað um vaxandi efasemdir í garð Evrópusambandsins í breskum stjórnmálum og í því sambandi einblínt á Breska sjálfstæðisflokkinn (UKIP) og Íhaldsflokkinn. Þá verður efni fyrirlestrarins sett í samhengi við íslensk stjórnmál í dag.





Philip Lynch & Richard Whitaker

Dr. Philip Lynch er dósent í stjórnmálafræði við háskólann í Leicester og dr. Richard Whitaker er lektor í stjórnmálafræði við sama skóla.

Fundarstjóri er dr. **Ólafur Þ. Harðarson**, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

**Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Allar nánari upplýsingar:** www.ams.hi.is
Alþjóðamálastofnun á Facebook: www.facebook.com/althjodamalastofnun

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands heldur tíu málstofur um Evrópusamrunann og Ísland. Stofnunin hlaut styrki frá Evrópustofu og úr Jean Monnet sjóði ESB til að stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumál á Íslandi.

Evrópustofa Upplýsingamiðstöð ESB

Education and Culture Lifelong Learning Programme JEAN MONNET

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI HÁSKÓLI ÍSLANDS



ED DU MED DÍBBLAD NEB?



ÁN ROTVARNAREFNA

Þarftu að losa um stífluna?

Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

**Nezeril** 0,1 mg/ml, 0,25 mg/ml og 0,5 mg/ml nefúði, lausn. 1 ml inniheldur: Oximetazolinhýdróklóríð 0,1 mg, 0,25 mg eða 0,5 mg. **Notkun**: Nezeril er notað gegn einkennum eins og nefrennsli, bólgum í nefslímhúð og nefstíflu vegna kvefs eða skútabólgu (sinusitis), eða sem stuðningsmeðferð við miðeyrnabólgu og ofnæmisbólgum í nefi. Ekki skal nota Nezeril ef þekkt er ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefni þess. **Skömmtun**: Börn frá 7 mánaða - 0,1 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 2 ára – 0,25 mg/ml, 1 úði í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Börn frá 7 ára – 0,25 mg/ml, 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Fullorðnir og börn frá 10 ára – 0,5 mg/ml: 2 úðar í hvora nös 2-3 sinnum á sólarhring. Nezeril má mest nota í 10 daga samfleytt. **Varnaðarorð**: Segið lækni frá því ef einhverjir aðrir sjúkdómar eru til staðar, sérstaklega hjartasjúkdómar, ofstarfsemi skjaldkirtils eða gláka (þrönghornsgláka), áður en byrjað er að nota Nezeril. Lesið vandlega leiðbeiningar um notkun lyfsins í fylgiseðli. **Fulltrúi markaðsleyfishafa**: GlaxoSmithKline ehf. Þverholti 14, 105 Reykjavík, Ísland, Sími 530 3700. **Tilkynning um aukaverkanir**: Aukaverkanir má tilkynna á vef Lyfjastofnunar: www.lyfjastofnun.is/Aukaverkanir/tilkynna eða til GlaxoSmithKline í síma 530 3700.

DYNAMO REYKJAVÍK

# Útsölulok...

living with style

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR 7. JÚLÍ

ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM ÚTSÖLUVÖRUM



CABARET LOFTLJÓS
ÁÐUR 19.995
NÚ 13.995,-
SPARAÐU 6.000,-

*Sparaðu 50%* af völdum mottum



CREPE motta, 100% ull. 140 x 200 cm.
Áður 29.900,- NÚ 17.900,-
Sparaðu 12.000,-



GUNILLA motta. 60 x 90 cm.
Áður 1.995,- NÚ 1.200,-
*Einnig til í öðrum stærðum.*



BARK leðurmotta. 170 x 240 cm.
Áður 44.900,- NÚ 22.450,-
Sparaðu 22.450,-

*Sparaðu 30%* af ANDORRA sófa



ANDORRA LEGUBEKKUR + 2JA SÆTA
ÁÐUR 189.900
NÚ 129.900,-
SPARAÐU 60.000,-

*Sparaðu 25%* af öllum púðum



## 25% AFSLÁTTUR AF ALLRI SUMARVÖRU

CLICK STÓLL
ÁÐUR 24.900
NÚ 19.900,-
SPARAÐU 5.000,-

CIRCLE Ø150 CM
ÁÐUR 139.900
NÚ 104.900,-
SPARAÐU 35.000,-



SUMMER ELDSTÆÐI
ÁÐUR 14.995
NÚ 9.995,-
SPARAÐU 5.000,-

BARN LUGT H32 CM
ÁÐUR 2.995
NÚ 1.995,-
SPARAÐU 1.000,-



kaffi ILVA

Einföld beygla
Skinka, ostur, smjör og sulta
Verð 495,-
nú 195,-



sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardag 10-18 sunnudag 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30

# Flestir vilja kjósa um ESB á næsta ári

Nærri 82 prósent landsmanna vilja kjósa um framhald viðræðna við ESB samhliða sveitarstjórnarkosningum á næsta ári samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þrír af fjórum stuðningsmönnum stjórnarflokkanna eru því hlynntir.

**KÖNNUN** Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna, um 82 prósent, vill að kosið verði um hvort halda skuli aðildarviðræðum við Evrópusambandið (ESB) áfram samhliða sveitarstjórnarkosningum á næsta ári, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 81,7 prósent vilja þjóðaratkvæði samhliða sveitarstjórnarkosningunum en 18,3 prósent sögðust ekki vilja að sú yrði niðurstaðan. Ríflega þrír af hverjum fjórum stuðningsmönnum stjórnarflokkanna segjast hlynntir slíkri ráðstöfun

Mikill meirihluti stuðningsmanna allra flokka vill þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða sveitarstjórnarkosningunum. Minnstur var stuðningurinn við það meðal kjósenda Framsóknarflokksins, 73,1 prósent. Hlutfallið var heldur hærra meðal stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins, 78,4 prósent.

Lítill munur er á afstöðu stuðningsmanna þriggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna. Alls vilja 88,7 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar og Vinstri grænna þjóðaratkvæði samhliða sveitarstjórnarkosningunum, og 89,2 prósent kjósenda Bjartrar framtíðar.

Stuðningsmenn Pírata skera sig talsvert frá stuðningsmönnum hinna stjórnarandstöðuflokkanna. Um 76 prósent þeirra vilja kjósa um ESB samhliða sveitarstjórnarkosningunum á næsta ári.

Talsverður munur var á afstöðu kynjanna til spurningarinnar. Alls vilja 85 prósent kvenna kjósa á næsta ári, en 78,4 prósent karla. Lítill munur var á afstöðu eftir búsetu eða aldri.

Hringt var í 1.077 manns þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 26. júní og fimmtudaginn 27. júní. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Vilt þú að þjóðaratkvæðagreiðsla um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum næsta vor? Alls tóku 87,7 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is




MEIRA ÚRVAL
Rúmgóðir 4x4 jeppar fyrir sumarfríið
Allt að 80% lánamöguleikar




RANGE ROVER SPORT SE
Nýskr. 06/08, ekinn 77 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 270266
Glæsilegt eintak kr.
7.590 þús.



MMC PAJERO INSTYLE
Nýskr. 04/07, ekinn 90 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr.120175.



NISSAN MURANO
Nýskr. 09/08, ekinn 71 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.390 þús.
Rnr.270301,



TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Nýskr. 06/12, ekinn 19 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr.9.990 þús.
Rnr.130449.



NISSAN PATROL SE 35” breyttur
Nýskr. 10/07, ekinn 55 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.151550.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/08, ekinn 118 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.390 þús.
Rnr.101779.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/11, ekinn 61 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.580 þús.
Rnr.141639.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

SUMARTILBOÐ
Allt að 40% afsláttur !



Heilir sturtuklefar
Hert öryggisgler allan hringinn
Sturtustangarsett með sturtuhaus
Sturtubotn með vatnslás & lausri svuntu að framan.
Verð frá stgr.41.900
www.i-t.is
Bogaklefar stærð: 80x80 & 90x90cm
* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *
* Opið virka daga frá kl. 9-18 *
INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

# Námsmenn skora á Illuga Gunnarsson

Íslenskir námsmenn skora á menntamálaráðherra og stjórn LÍN að koma til móts við kröfur þeirra varðandi breytingar á úthlutunarreglum Lánasjóðsins.

Enn fremur að sérstaklega verði tekið tillit til eftirfarandi:

- Að skilað verði aftur þeim 500 milljónum króna sem teknar voru út úr sjóðnum, sökum góðrar eiginfjárstöðu hans, ári áður en farið var fram á 1,5% niðurskurð.
- Að fallið verði frá boðuðum niðurskurði.
- Að orð standi og ákvörðun stjórnar LÍN frá 19. apríl 2013 um hækkun grunnframfærslu um 3% og hækkun frítekjumarks upp í 900 þúsund krónur.
- Að aðstæður innan háskólanna verði metnar á faglegum grundvelli og þær þúsundir námsmanna sem aðeins eru í tíu eininga kúrsum og þurfa í raun að skila 100% námsárangri til þess að vera lántökuhæf fái eitthvað svigrúm í sínu námi.
- Að stúdentar fái lengri fyrirvara á jafnveigmiklum og íþyngjandi ákvörðunum sem þessum í framtíðinni og að þessi vinnubrögð endurtaki sig ekki.

**Af fullri alvöru**

Við vöknum snemma vordag blíðan,
visku þráðum þennan dag,
brosum hlýtt og hugsum síðan:
Hugað er að mínum hag.

Menntun þykir merkur siður,
magnast þjóðin hundraðfalt.
Ef skera eigum núna niður,
næsta haust það verður kalt.

Haustið fyllir hjörtu manna,
hylur góðvild, von og þor.
Þekking til að hugsa og hanna -
horfin - hvert fór liðið vor?

Ef kynslóð heila hunsa ætti,
huga þyrfti að öllu vel.
Það er svo ótal margt sem mætti
muna betur, að ég tel.

Ég aðeins gæti sofið sáttur
ef sæi fram á jafnan rétt
til námsmanna því mennt er máttur,
mundu okkar sterku stétt.

Kjark þarf til að skipta um skoðun,
skammsýnt þykir mér þitt verk.
Kjarks er þörf því þín er boðun
að þjóna og veita okkur styrk.

*- Pétur Marteinn Tómasson, stúdent við Háskóla Íslands*

Kolsvört rannsóknarskýrsla um Íbúðalánasjóð:

# Stjórnlaus ríkisbanki

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð (ÍLS) er í stíl við skýrslu fyrri rannsóknarnefndar um bankana; samfelldur áfellisdómur bæði yfir stjórnendum fjármálastofnunarinnar sem um ræðir, stjórnmálunum, stjórnsýslunni og eftirlitsstofnunum.

Nefndin segir að það sé í meginatriðum rangt að skilgreina ÍLS sem félagslega þjónustustofnun. Hann beri flest einkenni fjármálafyrirtækis á húsnæðislánamarkaði, í beinni samkeppni við einkafyrirtæki. Í raun hafi sjóðurinn verið rekinn eins og fjárfestingarbanki, bara með minni kröfum um eigið fé, laust fé og menntun og reynslu stjórnarmanna en gerðar eru til annarra fjármálastofnana. Hann hafi heldur ekki lotið sama eftirliti og þær.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Myndin sem dregin er upp í skýrslunni er af risastórum, stjórnlausum ríkisbanka með vanhæfa stjórnendur og starfsmenn, sem tóku alltof mikla áhættu með fé skattgreiðenda – með skelfilegum afleiðingum. Talið er að heildartapið á sjóðnum frá upphafi sé um 270 milljarðar.

Upphafið að mestu ógæfunni í rekstri ÍLS má rekja til kosningaloforðs Framsóknarflokksins fyrir þingkosningarnar 2003; um að fólk gæti fengið lánað fyrir 90% af andvirði íbúðar.

Þrátt fyrir að gerð væru alvarleg mistök við innleiðingu 90% lánanna og upptöku nýs íbúðabréfakerfis, var hvergi slegið af heldur anað áfram í þágu pólitískra markmiða. Þegar viðskiptabankarnir byrjuðu að veita íbúðalán í samkeppni við ÍLS var enn gefið í, í stað þess að sjóðurinn héldi sig til hlés og reyndi að takmarka eigið tap, eins og rannsóknarnefndin telur eðlilegast að hann hefði gert.

Sjóðurinn hélt áfram að lána og lána, sækja sér fé á markað sem hann þurfti ekki og fór auk þess út í stórfelldar lánveitingar til keppinautanna. Þeir notuðu peningana til að fjármagna samkeppnina við hann, sem olli aftur enn meiri uppgreiðslum hjá ÍLS, með tilheyrandi tapi og þenslu í hagkerfinu. Ríkisrekni bankinn óð um eins og fíll í postulínsbúð.

Að mati rannsóknarnefndarinnar brást eftirlit með ÍLS meðal annars vegna pólitískra ráðninga stjórnenda í sjóðnum sjálfum og eftirlitsstofnunum. Þrátt fyrir veikburða viðleitni Ríkisábyrgðasjóðs til að hindra að ábyrgðir féllu á skattgreiðendur varð skortur á pólitískum stuðningi til þess að ekki var á hann hlustað.

Nefndin segist ekki sjá nein rök fyrir því að ríkið veiti almenn húsnæðislán í núverandi markaðsumhverfi. Þær upplýsingar sem dregnar eru fram í skýrslu hennar benda líka eindregið til að ríkisrekni húsnæðislánabankinn sem starfaði í þágu pólitískra markmiða hafi gert meiri skaða en gagn.

Á það höfðu alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) raunar bent árum saman. Á þær var ekki hlustað. Þetta eru að vísu sömu stofnanirnar og núverandi forsætisráðherra sagði um fyrir skemmstu að hann hefði „ekki miklar áhyggjur af því hvað hinum og þessum skammstöfunum finnst“ þegar áform ríkisstjórnarinnar um skuldaniðurfellingu væru annars vegar.

Það er þess vegna kannski óhófleg bjartsýni að vonast til að núverandi stjórnarflokkar, sem báru í sameiningu ábyrgð á vitlausustu ákvörðununum um Íbúðalánasjóð, bregðist myndarlega við rannsóknarskýrslunni. Það ættu þeir nú samt að gera, með mjög rækilegri uppstokkun á hlutverki og starfsemi sjóðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Í ljósi bakgrunns míns

Hallur Magnússon, fyrrverandi sviðsstjóri þróunarsviðs Íbúðalánasjóðs, er allt annað en ánægður með niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis um sjóðinn, sem skilaði skýrslu sinni í gær. Svo óánægður er hann reyndar að hann segist ætla að höfða meiðyrðamál á hendur skýrsluhöfundum vegna þeirra orða að hann hafi verið pólitískt ráðinn til sjóðsins á sínum tíma – það sé alrangt. „Í ljósi bakgrunns míns þá taldi ég mig verða síðasta mann á Íslandi til að fara í meiðyrðamál. En rangfærslurnar eru það alvarlegar að ég á engan annan kost,“ segir hann í yfirlýsingu.



### Ha?

Líklega ofmetur Hallur minni landsmanna, og ef til vill eigið mikilvægi í Íslandssögunni, þegar hann vísar til „bakgrunns“ síns með þessum hætti án þess að gera frekari grein fyrir því um hvað hann er að tala. Lesendum til upplýsingar er því rétt að nota þennan dálk til að rifja það upp.

### Ráðríki dómkirkjuprests

Árið 1989 fékk Hallur, þá blaðamaður á Tímanum, refsidóm fyrir meiðyrði í garð séra Þóris Stephensen, dómkirkjuprests og tímabundins staðarhaldara í Viðey. Meðal ummælanna sem Hallur var dæmdur fyrir var eftirfarandi klausa:

„Séra Þórir Stephensen, sem skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey, er nú farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar. Ekki er athæfi hans kristilegt, enda hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik sem þessi dómkirkjuprestur í raun og sanni ætti að hafa að leiðarljósi.“ Málið vakti mikla athygli og Hallur þurfti á endanum að greiða 40 þúsund króna sekt í ríkissjóð, 150 þúsund í miskabætur til Þóris og 70 þúsund krónur í sakarkostnað. Og þá vita þeir það sem ekki vissu fyrir.



**stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# 400 ppm

UMHVERFISMÁL



**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
fv. umhverfisráðherra

Það urðu merk tímamót í sögu mannkyns 10. maí sl. Þeim var ekki fagnað neins staðar svo ég viti en um þau var nokkuð fjallað, a.m.k. í erlendum fjölmiðlum. Þennan maídag náði jafnvægisstyrkur koltvísýrings í lofthjúpi Jarðar 400 ppm (sem þýðir að af hverjum milljón loftsameindum eru 400 CO2). Það er hæsti styrkur koltvísýrings í andrúmsloftinu í þrjár milljónir ára. Við upphaf iðnbyltingar árið 1750 nam þessi jafnvægisstyrkur 280 ppm. Styrkur CO2 í andrúmsloftinu hefur hækkað vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu jarðefnaeldsneytis og ósjálfbærrar landnotkunar.

Í maíbyrjun var Bill McKibben staddur hér á landi í boði Landverndar. Hann er forsprakki grasrótarhreyfingarinnar 350.org sem hefur það að markmiði að vekja fólk til vitundar um mikilvægi þess að styrkur gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnum fari ekki yfir 350 ppm. En það er nauðsynlegt svo að áfram verði lífvænlegt á Jörðinni. Við stefnum hins vegar hratt í þveröfuga átt. Ef fram heldur sem horfir gæti hitastig hækkað um 3°C að meðaltali á þessari öld. Það eru ekki gráður sem efla grillmenningu Íslendinga svo neinu nemi en gætu hins vegar haft geigvænlegar afleiðingar fyrir lífsskilyrði þorra mannkyns.

Bráðnun heimskautaíssins þekkja flestir sem afleiðingu loftslagsbreytinga og vita

**➜ Bráðnun heimskautaíssins þekkja flestir sem afleiðingu loftslagsbreytinga og vita að boðar ekki gott (þótt margir vilji græða á nýjum siglingaleiðum).**

að boðar ekki gott (þótt margir vilji græða á nýjum siglingaleiðum). Hækkun sjávarborðs, súrnun sjávar, útrýming eða tilflutningur plöntu- og dýrategunda, öfgar í veðurfari; lengri þurrkar, fleiri flóð, fellibyljir og hitabylgjur, eru líka afleiðingar loftslagsbreytinga. Það er ekki að ástæðulausu sem þessi þróun er kölluð hamfarahlýnun.

Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, mun vera staddur í opinberri heimsókn á Íslandi. Hann hefur verið ötull talsmaður þess að aðildarríki SÞ bregðist við loftslagsbreytingum með skuldbindandi samningum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda en í tvo áratugi hafa aðildarríki loftslagssamnings SÞ þrefað um ábyrgð, leiðir og lausnir í næsta vonlausu samningaferli. Ekki veit ég hvort loftslagsbreytingar eru á dagskrá funda Ban Ki-moon með ráðamönnum þjóðarinnar en vonandi notar hann tækifærið og minnir á mikilvægi þess sameiginlega verkefnis ríkja heims að ná skuldbindandi samningum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda – fljótt og mikið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ég dáist að ríkisstjórninni

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



> Ég dáist að ríkisstjórninni fyrir að reyna ekki einu sinni að „feika" áhuga á náttúruvernd heldur vekja strax máls á því að leggja niður umhverfisráðuneytið. Bamm. Þá vitum við það.

Í alvöru. Ég dáist að ríkisstjórninni. Sigmundur Davíð, sem grætur í nýlegri grein í Morgunblaðinu að hann hafi ekki fengið lengri hveitibrauðsdaga í starfi, hefur rétt fyrir sér. „Loftárásir" fjölmiðla og stjórnarandstöðu hafa valdið því að flestum hefur yfirsést hve einstök nýja ríkisstjórnin er. Einurð hennar og dugur eru svo gott sem fordæmalaus. Hún gengur mót þrautum sínum „djörf og sterk" eins og segir í ljóði Davíðs Stefánssonar (svo ekki sé talað um að „hennar líf er eilíft kraftaverk" í ljósi sögu samstarfs þessara tveggja flokka og þeirra hrakninga sem íslenskt samfélag lenti í í kjölfar þess). Ástæða aðdáunarinnar er einföld.

Ég dáist að ríkisstjórninni fyrir að þykjast ekki vera eitthvað annað en hún er. Hún kemur til dyranna eins og hún er klædd. Og í hvað er hún klædd? Þar erum við komin að djörfunginni. Ekkert. Hún er algerlega berrössuð. Ekki í sömu merkingu og keisarinn í ævintýri H. C. Andersen er berrassaður. Hann hélt að minnsta kosti að hann væri í fötum. Ég dáist að ríkisstjórninni fyrir að vera nakin, vita af því en sýna ekki minnsta vott af spéhræðslu þrátt fyrir það.

Þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur gengu í eina sæng fyrir sex vikum átti ég von á að landsmönnum yrði gert að horfa upp á margra vikna leikrit. Í leikritinu færu stjórnarliðar með hlutverk ábyrgra og velviljaðra pólitíkusa, íklæddir skraddarasaumuðum fatnaði eftir tískusniðum sem væru algerlega frábrugðin þeim sem þóttu heit á árum hinnar spilltu einkavæðingarstjórnar sem starfaði frá 1995 til 2007 og þessir sömu flokkar stóðu að.

En af sérstakri tillitssemi er okkur algerlega hlíft við slíkum ríkisstyrktum menningarviðburði; okkur er hlíft við öllum látalátum sem ætlað er að slá ryki í augu fólks. Ég dáist að ríkisstjórninni fyrir að hafa hugrekki til að sýna sitt rétta andlit frá fyrsta degi og hefja strax vinnu við að fella niður veiðigjald á útgerðir landsins svo að kvótakóngar geti örugglega haft í sig og á í tíunda veldi. Ekkert pukur, bara blygðunarlaus hagsmunagæsla fyrir opnum tjöldum. Ég dáist að ríkisstjórninni fyrir að reyna ekki einu sinni að þræta fyrir að fyrirhugaðar breytingar á skipun stjórnar RÚV styrki pólitískt tangarhald á stofnuninni. Ég dáist að því að menntamálaráðherra skuli takast að fullyrða án þess að minnsti roði hlaupi í kinnar hans að það sé ekkert óeðlilegt við að skipa aðeins fólk í stjórn LÍN sem hefur tekið virkan þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins.

Ég dáist að ríkisstjórninni fyrir að hafa kjark til að sýna svo blákalt sinn innri mann, undirstrika okkur öllum til glöggvunar og áminningar hvar hagsmunir hennar liggja, að standa allsber og hnarreist fyrir framan þjóðina og hrópa: „Svona erum við, engin ný föt, ekkert nýja Ísland, bara sama gamla og góða hagsmunapotið og bitlingapartíið."

### Farðalaus á stefnumóti

Hvað sem fólki finnst um áherslur og stefnumál hinnar nýju ríkisstjórnar er ákveðinn heiðarleiki fólginn í þessari nálgun hennar. Flestir valdhafar, að minnsta kosti valdhafar lýðræðisríkja, sem ætluðu sér að hefja störf á hreinræktaðri frænd- og vinahygli myndu líklega reyna að láta sem minnst fyrir henni fara svona í blábyrjun stjórnartíðar sinnar, jafnvel reyna að hylma yfir hana. Svona eins og sönn dama myndi ekki mæta farðalaus á stefnumót fyrr en sambandið hefði verið kirfilega innsiglað. En ekki ríkisstjórn Sigmundar Davíðs. Hún er hugrakkari en svo að hún finni sig knúna til að villa á sér heimildir og stunda svo yfirborðslegt laumuspil. Framferði hennar er í raun jafnfölskvalaust og ef nornin í öðru ævintýri, ævintýrinu um Hans og Grétu, opnaði dyrnar á piparkökuhúsinu sínu þegar börnin bönkuðu og segði: „Gangið í bæinn, gangið í bæinn, en bara svo að allt sé nú uppi á piparkökuborðinu þá ætla ég að éta Hans og hneppa Grétu í þrældóm."

Ég dáist að ríkisstjórninni fyrir að reyna ekki einu sinni að „feika" áhuga á náttúruvernd heldur vekja strax máls á því að leggja niður umhverfisráðuneytið. Bamm. Þá vitum við það. Ég dáist að ríkisstjórninni fyrir að gefa opinberlega skít í jafnréttismálin og hlæja að þeim sem lýsa yfir áhyggjum af ójöfnum kynjahlutföllum í þingnefndum Alþingis. Bamm. Þá þarf enginn að eyða púðri í óþarfa vonir um jafnari stöðu kynjanna næstu fjögur árin. Ég dáist að ríkisstjórninni fyrir að hafa fantabrögð sín uppi á borðinu og skikka fólk einfaldlega á sinn fund frekar en að hóta því undir rós þegar það gerir eitthvað sem henni líkar ekki eins og krúttlegu gaurarnir sem standa að undirskriftasöfnuninni gegn niðurfellingu veiðigjaldsins fengu að kynnast á dögunum. Og svo mætti lengi telja.

### Kyndilberi nýrra stjórnmála

Tvö af stefnumálum Besta flokksins í borgarstjórnarkosningunum 2010 voru að hygla vinum sínum og stunda spillingu fyrir opnum tjöldum. Lítið hefur borið á efndum hjá flokknum að þessu leyti. Hin nýja ríkisstjórn Sigmundar Davíðs virðist hins vegar hafa tekið loforðin upp á sína arma og er nú kyndilberi þessarar djörfu og framúrstefnulegu pólitísku aðferðafræði.

Við kjósendur höfum lengi kallað eftir nýjum stjórnmálum, opnara samfélagi og meiri heiðarleika á Alþingi. Okkur hefur nú loks orðið að ósk okkar.




# Forsetinn ræður örlögum veiðigjaldsins

SJÁVARÚTVEGSMÁL



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Forsetinn hefur það í hendi sér hvort hann vill veita ríkisstjórninni brautargengi til að rjúfa þá tilraun til sátta um veiðigjöld, sem tókst með gildandi lögum, með því að undirrita væntanlega lagabreytingu eða vísa henni til þjóðarinnar.

Eftir góðar undirtektir almennings við undirskriftasöfnun gegn lækkun veiðigjalda hefur farið í gang gamalkunnur hræðsluáróður um útgerðarfyrirtæki sem munu leggja upp laupana og sveitarfélög sem munu sjá á eftir tekjum, ef óbreytt veiðigjöld verða innheimt. Við hræðsluáróðri af þessu tagi eru einföld svör. Á meðan útgerðirnar, sem telja sig bera skarðan hlut frá borði, eru ekki reiðubúnar að opna bókhald sitt og sýna okkur svart á hvítu hvernig þær komast að þeirri niðurstöðu að veiðigjaldið muni ríða þeim að fullu þá er ekki ástæða til að leggja trúnað á yfirlýsingar þeirra.

Ef sveitarfélög telja sig verða af tekjum vegna veiðigjalds þá eiga þau að gera kröfu um hlutdeild í gjaldinu því heppilegast væri að veiðigjaldið rynni að stærstum hluta til sveitarfélaganna í landinu.

Ef ríkisstjórninni gengi það eitt til að lagfæra flókin útfærsluatriði á núverandi lögum, svo hægara verði að innheimta veiðigjöldin, þá myndi hún ekki samhliða leggja áherslu á að lækka gjaldið. Ákafinn í að lækka gjaldið um milljarða á milljarða ofan færir okkur heim sanninn um að þeim gangi allt annað til en einföldun og lagfæringar.

### Gjaldþrot vegna veiðarfærasala?

Veiðigjaldið sem samþykkt var gerði ráð fyrir álagningu gjalds sem innheimt yrði eins og hver annar kostnaður við aðföng útgerðar, kostnaður sem yrði að standa skil á líkt og kostnað við t.d. veiðarfæri. Þessu vill núverandi ríkisstjórn breyta og láta gjaldið taka mið af afkomu fyrirtækjanna. Slíkt þarf veiðarfærasalinn ekki að sætta sig við, útgerðin verður að standa skil á uppsettu verði fyrir netin alveg óháð því hver reiknuð afkoma útgerðarinnar er. Samt vill ríkisstjórnin að eigendur fiskimiðanna, þjóðin, þurfi að sætta sig við að fá því aðeins greitt fyrir afnotaréttinn ef útgerðirnar sýna hagnað. Reynslan hefur kennt okkur að útgerðum er í lófa lagið að sýna lítinn hagnað eða tap af rekstri, ef þeim sýnist svo.

> **→ Á meðan útgerðirnar, sem telja sig bera skarðan hlut frá borði, eru ekki reiðubúnar að opna bókhald sitt og sýna okkur svart á hvítu hvernig þær komast að þeirri niðurstöðu að veiðigjaldið muni ríða þeim á fullu þá er ekki ástæða til að leggja trúnað á yfirlýsingar þeirra.**



# MÚRBÚÐARV

Slöngutengjasett með úðara WZ-9304
**395**

5 lítra bensínbrúsi
**695,-**
einnig til 10 lítra
kr **995,-**

Garðkanna 5 L
**698**

Garðverkfæra hirsla
52x32x20 cm
**1.390**

Polo bolur
**2.190**
Skv.staðli
EN471

A4 ryðfríar
skrúfur.
Mikið úrval

Byggingarvinklar.
Mikið úrval

Slönguhjól
1/2" f/45 metra
**1.590**

Slönguvagn á hjólum
1/2" f/50 metra
**2.490**

Þrýstiúðabrúsi 5 lítrar
WZ-6004
**1.590**

208 3ja arma garðúðari
**395**

WZ-9006 Greinaklippur
**795**

Vírnet hexagon
hænsna- /múrnet 25 metrar
**5.490**

Þrýstiúðabrúsi
1 líter WZ-4001
**495**

Garðverkfærasett
**430**

Kapalkefli 10 mtr
**2.990** kr.

Strákústur
30cm breiður
**695**

WZ-9019 Greinaklippur
**1.595**



Vandaðir stólar **2.490,-**
Borð 70x120cm **6.990,-**
Salatskál orange **365,-**
Glös Decor 6 stk. **390,-**
Vatnskanna **399,-**

Diskur m/hjálmi **790,-**
Stór blómapottur m/disk 56cm **2.590,-**
Grænn blómapottur m/disk **695,-**
Vatnskanna 5 lítra **990,-**

12 lítra fata
**298**

WZ-9008 Hekk klippur 8"
**1.795**

63404 2 bögglateygjur
720 cm með stálkrókum
**495**

Öflugar hjólbörur 90 lítra
**7.590**

64407 Strekkiband
**995**

MARGAR
GERÐIR
AF HJÓLBÖRUM

Lescha steypurhrærivél SBM
P150 150 lítra (hægt að taka
í sundur - þýsk gæði)
**59.900**

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma

# VERÐ fyrir alla

**Frábært verð á stál- og plast-þakrennum.**
Sjá verðlista á www.murbudin.is

DEKAPRO útimálning, 10 lítrar (A stofn)
**7.290**

DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar
**10.995**

## Steypugljáinn á stéttina – þessi sem endist!

1 gallon og 5 gallon

Tréolía 30, 3 lítrar á pallinn og annað tréverk
**2.690**

Slöngutengjasett með úðabyssu Q308
**695**

CLA-403p Fjölnota trappa stigi/pallur 4x3 þrep
**15.690**
**Pallur fylgir**

1/2" slanga 15 metra með stút og tengjum
**1.690**

Black&Decker háþrýstidæla max bar **150**
**51.990,-**

**2100W, 420 lítr./klst.**
Þolir 50°C heitt vatn,
8 metra málmbarki,
sápubox,
með bursta

Slöngusamtengi
**125**
(mikið úrval tengja)

PVC húðað vírnet 50cmx15 metrar
**3.995**

## Plastpottar í úrvali

Undirdiskar fylgja
**2.590**
H 50 cm

**2.790**
H 56 cm

**1.490**

**495**

**845**

**890** B 60 cm

**845**
H 33 cm

Álstigi 2x12 þrep
3.61-6,1 m
**26.990**

**1.990**

**1.390**

**1.970**
110 cm

**1.390**

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29 | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Loforð og efndir

VELFERÐARMÁL



**Þorbera Fjölnisdóttir**
ráðgjafi hjá Öryrkjabandalagi Íslands

Það var skýrt kosningaloforð Framsóknarflokksins í aðdraganda kosninga til Alþingis í vor að það yrði forgangsmál að afnema skerðingar sem urðu á greiðslum til lífeyrisþega almannatrygginga í júlí 2009. Enda kemur fram í ályktun flokksþings Framsóknar:

„Í málefnum aldraðra er eftirfarandi brýnasta viðfangsefnið: Kjaraskerðing aldraðra og öryrkja sem tók gildi 1. júlí 2009 verði afturkölluð. Lífeyrir aldraðra og öryrkja verði hækkaður vegna kjaraskerðinga þeirra (og kjaragliðnunar) á krepputímum.“

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktaði í febrúar sl. um velferðarmál. Þar kemur m.a. fram að: „Sú kjaraskerðing, sem eldri borgarar og öryrkjar urðu fyrir 1. júlí 2009, verði tafarlaust afturkölluð.“

Vakin skal sérstök athygli á orðunum „forgangsmál“, „brýnasta“ og „tafarlaust“. Þau lýsa mjög ákveðnum vilja.

**Lítum á hvaða skerðingar talað er um:**

**Varðar elli- og örorkulífeyrisþega:**

■ Skerðingarhlutfall tekjutryggingar var hækkað úr 38,35% í 45% (gildir út árið 2013).

■ Lífeyrissjóðsgreiðslur skertu grunnlífeyri í fyrsta sinn í sögunni. Þegar grunnlífeyrir fellur út missir fólk réttindi sem honum fylgja, s.s. niðurgreiðslu á tannlæknakostnaði og sjúkra-, iðju- og talþjálfun auk uppbótar vegna reksturs bifreiða fyrir hreyfihamlaða.

■ Frítekjumark fjármagnstekna var hækkað úr 90.000 í 98.680 en á sama tíma var því breytt að fjármagnstekjur vega 100% til skerðingar í stað 50% áður.

**Varðar ellilífeyrisþega:**

■ Frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega við útreikning tekjutryggingar lækkaði í 480.000 kr. á ári.

■ Frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur við útreikning tekjutryggingar varð 10.000 kr. á mánuði.

**Varðar örorkulífeyrisþega:**

■ Aldurstengd örorkuuppbót skertist vegna tekna.

**Efndirnar**

Nú hafa þessir tveir flokkar myndað ríkisstjórn undir forsæti Framsóknar og hafa lífeyrisþegar beðið með eftirvæntingu eftir efndum kosningaloforðanna. Þeir hafa nú þegar beðið í fjögur ár eftir afnámi skerðinganna sem áttu að vera tímabundið úrræði vegna efnahagskreppunnar. Hvað gerist? Félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir, leggur nú á sumarþingi fram frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar sem felur einungis í sér afnám tveggja skerðinga af sex. Lífeyrissjóðsgreiðslur skerða ekki lengur grunnlífeyri og frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega er hækkað verulega.

**Bilið breikkar**

**➜ Þeir lífeyrisþegar bera mest úr býtum sem hæstar hafa tekjur fyrir. Bilið breikkar milli þeirra sem hafa mest og þeirra sem hafa minnst. Breytingin kemur sér best fyrir ellilífeyrisþega sem hafa tekjur úr lífeyrissjóði yfir 350 þúsund krónum á mánuði.**

Þeir lífeyrisþegar bera mest úr býtum sem hæstar hafa tekjur fyrir. Bilið breikkar milli þeirra sem hafa mest og þeirra sem hafa minnst. Breytingin kemur sér best fyrir ellilífeyrisþega sem hafa tekjur úr lífeyrissjóði yfir 350 þúsund krónum á mánuði. Meirihluti örorkulífeyrisþega fær engar greiðslur úr lífeyrissjóði og nema hæstu greiðslur til þeirra sem hafa lífeyrissjóðstekjur um 80 þúsund krónum á mánuði.

Ekki er í frumvarpinu minnst á hvenær eigi að afnema þær skerðingar sem enn eru í gildi og ekki er eitt orð um hækkun lífeyris vegna þeirrar miklu kjaraskerðingar sem lífeyrisþegum var gert að taka á sig vegna kreppunnar.

**Gífurleg kjararýrnun**

Frá janúar 2009 til janúar 2013 hafa bætur Tryggingastofnunar ríkisins hvorki náð að halda í við verðlagshækkanir, almenna launaþróun né hækkun lægstu launa og er munurinn gríðarlegur. Brýnasta hagsmunamál öryrkja er því veruleg hækkun bóta almannatrygginga.

Það skal tekið fram að full ástæða er til að fagna afnámi þeirra skerðinga sem frumvarpið kveður á um en öryrkjar höfðu ástæðu til að búast við mun meiru.

# Strámaður á Sprengisandi

EFNAHAGSMÁL



**Þorsteinn Víglundsson**
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Forsætisráðherra var í viðtali á Sprengisandi síðastliðinn laugardag. Margt kom þar fram sem tekið er undir. Ráðherra ræddi mikilvægi þess að auka fjárfestingar og nauðsyn þess að efla verðmætasköpun í atvinnulífinu. Hann sagði mikilvægt að fyrirhugaðar breytingar á sköttum hvetji fyrirtækin til að ráða fólk til starfa. Þannig geti kaupmáttur launa aukist og lífskjör batnað.

Undir þetta taka Samtök atvinnulífsins. Einnig um nauðsyn þess að taka á hallarekstri ríkissjóðs og áhyggjur forsætisráðherra um kostnað ríkisins vegna loforða stjórnmálamanna sem ekki hafa enn verið uppfyllt.

Gagnrýni SA á þingsályktun um skuldavanda heimila byggir einmitt á áhyggjum af áhrifum fyrirhugaðra aðgerða á efnahagslífið. Í umsögn SA er fjallað um óviðunandi sveiflur sem um langa hríð hafa einkennt efnahagslífið og valda aftur og aftur heimilum og fyrirtækjum miklum búsifjum. Sterkustu varnaðarorðin varða síðan afleiðingar þess að almenn höfuðstólslækkun íbúðalána verði á kostnað ríkissjóðs.

Forsætisráðherra sakaði SA um tvískinnung. Þau væru á móti almennri lækkun íbúðaskulda heimila en kölluðu eftir slíku fyrir fyrirtækin. SA og aðildarfélögin stóðu ásamt stjórnvöldum að lausn fyrir fyrirtæki sem kölluð var Beina brautin. Byggt var á því að bankarnir skoðuðu stöðu fyrirtækja sem ekki gátu staðið undir lánum sínum. Skuldir gátu lækkað og reynt var að koma málum þannig fyrir að rekstrinn gæti staðið undir skuldunum. Ekki gátu öll fyrirtæki fengið þessa leiðréttingu, mörg urðu gjaldþrota og margir eigendur fyrirtækja töpuðu hlutafé sínu.

**➜ Samtök atvinnulífsins hafa aldrei kallað eftir almennri lækkun á skuldum fyrirtækja, hvað þá á kostnað ríkissjóðs.**

Samtök atvinnulífsins hafa aldrei kallað eftir almennri lækkun á skuldum fyrirtækja, hvað þá á kostnað ríkissjóðs. Einstök fyrirtæki hafa höfðað mál, og jafnvel unnið þau, um að tilteknar lánveitingar hafi verið andstæðar lögum eða ekki staðist af öðrum ástæðum. Þetta hafa einstaklingar einnig gert og þar m.a. komið í ljós að fjöldi gengistryggðra lána stóðst ekki lög. Það felst engin sanngirni í að gagnrýna að einstaklingar og fyrirtæki sæki rétt sinn fyrir dómstólum.

SA telja mikilvægt að benda stjórnvöldum á hverjum tíma á það sem betur má fara í tillögum og lagafrumvörpum. Þá er mikilvægt að þeir sem gagnrýnin beinist að beiti ekki aðferð þar „sem búinn er til gerviandstæðingur og svo ráðist á hann, enda strámaðurinn auðveldari viðureignar en hinn raunverulegi andstæðingur“, svo vitnað sé til forsætisráðherra á heimasíðu hans 2. júní.

Samtök atvinnulífsins eru reiðubúin til mikils og náins samstarfs við stjórnvöld og minna á að vinur er sá sem til vamms segir.



# Gerðu kröfur – Tempur stenst þær!

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR



AÐEINS FRÁ TEMPUR® VIÐURKENNT TEMPUR EFNI

TEMPUR WARRANTY 15 — 15 YEARS LIMITED WARRANTY — MATTRESSES

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

## Stillanlegt og þægilegt!

## Tempur® Original heilsurúm

Charlotte Julien
Dream your world™

## Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

**Þráðlaus fjarstýring**



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 3 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

**C&J PLATINIUM STILLANLEGT**
með Tempur Original dýnu
Verðdæmi 2x80x200 cm
Verð kr. ~~690.900~~
**Kr. 559.900** á afslætti
Þú sparar kr. 139.000

**Fæst einnig í stærðunum**
2x80x200 cm
2x90x210 cm
2x100x200 cm
120x200 cm
140x200 cm

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
**Aðeins 48.456 kr. á mán.**

Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

**TEMPUR ORIGINAL HEILSURÚM**
Verðdæmi 160x200 cm
Verð kr. ~~371.900~~
**Kr. 316.115** á afsætti
Þú sparar kr. 55.785

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
**Aðeins 27.430 kr. á mán.**

**TEMPUR ORIGINAL HEILSURÚM**
Verðdæmi 180x200 cm
Verð kr. ~~414.800~~
**Kr. 352.580** áafsætti
Þú sparar kr. 62.229

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.*
**Aðeins 30.575 kr. á mán.**

**Lingen** svefnsófi
**TILBOÐ AÐEINS**
**Kr. 99.000**
**Verð áður 123.750**



**Góð svampdýna**
**Breidd:** 200 cm
**Dýpt:** 120 cm




TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN
Fyrir alla í fjölskyldunni

**25% afsláttur af Tempur Traditional**



**35% afsláttur af** SENSEO

**Senseo** 2ja sæta svefnsófi
**TILBOÐ Kr. 267.800**
**Verð áður 412.000,-**



**Breidd:** 187 cm **Dýpt:** 95 cm
**Heilsudýna:** 140x200 cm
Fæst einnig breiðari og með tungu.

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

www.betrabak.is

Betra BAK
**Leggur grunn að góðum degi**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ARNHEIÐUR LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**frá Efra-Apavatni,**

verður jarðsungin frá Grensáskirkju föstudaginn 5. júlí kl. 13.00.

**Guðrún Erla Geirsdóttir**
**Steinunn Jóna Geirsdóttir**
**Geir Arnar Geirsson**
**Sigurjón G. Geirsson**
**og fjölskyldur.**



†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÍÐUR MATTHILDUR ARNÓRSDÓTTIR**

verður jarðsungin frá Húsavíkurkirkju miðvikudaginn 3. júlí kl. 14.00.
Blóm afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á gjafasjóð Hvamms á Húsavík reikn. 192-15 380008, kt. 511298-2969.

**Arnrún Sigfúsdóttir**
**Arnór Guðjohnsen**
**Ragnheiður Guðjohnsen**
**Sigríður Matthildur Guðjohnsen**
**Þóra Kristín Guðjohnsen**
**Kári Arnórsson**
**Herdís Þuríður Arnórsdóttir**
**Hörður Arnórsson**
**langömmu- og langalangömmubörn.**

**Eiður Guðjohnsen**
**Anna Borg**
**Aðalsteinn Sigurðsson**
**Björgvin I. Ormarsson**
**Andrew Michell**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir, tengdasonur, mágur, svili og frændi,

**ÓLAFUR E. RAFNSSON**
**lögmaður, forseti ÍSÍ**
**og forseti FIBA Europe,**
**Miðvangi 5,**
**Hafnarfirði,**

varð bráðkvaddur í Sviss miðvikudaginn 19. júní. Hann verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 4. júlí kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð hans í þágu íþróttahreyfingarinnar sem hefur reikningsnúmer 0537-14-351000 og kennitölu 670169-0499.

**Gerður Guðjónsdóttir**
**Auður Íris, Sigurður Eðvarð og Sigrún Björg Ólafsbörn**
**Rannveig E. Þóroddsdóttir** — **Rafn E. Sigurðsson**
**Sigþór R. Rafnsson**
**Elísabet Rafnsdóttir**
**Auður Jörundsdóttir**
**Sigurður Guðjónsson** — **Guðríður Guðfinnsdóttir**
**Þjóðbjörg Guðjónsdóttir**
**Ágústa Guðjónsdóttir** — **Gert Fisker Tomczyk**
**og frændsystkini.**

Graníthöllin
Legsteinar

ÁVÍSUN

35.000.-



35.000.- krónur

Þessi ávísun að upphæð þrjátíu-og-fimm-þúsund-krónur gildir sem innáborgun á legstein.
Ávísunin gildir sem hlutagreiðsla með öllum tilboðum frá 1. júní til og með 31. ágúst 2013.

Ath, aðeins ein ávísun er tekin sem hlutagreiðsla við kaup á einum legsteini.

Graníthöllin Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði · Sími 555 3888 · granithollin.is

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is



†

Ástkær sonur okkar,

**BERGUR BJARNASON**
**Barónsstíg 27,**

lést á heimili sínu laugardaginn 29. júní.
Jarðarförin auglýst síðar

**Bjarni Bergsson** — **Ragnhildur Friðriksdóttir**



†

Elskuleg eiginkona mín,

**JÚLÍA PIJITRA AMPORN**
**Miðskógum 7, Álftanesi,**

lést á krabbameinsdeild 11E á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 1. júlí.

**Ásgeir Gíslason**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR GUÐMUNDUR JÓHANNSSON**
**fyrrverandi aðalvarðsstjóri á Siglufirði,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar 28. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 5. júlí kl. 14.00.

**Sigríður Björnsdóttir**
**Björn S. Ólafsson**
**Kjartan S. Ólafsson** — **María Jóhannsdóttir**
**Sigrún G. Ólafsdóttir** — **Þóra Sigurgeirsdóttir**
**Sigríður E. Ólafsdóttir**
**J. Sóley Ólafsdóttir** — **Guðbrandur J. Ólafsson**
**Ólafur Á. Ólafsson** — **Björn Z. Ásgrímsson**
**Pamela C. Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**DÓRA HANNA MAGNÚSDÓTTIR**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja sunnudaginn 30. júní. Útför hennar verður frá Landakirkju laugardaginn 6. júlí klukkan 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast Dóru Hönnu er bent á minningarkort Hraunbúða, dvalar- og hjúkrunarheimilis aldraðra í Vestmannaeyjum.

**Sigmundur Andrésson**
**Dóra Bergs Sigmundsdóttir** — **Sigmar Magnússon**
**Bergur M. Sigmundsson**
**Andrés Sigmundsson**
**Óskar Sigmundsson** — **Oddný Huginsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilega þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegs fósturföður okkar, tengdaföður, afa, langafa, bróður og vinar,

**SÆMUNDAR JÓNSSONAR**
**skipstjóra,**
**frá Baldurshaga,**
**Grindavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Víðihlíð í Grindavík fyrir einstaka umönnun og hlýlegt viðmót.

**Lilja Ósk Þórisdóttir** — **Jónatan Ingi Ásgeirsson**
**Hildur og Sæmundur Arnarbörn**
**Ingibjörg Karen Matthíasdóttir** — **Bryan Lynn Thomas**
**Lóa Henný Olsen**
**og fjölskyldur þeirra.**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGVALDI SIGURÐSSON**
**hárskeri,**
**(VALDI RAKARI)**
**Furulundi 55, Akureyri,**

lést 23. júní. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 4. júlí kl.13.30.

**Karolína Kristinsdóttir**
**Auður Sigvaldadóttir** — **Jón Karlsson**
**Bjarney Sigvaldadóttir** — **Gísli Kristinsson**
**Kristín Sigvaldadóttir** — **Sveinn Guðmundsson**
**Regína Sigvaldadóttir** — **Árni Birgisson**
**afa- og langafabörn.**



**KRISTÍN OG SIGRÚN** „Hver einasti norskur hreppsmiðill fjallaði um vesalings goshrjáðu börnin," segir Kristín.

# Stukku beint upp í tré

## Norðmenn buðu 1000 börnum heim eftir Heimaeyjargosið fyrir 40 árum. Sýning um þá sögu verður opnuð í Eyjum á föstudag.

„Það var ekki búið að finna upp áfallahjálpina eða neitt slíkt þegar gosið var en sjö til fjórtán ára börnum frá Vestmannaeyjum var boðið til Noregs í tvær vikur, af norska Rauða krossinum sumarið 1973. Það fóru um þúsund börn í nokkrum hópum og sú magnaða saga er inntak sýningar í Sagnaheimum," segir Kristín Jóhannsdóttir, menningarfulltrúi Vestmannaeyja, en á goslokahátíð um helgina verður þess minnst með margvíslegum hætti að fjörutíu ár eru liðin frá gosinu.

„Vestmannaeyingar fengu gríðarlega aðstoð alls staðar frá en engin þjóð gerði eins mikið fyrir okkur og Norðmenn. Ég var að skoða gögn sem sýna að þeir voru tilbúnir til að taka við öllum Vestmannaeyingum ef á hefði þurft að halda," segir Kristín sem átti hugmyndina að sýningunni en segir Sigrúnu Einarsdóttur, grafískan hönnuð, hafa lagt sál og metnað í hana. Þær voru báðar meðal þeirra barna sem fóru til Noregs. „Krakkarnir dvöldu ýmist í skólum, félagsheimilum, sumarbúðum eða á einkaheimilum í Noregi. Sjálf var ég svo heppin að vera hjá frábærri fjölskyldu, ásamt nokkrum vinum. Það var óskaplega kósý," rifjar Kristín upp. „Nú fer enginn gríslingur út í sjoppu öðruvísi en hringja í mömmu sína tvisvar á leiðinni. En þarna fóru krakkar frá sjö ára aldri upp í flugvél og voru sóttir á völlinn hálfum mánuði síðar og það var ekkert verið að hringja heim. Sumir voru auðvitað með heimþrá en kláruðu þetta og höfðu stuðning hver af öðrum."

Margir voru í sinni fyrstu utanlandsferð. „Einn var að rifja upp að þegar rútan stoppaði við Íslendingahúsið í Ósló stukku sumir krakkarnir beint upp í tré. Þau höfðu aldrei séð tré áður."

Norðmenn kosta sýninguna og Kristín segir þá koma sterka inn á goslokahátíðina. Hér mætir Julius Winger söngvari og líka frægur fréttamaður sem ætlar að láta okkur hafa til varðveislu fullt af sjónvarpsfréttum sem hann tók í gosinu."



†

Ástkær sonur minn og bróðir okkar,

**GESTUR GUÐJÓNSSON**

lést fimmtudaginn 27. júní 2013 á Landspítalanum í Fossvogi.
Jarðsett verður frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. júlí 2013 kl. 13.00.

**Ágústa Markúsdóttir**
**Markús Guðjónsson** — **Ósk Friðriksdóttir**
**Hrönn Guðjónsdóttir**
**Elísabet Ósk Pálmadóttir** — **Luc Geens**



†

Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa, sonar og tengdasonar,

**ÁRNA INGIMUNDARSONAR**
**Hátúni 10,**
**Keflavík.**

Sérstakar þakkir fyrir góða aðhlynningu til Sveins G. Einarssonar svæfingalæknis og til starfsfólks á Deild 11E Landspítala og starfsfólks á D-deild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

**Kristbjörg Magnúsdóttir**
**Ragna Kristín Árnadóttir** — **Jóhann Víðir Númason**
**Agnes Rut Árnadóttir**
**Pétur Loftur Árnason**
**Eygló Rún Árnadóttir**
**barnabörn.**
**Ragna Kristín Árnadóttir**
**Magnús Jónsson.**

## FUGLASKOÐUN Í HEIÐMÖRK



**Fuglavernd í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur verður með fuglaskoðun í Heiðmörk fimmtudagskvöldið 4. júlí. Lagt verður af stað stundvíslega klukkan 20 frá Elliðavatnsbænum og gengið meðfram vatninu og um nágrenni þess. Edward Rickson leiðir gönguna. Gott er að taka sjónauka með sér.**



# BRIMBRETTI Á BALÍ

**GAMALL DRAUMUR** *Gísli og Guðmundur hafa verið bestu vinir frá því í grunnskóla og lengi ætlað sér að fara í heimsreisu. Fyrr á árinu létu þeir drauminn rætast. Lærðu að meta lífsgæðin á Íslandi.*

Vinirnir Gísli Grímsson og Guðmundur Örn Magnússon héldu af stað í sex mánaða heimsreisu í lok janúar og komu heim í síðustu viku. „Við höfum verið að tala um þetta frá því í grunnskóla. Byrjuðum þó ekki að skipuleggja þetta af alvöru fyrr en í janúar í fyrra,“ segja strákarnir. Þeir voru svo heppnir að ferðaskrifstofan Kilroy var opnuð í fyrrasumar en þar fengu þeir hjálp við undirbúning sem sparaði þeim mikinn tíma við að skipuleggja og panta flug. „Það sem tók þá enga stund að skipuleggja og panta hefði tekið okkur nokkra mánuði, svo fengum við líka ódýrara flug þar sem við vorum með þeim,“ segir Gísli.

Heimsreisur eru heldur betur ekki ódýrar og höfðu strákarnir unnið á fullu til jóla og voru þá komnir með nægan pening fyrir reisunni.

Á leiðinni út hafði hvor þeirra stóran bakpoka og annan lítinn. Þeir voru þó fljótir að bæta á sig farangri. Þeir keyptu sér gítar í Kambódíu og brimbretti á Balí. Þetta þurftu þeir að burðast með það sem eftir var ferðarinnar. „Við vorum alltaf að bæta á okkur smáhlutum eins og bolum hér og þar og minjagripum. Við þurftum að fara að senda heim eitthvað af þessu dóti til þess að létta á farangrinum,“ segir Guðmundur.

Sex mánuðir eru langur tími á ferðalagi. Strákarnir voru þó fráleitt orðnir leiðir á hvor öðrum. „Við erum búnir að vera bestu vinir frá því í grunnskóla þannig að þetta var ekkert mál,“ segja þeir.

Á ferðalögunum eignuðust þeir marga vini frá öllum heimshornum en það erfiðasta við ferðina segja þeir að hafi tvímælalaust verið að kveðja þessa frábæru vini í hvert sinn.

Strákarnir segja að það verði allir að prófa að fara í svona ferð. „Við lærðum að meta hvað við höfum það gott hérna á Íslandi. Við erum líka með fullkomið jafnvægi milli fallegrar náttúru og frábærra lífsgæða. Þó svo að strendurnar á Fídjieyjum hafi verið guðdómlegar þá var ekkert rafmagn þar og gífurlega mikil fátækt,“ segja þeir. Í haust tekur þó raunveruleikinn við. Gísli ætlar sér í heilbrigðisverkfræði og Guðmundur í viðskiptafræði, báðir í Háskólanum í Reykjavík.

■ gunnhildur@365.is



**GAMLIR VINIR** Gísli og Guðmundur skelltu sér í sex mánaða heimsreisu og komu heim í síðustu viku. MYND/VALLI

ÚTSALA!
MARINA RINALDI
MaxMara
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



VILLERVALLA
Útsala útsala
miðnæturopnun
Opnum í dag kl: 13:00
30-50% afsláttur.
Barnafataverslunin Róló Glæsibæ.
Sími 8948060 • www.rolo.is • Facebook
RÓLÓ

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu
Okkar markmið: Að allir íslendingar heyri vel.



HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600
ReSound
"Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er"

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427



**FRÁBÆRT VERÐ** Lambaborgari bernaise með laukhringjum og frönskum kostar aðeins 1.390 kr. MYND/GVA

*Texasborgarar kynna*

# LAMBABORGARI MEÐ BERNAISE-SÓSU

Íslenskt lambakjöt hefur fengið heiðurssess á Texasborgurum við Grandagarð. „Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við úrbeinum og hökkum lambalæri og búum til hamborgara úr því án nokkurra aukaefna. Þetta er því eins hreint og heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér.“ Lambaborgararnir ásamt meðlæti kosta aðeins 1.390 kr. Þeir eru 140 grömm, bornir fram með djúpsteiktum laukhringjum, grænmeti og hamborgara- og kryddsósu. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaisesósa. Nánar á **texasborgarar.is** og á Facebook.




Útsalan er hafin
Flott föt fyrir flottar konur
st.38-58
Verslunin Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is






Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu
Póstdreifing
Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is


# NAUTNABELGIR Á SIGLUNESI

**FERÐIR** *Hreinn Hreinsson og Halldóra Gunnarsdóttir eru forfallnir matgæðingar. Þau opnuðu veitingastaðinn Nautnabelg á Siglufirði í júní.*

Við höfum mikinn áhuga á mat, eldum mikið og höldum matarboð þar sem okkur hefur gjarnan verið hrósað fyrir matseldina. Við höfðum lengi velt fyrir okkur hvað við gætum gert við þessa hæfileika okkar,“ útskýrir Hreinn Hreinsson þegar hann er spurður af hverju tvær skrifstofublækur úr Reykjavík hafi opnað veitingastað á Siglufirði. Hreinn er vefritstjóri hjá Reykjavíkurborg og Halldóra Gunnarsdóttir er sérfræðingur hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar en í sumar reka þau veitingastaðinn Nautnabelg í Siglunesi.

„Við tókum okkur launalaust leyfi og skelltum okkur í þetta. Afi minn er frá Siglufirði og bjó á Siglunesi eins og pabbi hans og afi. Við Halldóra vorum í veiðiferð síðasta sumar og hittum þá eigendur gistiheimilisins sem rekið er á Siglunesi og eftir að hafa eldað fyrir þá varð til hugmyndin að samstarfi,“ segir Hreinn.

Páskarnir voru nýttir til að prufukeyra hugmyndina og var Nautnabelgur opnaður formlega 14. júní. „Aðsóknin hefur verið vonum framar. Það er stanslaust rennerí og oft uppselt.“

Hreinn segir marokkóska og tyrkneska matargerð svífa yfir vötnum en þau blandi henni saman við íslenska matargerð. Yfirleitt sé frekar hollur matur á boðstólnum og Nautnabelgur sé ekki staðurinn til að panta sér venjulegan hamborgara og franskar með tómatsósu. „Nei, alls ekki. Ég útiloka þó ekki að ég búi til „gourmet“-borgara einhvern daginn,“ segir Hreinn hlæjandi. „Matseðillinn breytist hjá okkur dag frá degi og það eina sem við lofum er að það er alltaf eitthvað gott í matinn. Við vöndum okkur við val á hráefni og bjóðum til dæmis upp á ferska rækju, beint úr sjónum,“ segir Hreinn og virðist orðsporið af kræsingunum á Nautnabelg berast hratt um.

„Það kom til dæmis fólk hingað í eldhúsið rétt fyrir miðnætti á laugardagskvöldið var og það okkur um að elda mat sem það gæti tekið með sér í einkaflugvélina sína morguninn eftir – á leið til Bandaríkjanna. Við drifum okkur bara í að elda flugvélamat fyrir sjö manns þá um nóttina og elduðum bleikju frá Hólum. Þau höfðu ekki borðað hjá okkur áður, bara heyrt af matnum okkar.“

Matseðill dagsins er birtur á Facebook-síðu Nautnabelgs.

■ heida@365.is



**HRÁEFNI ÚR SVEITINNI** Heimabakað brauð með reyktum silungi frá Hlíð í Ólafsfirði, borið fram með sýrðum rjóma með wasabi og hunangi er meðal þess sem Halldóra og Hreinn hrista fram úr erminni. Matseðillinn breytist dag frá degi en er birtur samdægurs á Facebooksíðu Nautnabelgs.



**SPENNANDI RÉTTIR** Á Nautnabelg er ólíklegt að finna venjulegan hamborgara með frönskum og tómatsósu. Búlgúr með spínati, harissa-tómötum, myntu, labneh og lauk sem er brúnaður í púðursykri og kanil. MYND/ MAGNÚS A. SVEINSSON

# FÆRRI ÚTLENDINGAR Á HRÓARSKELDUHÁTÍÐINNI

*Hróarskelduhátíðin stendur nú sem hæst en hún er stærsta tónlistarhátíð á Norðurlöndum. Hátíðin hófst 29. júní og stendur fram til sunnudagsins 7. júlí.*

Um 80 þúsund gestir hafa notið lífsins í góðu veðri á Hróarskeldu og er því spáð áfram. Nokkuð hefur borið á þjófnaði og stöðvaði lögreglan í Hróarskeldu póstsendingu til Spánar þar sem voru sautján snjallsímar og sex iPadar. Öll tækin voru í eigu gesta á Hróarskeldu.

Tónleikarnir hafa gengið vel. Alls voru 195 hljómsveitir skráðar til leiks þessa viku og koma fram á átta sviðum. Á föstudagskvöldið verður stórstjarnan Rihanna á sviðinu en margir bíða líklegast spenntir eftir að sjá hana. Á undan henni má sjá okkar frægu Of Monsters and Men á Arena-sviðinu. Á laugardagskvöldið er það Sigur Rós sem tryllir liðið en fyrr um daginn kemur Ásgeir Trausti fram á einu sviðinu en Kris Kristofferson á öðru á sama tíma. Kris er líklegast með eldri tónlistarmönnum á hátíðinni ef ekki elstur. John Grant kemur síðan fram á lokadeginum. Þá eiga gestir eftir að sjá Metallica, Kraftwerk og Volbeat meðal fjölmargra annarra. Víst er að allir fá eitthvað við sitt hæfi á hátíðinni. Íslendingar hafa verið duglegir að sækja þessa hátíð en svo er einnig um ungmenni frá öðrum þjóðum. Talið er að um 15% gesta séu frá öðrum löndum en Danmörku nú, en það er umtalsverð fækkun frá fyrri árum. Talið er að fyrir tíu árum hafi útlendingar verið helmingur gesta. Sú fækkun er áhyggjuefni tónleikahaldara sem hafa bætt alla aðstöðu á svæðinu.



**STÓRT NÚMER** Hljómsveitin Of Monsters and Men kemur fram á Hróarskelduhátíðinni auk annarra íslenskra listamanna.

TVÆR GIRNILEGAR UPPSKRIFTIR FYRIR SUMARIÐ

MIÐVIKUDAGUR 3. JÚLÍ 2013
7. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2

# how i met your mother



**NEW GIRL**
Zooey Deschanel leikur hina viðkunnanlegu nýju stelpu



**RIZZOLI & ISLES**
Ólíkar vinkonur leysa sakamál á sunnudagskvöldum



**FORMÚLA 1**
Tekst Vettel loks að sigra á heimavelli?



# VINIRNIR SNÚA AFTUR Á STÖÐ 2

Gamanþátturinn How I Met Your Mother hefur göngu sína á ný á þriðjudag

krakkar GULL BÍÓ POPP TÍVÍ SPORT SPORT 2

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD

## ÓMISSANDI Í VIKUNNI



**DALLAS**
**Kl. 21.05 Miðvikudag**



**BREAKING BAD**
**Kl. 21.15 Fimmtudag**



**BESTA SVARIÐ**
**Kl. 20.10 Föstudag**



**THE NEIGHBORS**
**Kl.19.15 Laugardag**



**PÖNK Í REYKJAVÍK**
**Kl. 19.25 Sunnudag**




**NASHVILLE**
**Kl. 20.50 Mánudag**



**MIKE & MOLLY**
**Kl. 20.25 Þriðjudag**

Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2

# OZ-APPIÐ KEMUR VÍÐA VIÐ SÖGU

Það vakti mikla athygli fyrr í sumar þegar sást til Sigurðar Sveins Þórðarsonar, liðsstjóra Stjörnunnar, halda á iPad-spjaldtölvu þar sem hann sat á bekknum í leik við FH.

Sigurður var ásamt öðrum liðsmönnum Stjörnunnar að fylgjast með sama leik í beinni útsendingu Stöðvar 2 Sports í gegnum OZ-appið. Nýja OZ-appið gerir notendum kleift að fylgjast með beinum sjónvarpsútsendingum auk þess sem hægt er að spóla til baka allt að klukkustund.

Stjörnumenn náðu að nýta sér OZ-appið og iPad í tveimur beinum útsendingum en nú er búið að skera úr um að slíkt er með öllu óheimilt.

Sigurður segir að þjálfarateymið hafi nýtt sér þessa nýju tækni til að skoða leikaðferðir og hvað þeir væru að gera vitlaust í leikjum. „Nýja OZ-appið er frábær lausn fyrir þjálfarateymi til að nýta á meðan leikur stendur yfir. Það er þó auðvitað háð því að viðkomandi leikur sé í beinni útsendingu. Við vissum ekki að notkun iPad væri bönnuð en vissum þó að notkun tækisins var á gráu svæði.“

Sjálfur var Sigurður í tilraunahópi fyrir OZ-appið og því búinn að nota það lengur en margir aðrir. „Ég sá strax möguleikann í að nýta þessa nýju tækni fyrir fótboltann, það lá svolítið í augum uppi að appið gæti virkað vel við slíkar aðstæður.“

Sem dæmi nefnir hann að þjálfarateymið hafi skoðað mark sem liðið fékk á sig úr föstu leikatriði. „Þá náðum við að skoða hvað hafði klikkað og hvar leikmenn hefðu brugðist. Þannig gátum við leiðbeint þeim í hálfleik.“

Stjörnumenn verða þó að nýta aðra möguleika í næstum leikjum enda búið að banna notkun spjaldtölva eins og fyrr segir. „Við megum í raun ekki vera í samskiptum við neinn utan varamannabekksins. Strangt til tekið er bannað að vera með síma á bekknum.



Sigurður Sveinn Þórðarson, liðsstjóri knattspyrnuliðs Stjörnunnar, fylgist með leik Stjörnunnar og FH gegnum OZ-appið. Nú er bannað að nota iPad á varamannabekknum. MYND/VALLI



### Bylting fyrir íþróttafréttamenn

Nýja OZ-appið er líka mikil bylting fyrir íþróttafréttamenn, sérstaklega þá sem koma að beinum útsendingum. Valtýr Björn Valtýsson, íþróttafréttamaður hjá 365, segist nota það mikið, bæði í beinum útsendingum og einnig til að safna efni fyrir sjálfan sig. „Mér finnst OZ-appið vera stórkostleg nýjung og slíkum nýjungum tek ég fagnandi enda nota ég appið mjög mikið. Þegar ég er að lýsa fótboltaleikjum nýti ég hálfleikinn til að spóla til baka og skoða umdeild atvik, mörk og ýmislegt annað. Ég geri það sama eftir leikinn – spóla til baka og skoða betur ýmis atvik úr leiknum. Þetta er mikil breyting fyrir starfsstétt okkar og gerir starfið mun áhugaverðara og tíminn nýtist betur.“

Þar sem stutt er síðan OZ-appið kom á markað hefur Valtýr helst nýtt það í beinum útsendingum frá íslenskum fótboltaleikjum. Næsta vetur eykst úrvalið enn meir þegar útsendingar hefjast frá þýska handboltanum og Meistaradeildin í fótbolta fer fram. „Svo hef ég tekið upp úrslitakeppnina í NBA-körfuboltanum þegar ég nenni ekki



Valtýr Björn Valtýsson, íþróttafréttamaður hjá 365. MYND/STEFÁN

að vaka enda fara leikirnir yfirleitt fram um nætur. Þá tekur maður ferskan leik í morgunsárið yfir kaffibollanum.“

Valtýr nýtir OZ-appið einnig til að safna uppáhaldsþáttunum sínum, taka upp kvikmyndir og ýmsa íþróttaviðburði. „Nú þarf maður ekki að pæla mikið í hlutunum og ég horfi bara á efnið þegar mér hentar. Fyrir sjónvarpsáhorfendur er þetta stórkostleg framför.“

## UPPÁHALDSÞÁTTURINN

### Gaman að þáttum sem þarf að pæla í

**SUITS**
**Kl. 21.35 mánudag**



**Pétur Geir Magnússon**, nemandi í Verzlunarskóla Reykjavíkur, hefur gaman af góðum sjónvarpsþáttum. Hans uppáhaldsþættir eru Big Bang Theory, Suits og White Collar. „Ég elska þætti þar sem að ég þarf virkilega að pæla í því hvað er í gangi. White Collar fjallar um fyrrverandi glæpamann sem þekkir öll brögðin og nýtir sér það til þess að hjálpa lögreglunni. Suits eru lögfræðiþættir sem þarf virkilega að pæla í,“ segir Pétur. Honum finnst einnig gaman að horfa á heilalausa þætti inn á milli eins og Big Bang Theory.

Pétur Geir hefur mikinn áhuga á leiklist og upptökum, sjón hefur leikið í fjölda leikrita og var formaður skemmtiþáttarins Rjóminn í Verzlunarskólanum. Hann er nýbúinn að taka við sem formaður nemendamótsnefndar í Verzló og er undirbúningur fyrir næsta söngleik í fullum gangi.



# SÉRVISKULEG **OG TÓNELSK**



Zooey Deschanel leikur hina viðkunnanlegu og glaðværu Jess í þáttunum New Girl sem sýndir eru á Stöð 2. Leikkonan á glæsilegan feril að baki bæði sem leikkona og tónlistarkona.

**NEW GIRL**
**KL. 20.40**
**á miðvikudögum**

Zooey Deschanel (33) er aðalleikkona föst í aukahlutverkum. Þessi heillandi leikkona hefur fyrst og fremst leikið aukahlutverk í þeim fjölmörgu kvikmyndum sem hún hefur komið að. Hins vegar fer henni aðalhlutverkið vel eins og sýnir sig í hinum stórskemmtilegu þáttum New Girl.

Fyrsta kvikmyndahlutverkið fékk hún árið 1999 í myndinni Mumford en hún vakti fyrst verulega athygli í kvikmynd Camerons Crow, Almost Famous, árið 2000. Deschanel leikur yfirleitt svipaðar týpur; sérvitringslegar, hálfóðar draumadísir. Slík hlutverk lék hún til að mynda í The Good Girl (2002), Elf (2003), The Hitchhiker‘s Guide to the Galaxy (2005), Failure to Launch (2006), Bridge to Terabithia (2007), The Happening (2008), Yes Man (2008), og (500) Days of Summer (2009).

Flestir þekkja Deschanel sem leikkonu en færri vita að hún er einnig tónlistarkona. Hún syngur og spilar á píanó, ásláttarhljóðfæri, banjó og úkúlele. Hún og M. Ward mynda dúettinn She & Him og hafa þau gefið út þrjá diska. Þá syngur hún oft í þeim kvikmyndum sem hún leikur í.

Deschanel er komin af listafólki. Faðir hennar er Caleb Deschanel, kvikmyndatökumaður og leikstjóri, sem hefur verið tilnefndur til Óskarsverðlauna en móðir hennar er leikkonan Mary Jo Deschanel. Stóra systir Zooey er leikkonan Emily, aðalleikkonan í sjónvarpsþáttunum Bones, sem einnig eru sýndir á Stöð 2.

Zooey heitir eftir aðalsöguhetjunni í bók J. D. Salinger, Franny and Zooey, frá árinu 1961. Æska leikkonunnar einkenndist af miklum ferðalögum vegna vinnu föður hennar. Heimili fjölskyldunnar var í Los Angeles og Zooey gekk í einkaskólann Crossroads þar sem hún kynntist til að mynda stórstjörnunum Jake Gyllenhaal og Kate Hudson.



Raðmorðingi gengur laus í Seattle og þegar ein úr hópnum hverfur sporlaust verða götukrakkarnir að standa saman. Kallie Leeds, Twitch, Lyric og Bullet.

# **VALDI HLUTSKIPTI** GÖTUSTELPUNNAR

**THE KILLING**
**KL. 21.20**
**sunnudagar**

Bullet er sjálfskipaður leiðtogi götukrakkanna í þáttunum The Killing. Hún er 15 ára harðjaxl sem finnst hún verða að vernda félaga sína. Kallie er 15 ára og er ekki eins hörð og hún lítur út fyrir að vera. Þegar hún hverfur óttast Bullet það versta.

Twitch á sér þann draum heitastan að verða fyrirsæta og leikari í Hollywood. Hann lendir reglulega í kasti við lögin en kemst langt á persónutöfrunum.

Lyric er 15 ára og selur líkama sinn á götunni. Lyric á hug og hjarta Bullet en er hins vegar yfir sig ástfangin af Twitch.

Leikkonan Bex Taylor-Klaus fer með hlutverk Bullet. Hún segir það hafa verið bestu stund lífs síns þegar hún fékk hlutverkið og að Bullet og hún sjálf séu ekki svo ólíkar. „Ég skildi hana strax um leið og ég las handritið. Bullet er klár og töff stelpa sem féll hvergi í hópinn fyrr en á götunni. Hún „lenti“ ekki á götunni heldur valdi það hlutskipti sjálf, þar á hún heima og þar er hennar þörf. Hún hefur upplifað ýmislegt og lítur svo á að ef hún hjálpi ekki stelpunum á götunni, geri það enginn. Þess vegna er hún sjálfskipaður leiðtogi þeirra.“

Bullet er fyrsta stóra hlutverk hinnar átján ára Bex Taylor-Klaus en hún ákvað að verða leikkona þegar hún var tveggja ára og sá Galdrakarlinn í Oz í fyrsta sinn. „Ég breyttist í Dóróteu, gekk í búningnum og fór í gegnum þrjú númer af rauðum skóm. Ég gerði fjölskyldu mína brjálaða.“

# RAGNHILDUR STEINUNN VELUR **BESTA SVARIÐ**

Gestur Sveppa í Besta svarinu næstkomandi föstudag verður Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir. Henni til halds og trausts verða vinkonur hennar Eva María Jónsdóttir, Ebba Guðný Guðmundsdóttir og Bryndís Jóna Magnúsdóttir.

Ragnhildur Steinunn þarf, sem kunnugt er, að velja bestu svörin við spurningum á borð við: Hver væri draumakærastan hennar, hverju hún myndi stela úr Bónus og hvaða pikkupplínu myndi hún helst falla fyrir.

Sjáðu sprenghlægileg svör við þessum spurningum og fleiri í bráðskemmtilegum þætti af Besta svarinu á föstudaginn kemur á Stöð 2.



Ragnhildur Steinunn skemmti sér vel.



Við tökur á Besta svarinu. Ragnhildur og Sveppi með góðum vinkonum.



# SAMSKIPTI RÉTTAR-LÆKNIS OG RANN-SÓKNARLÖGREGLU

**RIZZOLI & ISLES**
**kl. 20.35 sunnudaga**



Þættirnir Rizzoli & Isles hafa notið mikilla vinsælda í bandarísku sjónvarpi, en þriðja þáttaröðin er nú sýnd á sunnudagskvöldum á Stöð 2. Þættirnir segja frá rannsóknarlögreglukonunni Jane Rizzoli og réttarlækninum Mauru Isles sem leysa glæpi Boston-mafíunnar saman.

Vinkonurnar eru afar ólíkar. Jane er eini kvenleynilögreglumaðurinn í morðdeild Boston og er hörð í horn að taka og mikill töffari. Mauru líður hins vegar betur meðal látinna en þeirra sem lifandi eru og hefur mikið jafnaðargeð.

Þættirnir hafa ekki síst vakið athygli innan hinsegin samfélagsins, því tvíræðni er áberandi í samskiptum þeirra vinkvenna og áhorfendur telja margir ástina liggja í loftinu.

Spennan er því ríkjandi í þáttunum, bæði á milli Rizzoli & Isles og svo í málunum sem þær kljást við.

Angie Harmon, sem leikur Rizzoli, er mörgum kunn úr þáttunum um baðverðina (Baywatch) sem lengi skemmtu landanum. Þar bjargaði hún mannslífum á árunum 1995-1997. Hún sneri sér svo að þykjustulögreglustörfum og barðist lengi fyrir réttlætinu í Law & Order.

Sasha Alexander, sem hét upphaflega Suzana Drobnjakovic, leikur Mauru Isles. Hún hefur einnig komið víða við. Hún lék í til dæmis stóru systur Pacey í hinum vinsælu Dawson's Creek. Hún hefur leikið í kvikmyndum á borð við Yes Man (2008) AC og He's Just Not That Into You (2009). Þá fékkst hún við glæpamál í fyrstu tveimur þáttaröðum NCIS.

# SVONA K
# ÉG MÖM

Ný þáttaröð af hinum vinsælu sjó
Mother hefst á Stöð 2 næsta þrið

**HOW I MET YOUR MOTHER**
**kl 20.45 þriðjudaga**

Nýja þáttaröðin er sú áttunda í röðinni en tilkynnt hefur verið að sú níunda verði sýnd í Bandaríkjunum í haust og vetur 2013-2014.

How I Met Your Mother á aðdáendur um allan heim en þátturinn hefur unnið til fjölda viðurkenninga, þar á meðal fengið sex Emmy-verðlaun.

Þættirnir gerast á Manhattan og fjalla um vinina Ted Mosby (Josh Radnor), Marshall Eriksen (Jason Segel), Robin Scherbatsky (Cobie Smuelders), Lily Aldrin (Alyson Hannigan) og Barney Stinson (Neil Patrick Harris). Hugmyndina að þáttunum eiga Craig Thomas og Carter Bays en þeir eru að nokkru leyti byggðir á minningum þeirra.

How I Met Your Mother fór fyrst í loftið hjá CBS-sjónvarpsstöðinni í september 2005 og hlaut strax



**Ted Mosby**
Leikinn af Josh Radnor
Hann er 39 ára leikari, leikstjóri og handritshöfundur. Radnor er fæddur og uppalinn í Ohio í strangri gyðingatrú. Hann nam leiklist og hóf feril sinn árið 2001, fyrst í myndinni Not Another Teen Movie. Þá hefur hann leikið í nokkrum þekktum sjónvarpsþáttum eins og Law & Order, Six Feet Under, Judging Amy og Family Guy svo einhverjir séu nefndir.

**Robin Scherbatsky**
Leikin af Cobie Smulders
Hún er 31 árs leikkona og fyrrverandi fyrirsæta. Hún heitir fullu nafni Jacoba Francisca Maria „Cobie“ Smulders. Cobie fæddist í Vancouver, faðir hennar er hollenskur og móðirin ensk. Hún er gift bandaríska leikaranum Taran Killam og þau eiga eina dóttur. Eins og aðrir leikarar í How I Met Your Mother hefur Cobie komið víða við í kvikmyndaheiminum en hlutverk Robin er þó hennar þekktasta.

# KYNNTIST MU ÞINNI

nvarpsþáttum How I Met Your
þjudagskvöld.

góðar viðtökur. Sögð er saga Teds sem segir börnum sínum árið 2030 hvernig hann kynntist móður þeirra. Ted viðurkennir að hann fari nokkuð frjálslega með staðreyndir, enda langt síðan hann upplifði þessa hluti. Vinirnir koma gjarnan saman á barnum MacLaren's en hann er gerður eftir bar í New York sem nefnist McGee's. Ted er einhleypur arkitekt þegar sagan hefst og býr með tveimur bestu vinum sínum úr háskóla, þeim Marshall, sem er að læra lögfræði, og Lily, sem er leikskólakennari. Þau hafa verið par lengi og farin að huga að giftingu. Það verður til þess að Ted fer sjálfur að velta fyrir sér makaleit. Annar góður vinur þeirra, kvennagullið Barney, er hins vegar mótfallinn öllu slíku. Ted kynnist hins vegar Robin og verður ástfanginn. Hún er þó ekki tilbúin í fast samband.



**Marshall Eriksen**

Leikinn af Jason Segel

Hann er 33 ára leikari, handritshöfundur, lagahöfundur og tónlistarmaður. Segel er fæddur og uppalinn í Los Angeles. Hann hefur leikið í fjölmörgum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Segel var í sambandi með leikkonunni Michelle Williams en þau hættu saman í febrúar á þessu ári.

**Lily Aldrin**

Leikin af Alyson Hannigan

Hún er 39 ára leikkona. fædd í Washington, D.C., en ólst upp hjá móður sinni í Atlanta eftir skilnað foreldranna þegar hún var tveggja ára. Alyson var aðeins fjögurra ára þegar hún byrjaði að leika í auglýsingum. Hún flutti síðan með móður sinni til Hollywood þegar hún var ellefu ára og byrjaði fljótlega að leika í kvikmyndum og á leiksviði. Alyson er gift leikaranum Alexis Denisof og þau eiga tvær dætur sem eru fæddar 2009 og 2012.

**Barney Stinson**

Leikinn af Neil Patrick Harris

Harris varð fertugur í síðasta mánuði en hann er fæddur í Nýju-Mexíkó. Hann hefur skapað sér farsælan feril sem leikari auk þess sem hann syngur, leikstýrir og framleiðir efni. Þá þykir hann snjall töframaður. Harris er trúlofaður David Burtka, leikara og matreiðslumanni, og eiga þeir tvíbura sem staðgöngumóðir gekk með. Tvíburarnir fæddust í október 2010.



Skyr-parfait með hunangsristuðu granóla og hrærðum bláberjum frá bóndanum í Árdal en lokaþátturinn er á dagskrá í kvöld klukkan 20.

# SUMARLEGAR UPPSKRIFTIR

## Hið blómlega bú og Grillað með Jóa Fel renna sitt skeið á enda í vikunni. Árni og Jói gefa lesendum uppskriftir úr lokaþáttunum.

**2 HIÐ BLÓMLEGA BÚ- LOKAÞÁTTUR**
**Kl. 20.00 miðvikudag**

Skyr-parfait frá hinu Blómlega búi með hrærðum bláberjum og hunangsristuðu granóla

**Fyrir 4-6**

**Innihald**

**Parfait**

**400 g óhrært skyr**
**200 ml mjólk**
**500 g hrærð bláber**

### Hrærð bláber

**(Gerir 500 grömm)**
**300 g bláber**
**200 g sykur**

### Granóla

**(Gerir um 1 kíló)**
**400 g tröllahafrar**
**400 g blandaðar hnetur og möndlur, grófhakkaðar eða heilar**
**100 g sólblómafræ**
**100 g sesamfræ**
**100 g ljós púðursykur**
**1 tsk. salt**
**100 g hunang**
**100 g sólblómaolía**

### Leiðbeiningar

**Hrærð bláber**

Blandið saman bláberjum og sykri. Látið standa í tvo tíma og hrærið varlega í þeim af og til þar til sykurinn er allur uppleystur. Ef geyma á berin til lengri tíma er best að frysta þau.

**Granóla**

**1.** Hitið ofninn í 150°C.
**2.** Blandið saman höfrum, hnetum, möndlum, sólblómafræjum, sesamfræjum, ljósum púðursykri og salti í stórri skál. Hitið hunang og sólblómaolíu í litlum potti yfir vægum hita í 5 mínútur. Hellið hunangsblöndunni yfir hafrablönduna og hrærið vel saman.
**3.** Setjið granólað í ofnskúffu og dreifið jafnt úr því. Bakið í 45 mínútur og hrærið í því á 15 mínútna fresti. Látið granólað kólna alveg og geymið í loftþéttu íláti í allt að mánuð.

**Parfait**

Hrærið skyrið út með mjólk þar til það er silkimjúkt.

Setjið tvær matskeiðar af hrærðum bláberjum í botninn á fallegu glasi, þá þrjár matskeiðar af skyri og síðan tvær matskeiðar af granóla. Haldið svona áfram til skiptis þar til glasið er fullt. Stráið örlitlu granóla á toppinn.

### Parmesanborgari að hætti Jóa Fel:

**800 g nautahakk**
**1 lítill hvítur laukur**
**3 hvítlauksrif**
**1 egg**
**50 g brauðrasp**
**100 g parmesanostur, rifinn**
**1 msk. dijon–sinnep**
**½ tsk. chili–flögur**
**1 tsk. kummin**
**salt og pipar**

Saxið laukinn og hvítlaukinn smátt. Blandið svo öllu saman sem fer í hamborgarann og mótið sex hamborgara í höndunum. Látið standa í kæli í 30 mín. áður en þeir eru grillaðir.

Grillið við háan hita í 2–3 mín. á hvorri hlið. Setjið ostinn yfir þegar um ein mínúta er eftir af steikingartímanum.

**hamborgarabrauð**
**salat**
**tómatar í sneiðum**
**agúrka í sneiðum**
**hvítur laukur í sneiðum**

Með þessum hamborgara er gott að hafa annaðhvort BBQ-sósu eða bernaise-sósu og grillaðar kartöflur.



Parmesanborgari að hætti Jóa Fel en lokaþáttur grillmeistarans er á dagskrá annað kvöld klukkan 20.

# MYNDIR HELGARINNAR



**JUST GO WITH IT**
**Kl. 20.25 laugardag**

Adam Sandler og Jennifer Aniston í gamanmynd um vini sem þykjast vera hjón.

**THE KILLER INSIDE ME**
**Kl. 22.35 föstudag**

Spilltur lögregluforingi er ekki allur þar sem hann er séður. Mögnuð mynd með Casey Affleck, Kate Hudson og Jessica Alba í aðalhlutverkum.




## 10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ **TOPPMYNDIR**
**Kl. 22.00 alla daga**




Laugardagur
**Off the Black**




Áhrifamikil mynd um gamlan áfengissjúkling (Nick Nolte) sem reynir að fá sér yngri mann til að mæta með sér á skólaendurfundi, og þykjast vera sonur hans.

Miðvikudagur
**Pirates Of The Caribbean: On Stranger Tides**
Jack Sparrow er mættur á ný og nú í æsispennandi leit að elífri æsku.

Sunnudagur
**Contraband**




Endurgerð íslensku myndarinnar Reykjavík Rotterdam með Mark Wahlberg í aðalhlutverki.

Fimmtudagur
**The Change-up**




Frábær gamanmynd með Ryan Reynolds og Jason Bateman í aðalhlutverkum.

Mánudagur
**Sideways**




Margrómuð verðlaunamynd sem fjallar um vínelskandi einmana sálir í leit að hamingjunni, hinni einu sönnu ást og hinu eina sanna rauðvíni.



Föstudagur
**Hemingway & Gellhorn**
Söguleg stórmynd með Clive Owen og Nicole Kidman í aðalhlutverkum.

Þriðjudagur
**The Matrix**



Árum saman hefur fólk lifað í blekkingu en nú ætlar tölvuþrjóturinn Neo að afhjúpa leyndarmálið.

**Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2**



300 fyrstu miðarnir á aðeins **11.900 kr.**

Eftir það kostar miðinn **12.900 kr.** þar til verður uppselt.

**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á DALURINN.IS!**

VILD **Tilboð gildir til 10. júlí.**

# KOMDU Á ÞJÓÐHÁTÍÐ Í EYJUM

Nú býðst áskrifendum í Stöð 2 Vild að upplifa sunnudaginn á Þjóðhátíð í Eyjum á sérstökum Vildarkjörum!

Þar bíður þín frábær dagskrá: Bubbi, Eyþór Ingi, Skálmöld, Páll Óskar, Buff, Brekkusöngur, stórkostleg blys- og flugeldasýning og allt það sem Þjóðhátíð hefur upp á að bjóða.

Innifalið í tilboðinu er ferð með Herjólfi til og frá Eyjum á sunnudeginum ásamt miða í dalinn.

**Athugið:** til að nýta tilboð þarf að skrá kennitölu áskrifanda sem greiðanda í kaupferlinu




# TEKST VETTEL AÐ SIGRA Á HEIMAVELLI?

Stöð 2 Sport verður með beinar útsendingar frá Formúlu 1 kappakstrinum um helgina.

SPORT **FORMÚLAN Í ÞÝSKALANDI**
**kl. 11.30 sunnudag**

Það er skammt stórra högga í milli í Formúlu 1 kappakstrinum. Um sl. helgi kepptu ökuþórarnir á hinni sögufrægu Silverstone-braut í Bretlandi þar sem Nico Rosberg fagnaði sigri fyrir Mercedes en Mark Webber varð í öðru sæti. Um næstu helgi verða kapparnir komnir til Nürburg í Þýskalandi þar sem níunda Formúlu 1-keppni ársins fer fram.

Þjóðverjinn Sebastian Vettel hefur örugga forustu á toppi stigalista ökumanna en Fernando Alonso náði að saxa á forskotið um sl. helgi. Vettel hefur verið yfirburðamaður í Formúlunni undanfarin ár og fagnað sigri í keppni ökumanna sl. þrjú ár en hann hefur aldrei náð að fagna sigri í heimalandi sínu.

Síðasti Þjóðverjinn sem sigraði í þýska kappakstrinum var Michael Schumacher árið 2006. Það var fjórði sigur hans í föðurlandinu en fyrir utan hann hefur aðeins einn Þjóðverji sigrað á heimavelli og það var bróðir hans, Ralf Schumacher, árið 2001.

Stöð 2 Sport verður með beinar útsendingar frá æfingum ökumanna á föstudags- og laugardagsmorgun. Tímatakan hefst síðan á hádegi á laugardag og kappaksturinn sjálfur klukkan 11.30 á sunnudag.

# Ný MacBook Air

komin í verslanir **epli.is**



## MacBook Air 11"

Aðeins 1,08 kg

Verð frá: **189.990.-**



Allt að

12 klst

Rafhlöðuending

## MacBook Air 13"

Aðeins 1,35 kg

Verð frá: **219.990.-**




### Hraðari flash diskur

MacBook Air býr yfir ótrúlegri flash-tækni, og nýjasta kynslóðin er nú allt að 45% hraðvirkari.

intel inside CORE i5

intel inside CORE i7

### Nýjasta kynslóð Intel örgjörva

Ofurhröð tækni með öflugri grafík.



### Ný þráðlaus tækni

Glæný þráðlaus tækni, kölluð 802.11ac, sem er allt að 3x hraðvirkari en fyrri kynslóð.

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍIÐ



NEX-M7000NC

## nextbook

## LEIKJASPJALDTÖLVUR

7" Trendy og 8" Premium spjaldtölvurnar eru nettar, sterkbyggðar og í fullkominni stærð fyrir börnin í leikina. Hægt að nálgast þúsundir ókeypis og ódýrra leikja með Google Play. Nýjasta Android 4.1 Jelly Bean stýrikerfið.

7" TRENDY **19.990**

8" PREMIUM **22.990**

## 9,7" NEXTBOOK

nextbook



NEX-M1005NT

Frábær kaup. Öflug spjaldtölva með 1GB vinnsluminni, myndavél að framan og aftan, HDMI tengi og Bluetooth. Góður kostur fyrir þá sem vilja stærri skjá.

**34.990**

## HÖGGÞOLNARI BARNATÖLVUR

Lenco



7" CoolTab með sílikon hlíf til að minnka líkur á að spjaldtölvan verði fyrir hnjaski. Til í bláum eða bleikum lit.

LENCO COOLTAB-70 BL

**19.990**

## 7" ASUS Á 39.990 !

ASUS



Einstakt verð fyrir 7" hágæða spjaldtölvu með 10 punkta snertiskjá og nýjasta Android 4.1 Jelly Bean. 1024x600 upplausn og allt að 7 tíma rafhlöðuending. Aðeins 358 grömm.

ASU-ME172V1B077A

**39.990**

## TEGRA 3 QUAD CORE

nexus 7



Eins meðfærileg og spjaldtölvur gerast. Hraðvirk með Tegra 3 Quad Core örgjörva og Tegra 3 skjákorti. Kristaltær IPS+ skjár. Nýjasta Android stýrikerfið - Jelly Bean. 32GB minni og allt að 10 tíma rafhlöðuending.

ASUS NEXUS7C-1B018A

**54.990**

69.990 MEÐ 3G


| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |


TRI
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
ÞÝSK
GÆÐI
Á GÓÐU
VERÐI
29" VERÐ FRÁ KR. 94.990
26" VERÐ FRÁ KR. 89.990
CURVE PRO FRÁ KR. 159.990
RACER FRÁ KR. 189.990
CYCLOCROSS FRÁ KR. 259.990
HYDE FRÁ KR. 129.990
CUBE / ZOOT / CRAFT / BROOKS / COMPRESSORT / LOUIS GARNEAU / GIRO / BELL / NIKE
CUBE
TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111
www.tri.is
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



MMC Outlander Comfort 5/2007 ek.71þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.890.000.- Rnr.104069



Suzuki Ignis GL 4WD 11/2004 ek.73þús. Beinskiptur. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 890.000.- Rnr.285940

Skráðu bílinn frítt hjá okkur



Toyota Land Cruiser 150 GX 10/2011 ek.48þús. 7 Manna. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Skoðar skipti á ódýrari. Búinn í 45þús km skoðun. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 9.590.000.- Rnr.285822



M.Benz Vaneo Diesel 4/2004 ek.175þús. 7 Manna. Dísel. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 1.290.000.- Rnr.285395

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Bílalíf



**100 % LÁN MÖGULEGT**

HONDA CB 900 F.Árgerð 2007,ekinn aðeins 9.þ km,6 gírar,er á staðnum. Verð 990.000.Rnr.103546.S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 & lau 12-16.**
**www.bilalif.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sorento ex classic 197 hö. Árgerð 2011, ekinn 50 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.990371. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ A 150. Árgerð 2005, ekinn 120 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.140611. Verð nú kr: 1.490.000,- Mjög flott eintak.



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2012, ekinn 11 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.760.000. Rnr.140596.



KIA Sorento. Árgerð 2008, ekinn 119 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.990487.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Holiday Camp Ægir, 2006. Lítið notaður og vel með farinn tjaldvagn. Geymslukassi. V. 590 þús. Á staðnum. Rnr. 121274



Til Sölu NIEWIADOW, N126NTL, 2006. Hjólagrind og nýtt fortjald. Flott hýsi fyrir fólksbíla. V. 1190 þús. Á staðnum. Rnr. 121600



Til Sölu Camp Let Apollo Lux, 2005. Eldhúseining, Svefntjöld, Fortjald og Ferðasalerni. V. 690 þús. Á staðnum. Rnr. 121655

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

iBíll.is Netbílasala



Opel Meriva-a Enjoy dvd edition. Nýskr. 2/2006, ekinn 71 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 990.000.Skipti koma til greina. Rnr.112325.

**iBill.is, Netbílasala**
**Smiðjuvegur 4a grænagata, 200 Kópavogur**
**Sími: 578 8181**
**www.ibill.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



Nýr Ford F350 King Ranch, Dísel, 400hö, Hlaðinn aukabúnaði, t.d. driflæsing, bakkmyndavél omfl, Innifalið í verði er hús á palli, Flottur og öflugur pallbíll á frábæru verði, Verð 10.990þús.kr m/VSK, Er í salnum, komdu og skoðaðu úrvalið, rnr 130095,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16**
**http://www.isband.is**

SUZUKI



Frábært úrval af fatnaði og fylgihlutum fyrir mótorhjólafólk, hjálmar, skór, hanskar, olíur og margt fleira í úrvali.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bilfang.is
S. 567 2000

Getum tekið við bílum á PLANIÐ!
Mikil sala verið velkomin :)



**SPARNEYTINN !**

ÖFLUGUR ! Galeon Galia 515 árg 2010 ek aðeins 30 tíma Mercury 225 hÖ outboard allt sem nytt , gengur yfir 60 mílur , SKIPTI MÖGULEG 1 dyr og ódýr, verð 6.4 mil

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

HEIMSBÍLAR



CHEVROLET K1500 ext 4x4. Árgerð 2004, ekinn 106 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.dráttarkrókur, pallok, vel með farinn. Verð 1.890.000. Rnr.334137. skoðar skipti á ódýrari..



HYUNDAI Santa fe 4x4. Árgerð 2002, ekinn 170 Þ.KM, bensín, 5 gírar. dráttarkrókur, góður bíll Verð 790.000. Rnr.321238.



FORD F250 ext 4x4. Árgerð 2002, ekinn 119 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. loftpúðar. húsið er árg 2006 Verð 2.950.000. sjá fleiri myndir á Rnr.321521. inn á bilasolur.is eða uppl. í s. 567-4000

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**




VILTU KAUPA EÐA SELJA!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn og ferðavagninn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**




KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

## Bílar til sölu



Toyota Landcruiser 80VX, 4,2 dísel, 38" dekk, leður. Árg. ,94 Ek. 424.000km. Auka tankur. Læstur að framan og aftan. 4:88 hlutföll. Loftdæla, loftkútur o.fl. Verð 2.190.000 kr Uppl. s: 697 4540.



Til sölu Isuzu D-Max 2008, skoðaður 2014, dráttarkúla, ný dekk. Fallegur bíll. Staðgreiðsluverð aðeins 1.500.000. Uppl. í s. 896 1339



Til sölu Audi A3 árg.'01, ek. 224 þús. Mikið endurnýjaður. Fer á 300 þ. Uppl. í S.698 9746



Til sölu TOYOTA LANDCRUISER 200 NAVI og LÚGA. Árg 2008.ek 115 þús.Vel með farinn og með öllum aukahlutum. Tilboð óskast í s:892-2530



**BMW 330 IX**

Til sölu BMW 330 IX, árgerð 2001, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, ekinn 220þ, ljós leður sæti. Ásett verð 1490þ TILBOÐ 1190þ Uppl.í s.661-4444

## til sölu



**Club Car Precedent Golfbílar**

**Nýir eða notaðir**

**Bensín eða rafbílar**

4ra ára ábyrgð á rafgeymum

ORGINAL Club Car hleðslutæki fylgja rafbílunum
Club Car umboðsaðili á Íslandi

**Vetrarsól ehf., Askalind 4, Kóp. Sími 5641864**



**4X4 SSK JEPPLINGUR 380 ÞÚS.**

MMC PAJERO PININ 4x4 2002 ek.170 þús, sjálfskiptur, dráttarkrókur, skoðaður 2014, 5 dyra, þús ásett verð 690 þús á bílasölu TILBOÐ 380 ÞÚS s.841 8955

Til sölu Ranault Meganr Coupe, árg. ,97. ek. 174 þ. rauður, 2 dyra. Verð 60.þ. Uppl í s:821 1119

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



HONDA CRV Executive. Nýskr. 09/07, ekinn 110 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **VERÐ 2.890.000.** Rnr.280464.



HYUNDAI Terracan GLX 38". Nýskr. 04/05, ekinn aðeins 39 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **VERÐ 3.680.000.** Rnr.141633.



HYUNDAI IX35 GLS. Nýskr. 04/10, ekinn 36 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **VERÐ 4.290.000.** Rnr.130631.



NISSAN Pathfinder SE. Nýskr. 06/08, ekinn 104 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **VERÐ 4.490.000.** Rnr.151875.



OPEL Antara Cosmo. Nýskr. 06/09, ekinn 109 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **VERÐ 3.790.000.** Rnr.270346.



PORSCHE Cayenne S. Nýskr. 12/07, ekinn 73 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **VERÐ 6.350.000.** Rnr.130621.



TOYOTA Land Cruiser 120VX. Nýskr. 09/06, ekinn 154 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **VERÐ 4.990.000.** Rnr.280620.

Kletthálsi 11
525 8000
www.bilaland.is

## Spádómar




**SPÁSÍMI LÁRU 907 2012**
Spámiðlun, tarotlestur, hvað viltu vita á nýju ári ? Algjör trúnaður. Opið frá 13-23.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árrspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 1850.-kr/kg www.myranaut.is s. 868 7204.



Trampólin og öryggisnet á frábæru verði. Allar frekari upplýsingar á trampolin.is



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum einnig til á lager: 8 hyrndlok á Unaðskel, Hörpuskel, Blómaskel frá Trefjum. Snorralaug og Unnarlaug frá Normex. Eigum einnig til á lager lok: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag.Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

**TRÉ TIL SÖLU**
Hlynur 1-2,5 m. Silfurreynir 1-2m. Greni 1 m. Einnig hraunhellur í hleðslu 10fm. sanngjarnt verð Jónas s: 6978588







## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

Kaupi gömlu góðu teiknimyndabækurnar ástrík, tinna, viggó viðundan, sval og félaga, lukku láka, steina sterka, strumpana og fleiri í þeim dúr. Líka teiknimyndablöð eins og sígildar sögur og súperhetjublöð á íslensku og ensku. Uppl. 867 6535

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á:**
**WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



**WE-VIBE II OG III**
Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð!! Tökum millifærslu og greiðslukort. Við sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Húsgögn



Fokheld garðhúsgögn.Garðhúsgögn úti allt árið. www.marktorg.com eða 824 6515

## Dýrahald



12 vikna hreinræktaður labrador hvolpur án ættbókar óskar eftir góða heimili sem fyrst. Mjög gott verð 55 þús. S. 690-0705 / 775-6038

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Hjón með 2 börn óska eftir íbúð á leigu á stór RVKsvæðinu frá 1.8.13. Ibúðin þarf að vera 100fm+. Greiðslugeta allt að 200þús á mán. og 3 mán trygging. 6666810/ olafurolafiuson@gmail.com

Vantar góða 3-4ra herb. íbúð á leigu strax(verður að vera á 1. hæð eða lyfta). Helst í 108 eða nágrenni. Erum 3ja manna fjölskylda. Róleg og reglusöm. Skilvísar greiðslur og góð meðmæli. Uppl. í s. 847 6334 eða 892 6912.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 110 ferm iðnaðarbil við Suðurhellu í Hafnarfirði. Lofthæð 4 m. Verð 110þús + vsk á mánuði. Uppl í s: 822 4200

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Zinkstöðina vantar verkamenn til starfa, íslenskukunnátta skilyrði. Eingöngu framtíðarstörf, ekki sumarvinna. Uppl. í s. 8965759

**HLÖLLABÁTAR**
Starfsfólk óskast í kvöld helgar og næturvinnu. 20 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði.
**Umsókn sendist á lilja@hlollabatar.is**

**KVIKKFIX LEITAR AÐ STARFSFÓLKI.**
KvikkFix leitar að vönum smurmanni og starfsmanni í móttöku.
**Áhugasamir sendi umsóknir á: kvikkfix@kvikkfix.is**

**HÓTEL Í MIÐBORGINNI**
óskar eftir starfmanni í móttökustarf, um hlutastarf er að ræða í sumar og möguleiki á áframhaldandi vinnu í vetur. Leitað er að starfsmanni með mjög góða enskukunnáttu, reynslu af þjónustustörfum, framúrskarandi þjónustulund og haldgóða þekkingu á helstu áfangastöðum Íslands. Einstaklingar eldri en 20 ára koma einungis til greina. Meðmæla verður óskað.
**Frekari upplýsingar gefur Þórður á netfang thordur@ip.is**

**HANDFLAKARI**
Vanur handflakari óskast til starfa, strax. Nóg vinna alla daga, allan daginn. Laun: Greitt pr.kg Athugið: Aðeins vanur, professional handflakari kemur til greina
**Fiskikóngurinn Sogavegi 3. Kristján 896 0602 eða kristjan@fiskikongurinn.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta S. 776-7080 Proventus.is**

Vanur smiður getur bætt við sig alhliða viðhalds verkefnum bæði inni og úti. Upplýsingar í síma 895 4043

## fasteignir




# Hverfisgata 12
**101 Reykjavík**

Húsið sem er byggt árið 1910 er 445 ferm. Skráð notkun samkv. Fasteignamati er Veitingahús-skrifstofa-íbúðareign.

Húsið stendur á fjölförnu horni á mótum Hverfisgötu og Ingólfsstrætis og gæti hentað undir margvíslega starfsemi. Þrír inngangar eru inn í húsið.



Nánari upplýsingar veitir
**Þröstur Þórhallsson**
löggiltur fasteignasali

**sími:** 897 0634
throstur@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500,**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.





## *Skólavörðustígur 6 - Til sölu eða leigu*

**187,5 fm. heil húseign neðarlega á Skólavörðustíg.**

Húsið, sem er á 4 pöllum er allt flísalagt í gólf. Stigar á milli hæða eru úr stáli og flísalagðir.
Góðir gluggar eru á neðsta og næst neðsta palli hússins, en efri hæðir eru nánast gluggalausar.
Fyrir liggur leyfi frá arkitekti hússins að gera útlitsbreytingar á því sem og breytingar á skipulagi eignarinnar hið innra.

**Laust til afhendingar nú þegar. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500,**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.






## *Sundlaugavegur 18 – Við Laugardalinn*

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 18.00-18.30**
Glæsileg og mikið endurnýjuð 101,7 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð með suðursvölum í mjög fallegu steinhúsi við Laugardalinn auk 21,6 fm. bílskúrs. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega. Hagstæð yfirtakanleg lán að fjárhæð 25,8 milljónir með greiðslubyrði um 120 þúsund kr. á mánuði. Hæðin skiptist í hol, glæsilegar samliggjandi skiptanlegar stofur, nýlegt rúmgott eldhús með borðaðstöðu, nýlegt baðherbergi með baðkari og glugga, gang og tvö góð svefnherbergi. Innbyggðir fataskápar í holi, á svefngangi og í svefnherbergjum. Hús að utan er í góðu ásigkomulagi. **Verð 34,9 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

F A S T E I G N A S A L A N

# MIKLABORG

www.miklaborg.is

Við erum við símann

# 569 7000

Síðumúla 13 108 Reykjavík

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



**Óskar R. Harðarson** hdl. og löggiltur fasteignasali Sími: 661 2100

**Jason Guðmundsson** hdl. og löggiltur fasteignasali

**Ragna S. Óskarsdóttir** MBA og löggiltur fasteignasali Sími: 892 3342

**Halldór Ingi Andrésson** löggiltur fasteignasali Sími: 897 4210

**Þröstur Þórhallsson** löggiltur fasteignasali Sími: 897 0634

**Guðrún Pétursdóttir** skjalagerð

**Ólafur Finnbogason** sölufulltrúi Sími: 822 2307

**Atli S. Sigvarðsson** sölufulltrúi Sími: 899 1178

**Davíð Jónsson** sölufulltrúi Sími: 697 3080

**Hilmar Jónasson** sölufulltrúi Sími: 695 9500

**Heimir H. Eðvarðsson** sölufulltrúi Sími: 893 1485

**Jórunn Skúladóttir** sölufulltrúi Sími: 845 8958

**Svan G. Guðlaugsson** sölufulltrúi Sími: 697 9300

**Helga J. Úlfarsdóttir** löggiltur fasteignasali Sími: 899 2907



# Ferjuvað 1-3

## Íbúð 402

Íbúðin er 2ja herbergja er á 4. hæð (efstu) með 24,9 fm svölum og afhendist fullbúin án gólfefna. Íbúðin skiptist í anddyri, hol, baðherbergi/þvotta-herbergi, svefnherbergi, eldhús og stofu/borðstofu með útgengi á baksvalir.

Verð **22,0 m.**

## Íbúð 404

Íbúðin er 5 herbergja og er á 4. hæð (efstu) með 60,4 fm svölum og afhendist fullbúin án gólfefna. Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í anddyri, þvottaherbergi, hol, gestasnyrtingu, baðherbergi, fjögur svefnherbergi, eldhús og stofu/borð-stofu með útgengi á svalir.

Verð **44,0 m.**

## Íbúð 102

Íbúðin er 3ja herbergja og er á 1. hæð með verönd og afhendist fullbúin án gólfefna. Íbúðin skiptist í anddyri, þvottaherbergi, hol, baðherbergi, tvö svefnherbergi, eldhús og stofu/borðstofu með útgengi á verönd.

Verð **22,4 m.**



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason,** Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is **sími:** : 822 2307

Ferjuvað 1-3 er 4ra hæða glæsilegt fjölbýlishús í Norðlingaholti í Reykjavík.

Í húsinu eru 34 íbúðir með tveimur lyftuhúsum og svalagangi. Íbúðirnar í húsinu eru bjartar og rúmgóðar og samanstanda af 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðum.

Allar innréttingar eru sérsmíðaðar af byggingaraðila.

Byggingaraðili er Sérverk ehf.

ASK arkitektar hönnuðu húsið.

Sérverk ehf



## OPIÐ HÚS

**Miðvikudag 3. júlí 17:30 - 18:00**

**112 Reykjavík**

## Baughús 17

Fallegt og vel skipulagt 187 fm parhús
Fjögur góð svefnherbergi
Stórbrotið útsýni og skjólsamur suðurgarður
Hús í góðu viðhaldi

Verð **46,8 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958



## OPIÐ HÚS

**Fimmtudag 4. júlí 17:30 - 18:00**

**200 Kópavogur**

## Meðalbraut 24

Einbýli tvílyft 310 fm
Innanhússhönnun Rut Káradóttir
Möguleiki á aukaíbúð
Bílskúr
Frábær staðsetning

Verð **83,0 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir,** Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

# MIKLABORG

leitar að ...

**4ra herbergja íbúð með bílskúr og helst verönd í Staðarhverfi í Grafarvogi.**
- Allar nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson í síma 697-3080

**Raðhúsi og einbýli fyrir ákveðna kaupendur í Staðarhverfi í Grafarvogi.**
- Allar nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson í síma 697-3080



**101 Reykjavík**

## Hverfisgata

Fallegt hús til leigu á þessum frábæra stað á mótum Ingólfsstrætis og Hverfisgötu.

Húsið er 445 fermetrar og skráð notkun er veitingahús-skrifstofur-íbúð.

Húsið er laust.

**Til leigu**



Nánari upplýsingar veitir
**Þröstur Þórhallsson,** lögg. fasteignasali
throstur@miklaborg.is **sími:** 897 0634




**203 Kópavogur**

## Hörðukór

Glæsileg 200 fm penthouse íbúð
Þakgarður með potti
Tvöfaldur bílskúr
Laus við kaupsamning

**Tilboð**

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:
2 | 2 GULL | 2 BÍÓ | 2 krakkar | Popp TíVí



20:00
2 HIÐ BLÓMLEGA BÚ
Glæsileg íslensk þáttaröð sem fjallar um kokkinn Árna Ólaf Jónsson sem lét draum sinn rætast um líf í íslenskri sveitasælu.



21:05
2 DALLAS
Ein vinsælasta þáttaröð íslenskrar sjónvarpssögu heldur áfram og átökin innan Ewing-fjölskyldunnar ná nýjum hæðum.




21:50
2 GOOD COP
Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar um breska lögreglumanninn John Paul Rocksavage.



7:00-20:00
2 krakkar BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



22:00
2 BÍÓ PIRATES OF THE CARIBBEAN 4
Frábær spennu og ævintýramynd með Johnny Depp í aðalhlutverki.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is
2 HD


## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | 1 | | 6 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 9 | 5 | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | | | | 4 | 3 | | 7 |
| 6 | | 4 | | 5 | | 8 | | |
| 7 | | 1 | | | | 6 | 4 | |
| 3 | 8 | | | | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | 7 | | | 8 |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 8 | | | | 1 | 2 | | 3 | |
| 4 | 8 | | | 3 | | 5 | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |
| 3 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | | |
| | | 1 | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 7 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | 3 | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 9 | | |
| 3 | 4 | 5 | | | 6 | | 8 | |
| 6 | 7 | | | | | 2 | | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 6 | 2 | 3 | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 8 | | | | 3 | | | 7 | |

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Ég bý ekki til tónlist fyrir augun. Ég bý til tónlist fyrir eyrun.

*Adele*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Henrik Danielsen tefldi fyrir skemmstu á alþjóðlegu skákmóti í Växjö í Svíþjóð. Í fjórðu umferð hafi hann hvítt gegn Victori Nithander.**

**Hvítur á leik**



42. Bc6! Svartur er varnarlaus þar sem 42...Bxc6 43. Hf8+ leiðir til máts. Hann reyndi 42...Bd7 43. Bxd7 De3 en tapaði örugglega skömmu síðar. Henrik endaði í 7.-8. sæti með fjóra vinninga í níu skákum.
**www.skak.is.** Guðmundur Kjartansson teflir í Katalóníu.



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** verð, **6.** spil, **8.** þvottur, **9.** starfsgrein, **11.** kringum, **12.** yfirráð, **14.** kvk nafn, **16.** mun, **17.** farfa, **18.** jafnvel, **20.** gjaldmiðill, **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útdeildu, **3.** bardagi, **4.** tré, **5.** fálm, **7.** ómerkilegur samsetningur, **10.** æxlunarkorn, **13.** fiskur, **15.** útvortis, **16.** ílát, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** þarf, **6.** ás, **8.** tau, **9.** fag, **11.** um, **12.** umráð, **14.** sóley, **16.** ku, **17.** lit, **18.** eða, **20.** kr, **21.** raða.

**LÓÐRÉTT: 1.** gáfu, **3.** at, **4.** rauðeik, **5.** fum, **7.** samsuða, **10.** gró, **13.** áll, **15.** ytri, **16.** ker, **19.** að.



GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Auglýsing um styrki til námskeiða í íslensku haustið 2013**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru á Íslandi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar.

Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að láta undirritaðan samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna fylgja umsókninni.

- Vakin er sérstök athygli á að umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi.
- Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur eru aðgengilegar undir flokknum sjóðir og eyðublöð á vef mennta og menningarmálaráðuneytis: mrn.is. Umsóknir skal senda á **postur@mrn.is.**

**Umsóknarfrestur er til 9. ágúst 2013.**




FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010



**SEMUR NÝJAN HAMLET** Bergur Þór Ingólfsson mun endurskrifa texta Shakespeares og færa hann yfir á nútímamál.

# Litli Hamlet fer líka á svið

Borgarleikhúsið mun setja upp tvær uppfærslur á Hamlet á næsta leikári. Auk jólasýningarinnar á þessu frægasta verki Shakespeares verður sett upp barnasýning þar sem Hamlet er tíu ára drengur.

Þetta verður barnasýning um dauðann, hugsuð fyrir fólk frá tíu til hundrað ára aldurs," segir Bergur Þór Ingólfsson sem mun gera leikgerð og leikstýra barnauppfærslunni. „Það eiga allir að geta komið og fengið söguna vöflulaust og án hins bundna máls sem þvælist fyrir mörgum."

Það verður sem sagt saminn nýr texti? „Já, textinn verður uppfærður eða millifærður eða hvað við eigum að kalla það, verður sem sagt á nútímamáli og sögutíminn er nútíminn."

Söguþræðinum er fylgt nokkuð nákvæmlega; drengurinn Hamlet missir föður sinn sviplega í upphafi leiks, mamma hans giftist föðurbróður hans stuttu seinna og í þokkabót kemst hann að því að bestu vinir hans hafa verið fengnir til að njósna um hann. Hlutverk Hamlets verður í höndum Sigurðar Þórs Óskarssonar en Ófelíu leikur Kristín Þóra Haraldsdóttir. Aðrir leikarar hafa ekki verið ákveðnir að sögn Bergs. „Kannski munu þau bara líka leika móður Hamlets og stjúpföður, eða kannski verður mamma hans stóll og stjúpinn borð. Það er allt hægt í leikhúsinu og það kemur ekki endanlega í ljós fyrr en í æfingaferlinu hvaða leið við förum."

Er þessi saga ekkert of skuggaleg fyrir svona unga áhorfendur? „Nei, nei, þetta er skemmtilegur harmleikur sem byrjar á því að pabbinn deyr og síðan allar hinar persónurnar," segir Bergur. „Þessi börn, Hamlet og Ófelía, þurfa að takast á við dauðann, konungdæmið, vináttuna og allan pakkann. Treystum við ekki börnum fyrir öllu þessu? Ég er fjögurra dætra faðir og ég þykist vita nokkuð vel hvað má bjóða börnum og hvað þau eru að hugsa."

Bergur segir fyrirhugaðan frumsýningartíma vera í mars eða apríl á næsta ári þannig að Hamletsýningarnar tvær munu væntanlega ekki verða í gangi samtímis.

friðrikab@frettabladid.is






**VIÐSNÚNINGUR** Annað verkanna sem skoðað verður er Viðsnúningur eftir Guðjón Ketilsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kvöldganga með listamönnum

Verkin Viðsnúningur og Streymi tímans verða skoðuð í listaverkagöngu annað kvöld.

Heiðar Kári Rannversson listfræðingur leiðir listaverkagöngu í fylgd listamannanna Guðjóns Ketilssonar og Sólveigar Aðalsteinsdóttur annað kvöld klukkan 20. Gangan er liður í kvöldgöngum sem menningarstofnanir Reykjavíkurborgar standa fyrir á fimmtudagskvöldum í sumar.

Gangan hefst við Kjarvalsstaði þar sem rætt verður um verkið Viðsnúning, nýtt útilistaverk Guðjóns við Klambratún. Verkið byggir á formi sem vísar til húss og snýr þakið upp öðrum megin en niður hinum megin.

Þaðan verður gengið að verki Sólveigar Aðalsteinsdóttur, Streymi tímans, sem var afhjúpað síðasta sumar í Öskjuhlíð. Verkið er nálægt þeim stað sem Vatnsberi Ásmundar Sveinssonar stóð á.


LURKASUMARIÐ MIKLA ER KOMIÐ
Þrjár nýjar bragðtegundir! Þú verður að prófa
Grænn LURKUR með dýfu
Appelsínu LURKUR
Mix LURKUR
Tívolí LURKUR með dýfu
Bláberja LURKUR
Epla LURKUR




# Nýbakað alla daga í Bónus

*Ferskar*
## BÓNUS SAMLOKUR
MÁNUDAGA - MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA




**198**
KR. stk

ES FROSNAR
## Kjúklingabringur




**1579**
KR. 900g




**198**
KR. 165gr
DORIRTOS SNAKK 165 GRÖMM




**198**
KR. 2 ltr







**695**
KR. kg

TÍU TONN Í BOÐI
Á ÞESSU VERÐI

300 KRÓNA
VERÐLÆKKUN

VERÐ ÁÐUR 995 KR.KG

## FROSNIR ÞORSKBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR



**198**
KR. KG
RAUÐAR MELÓNUR FRÁ SPÁNI

AFGREIÐSLUTÍMI
**MIÐVIKUDAGUR**
**11:00-18:30**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
**MIÐVIKUDAGUR**
**11:00-18:30**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
4 stk. 80 gramma 798 KR
4 stk. 120 gramma 998 KR
100% ÍSLENSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR
300 KRÓNA VERÐLÆKKUN
1698 KR. 10x120gr
KJARNAFÆÐI FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
VERÐ ÁÐUR 1998 KR.PK
2298 KR. kg
LAMBALÆRISSNEIÐAR 1.FL
1598 KR. kg
KJARNAFÆÐI GRILL LAMBA-SIRLOINSNEIÐAR
159 KR. 4 stk.
XL- HAMBORGARABRAUÐ
3498 KR. KG
NAUTAVEISLU ÞÝSKT NAUTA-RIBEY
1898 KR. 450 gr
FROSIÐ ÞÝSKT- NAUTA T-BONE
1398 KR. 350 gr
FROSIN ÞÝSK- NAUTA KÓTILETTA
298 KR STK
HEIMA EINNOTA GRILL
198 KR 4 stk
HEIMA GRILL ÁLBAKKAR 4 STK.
298 KR. PK
PÓLSKAR PYLSUR
360 grömm
398 KR. 10 stk
BÓNUS PYLSUR
485 grömm
159 KR. 280gr
5 stk.
PYLSUBRAUÐ
109 KR. 500 ml
79 KR. 500 ml
79 KR. 33cl
OS SAMLOKUOSTUR
Í SNEIÐUM VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG
300 KR. VERÐLÆKKUN
1298 KR. kg
579 KR. 3 x 200gr
BÓNUS KORNBRAUÐIÐ 1 kg.
259 KR. 1 KG
26 SNEIÐAR
SAMLOKAN AÐEINS 20 KR.
Bónus ferskar grísa
GRILL KÓTILETTUR
1198 KR. KG
198 KR. 1.5 ltr.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| THIS IS THE END | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THIS IS THE END LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 5.10 - 8 - 10.50 | 14 |
| THE PURGE | KL. 10.35 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 | 7 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | 5% | |
|---|---|---|
| THE HEAT | KL. 8 (FORSÝNING) | 14 |
| THIS IS THE END | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 6 - 9 | 14 |
| THE PURGE | KL. 8.15 - 10.15 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 10.30 | 7 |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 5.45 | L |
| THE GREAT GATSBY | KL. 5.20 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| THIS IS THE END | KL. 8 - 10 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 8 | 14 |
| THE PURGE | KL. 10.30 | 16 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.40 | 7 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THIS IS THE END | 5 - 8 - 10.20 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | 5 - 10 | 12 |
| THE PURGE | 8 | 16 |
| THE HEAT | 8 FORSÝNING | 12 |
| THE ICEMAN | 10.20 | 16 |
| EPIC 2D | 5 | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR PIRATES OF THE CARIBBEAN MYNDIRNAR




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 6 - 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| THE LONE RANGER VIP | KL. 5 - 8 - 11 | VIP |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 9 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 8 - 11 | 16 |
| HANGOVER - PART 3 | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL 2D | KL. 6 TILBOÐ 400 KR. | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 8 - 11 | 12 |
| THIS THE END | KL. 8 | 16 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 10:20 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 10:30 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 | L |
| PAIN AND GAIN | KL. 8 | 16 |
| NOW YOU SEE ME | KL. 5:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 - 8 - 10:30 | L |
| NOW YOU SEE ME | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE LONE RANGER | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 3D | KL. 5 - 10 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 8 | L |


# Bágt fyrir buxurnar

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Reglulega koma upp hugmyndir þess efnis að innleiða skólabúninga í grunnskólum á Íslandi og sumstaðar eru notaðir skólabúningar í einhverri mynd. Kostir þess að allir nemendur í skólanum séu eins klæddir eru jafnan sagðir þeir að krökkum verði síður strítt á því hvernig þau eru til fara og að skólabúningurinn geti einfaldað samskipti þeirra á milli. Sérstakur búningur einfaldi líka málin heima fyrir. Minni þvottur og minna slit verði á öðrum fötum á meðan. Ókostirnir eru stundum sagðir að við það að allir klæðist eins geti börnin ekki verið þau sjálf, geti ekki tjáð persónuleika sinn með því að klæða sig eins og þau sjálf vilja. Sitt sýnist hverjum.

**SJÁLF** man ég ekki mikið eftir því að hafa mikið velt fötum fyrir mér, fyrr en á unglingsárum en þá tók líka við skrautleg tilraunastarfsemi í klæðaburði. Margar þeirra tilrauna tókust ekki vel en það sem helst truflaði þá sem reyndu að hafa vit fyrir mér voru gallabuxur, rifnar að vísu.

**ÞRÁTT** fyrir að öll helstu tískuhús heims hanni og framleiði gallabuxur í dag í ýmsum sniðum virðast þær þó alltaf settar skör lægra en aðrar buxur í virðingarstiganum. Þær þykja ekki nógu fínar, eru ekki spari, jafnvel ófínar og stífstraujaðar. Kannski er það vegna þess að gallabuxur hafa löngum verið tákn verkamanna, kúreka og hafnarverkamanna, vinnubuxur í verksmiðju. Gallabuxur eru þó án efa vinsælustu buxur í heimi og varla sú kommóðuskúffa sem ekki geymir nokkur pör.

**ÞAÐ** er bannað að vera í gallabuxum á Alþingi. Í gær fékk þingmaður bágt fyrir buxurnar en sá var akkúrat að viðra áhyggjur sínar af stöðu menntakerfisins í landinu þegar gerðar voru athugasemdir við klæðaburðinn. Þingmaðurinn lofaði auðvitað að drífa sig heim strax að ræðu lokinni og hafa buxnaskipti. Þetta var í fréttum.

**KANNSKI** mætti einfalda málin í þingsal líkt og á skólalóðinni með því að búa til sérstakan alþingisbúning, staðlaðan galla á bæði kyn svo útgangurinn á þingmönnum þvælist ekki fyrir málefnum á dagskrá.





# Flott brjálæði

## Ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn á æfingu hjá sirkushópunum Cirkus Xanti og Sirkus Aikamoinen.

Sirkushópurinn Cirkus Xanti hefur tekið höndum saman við finnska sirkushópinn Sirkus Aikamoinen og er afraksturinn sýningin Pluto Crazy.

Sýningin er hluti af Sirkuslistahátíð Norræna hússins sem hefst á morgun og stendur til 14. júlí. Sirkus Aikamoinen var kosin ein af björtustu vonum sirkusheimsins í Evrópu árið 2011.

Nafn sýningarinnar er dregið af franska orðatiltækinu „plut tôt crazy“ sem þýðir að vera brjálaður. Ljósmyndari Fréttablaðsins leit inn á æfingu hjá hópunum og myndaði brjálæðið. - sm

# Ósátt við sambandið

## Naomi Campell hefnir sín á fyrrverandi kærasta.

Naomi Campbell er sögð mjög ósátt við samband fyrrverandi kærasta síns, milljarðamæringsins Vladimirs Doronin, og kínverska fyrirsætunnar Luo Zilin. Campbell var leiðbeinandi Zilin í sjónvarpsþáttunum The Face.

Page Six hefur eftir heimildarmanni að Campbell sé æf vegna sambandsins og hafi nýtt sambönd sín innan tískubransans til að fá Zilin rekna frá umboðsskrifstofu sinni. Mix Model skrifstofan segir ástæðu uppsagnarinnar aftur á móti vera vegna skorts á fagmennsku og lélegs vinnusiðferðis,“ sagði forstjóri Mix Model Management.

„Lygarnar sem berast frá Naomi eru ótrúlegar,“ sagði vinur Doronins í viðtali við blaðið.



**ÓSÆTTI** Naomi Campbell er ósátt við samband fyrrverandi kærasta síns, Vladimirs Doronin, og kínverska fyrirsætunnar Luo Zilin. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÓPREYJUFULL** Kris Jenner leitar að leikfélaga fyrir North. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leitar að leikfélögum

Kris Jenner, móðir Kim Kardashian, er nú þegar farin að huga að því að finna leikfélaga fyrir hina nýfæddu North West, en hún vill helst að barnið leiki við börn frægra fólksins í Hollywood. Í viðtali hjá sjónvarpsstöðinni E! spurði Jenner spyrilinn hvort sonur hennar, Duke Rancic, gæti ekki leikið við ömmubarnið sitt.

BÍÓ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

SUMAR

# LAGERSALA

## Á ÚTIVISTAR- & GOLFFATNAÐI

## ALLT AÐ AFSLÁTTUR 80%



BARNA REGNJAKKI
**Verð nú kr. 9.790**
Verð áður kr. 13.990



DÖMU 2JA LAGA REGNBUXUR
**Verð nú kr. 9.990**
Verð áður kr. 19.990



DÖMU GOLF REGNJAKKI
**Verð nú kr. 9.990**
Verð áður kr. 29.990



BARNA REGNBUXUR
**Verð nú kr. 6.990**
Verð áður kr. 9.990



HERRA GOLFBUXUR
**Verð nú kr. 5.990**
Verð áður kr. 13.990



HERRA GOLF REGNJAKKI
**Verð nú kr. 9.990**
Verð áður kr. 29.990

## OPNUNARTÍMI

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudagur | 3. júlí | 12:00 - 20:00 |
| Fimmtudagur | 4. júlí | 12:00 - 20:00 |
| Föstudagur | 5. júlí | 12:00 - 20:00 |
| Laugardagur | 6. júlí | 11:00 - 18:00 |
| Sunnudagur | 7. júlí | 12:00 - 18:00 |
| Mánudagur | 8. júlí | 12:00 - 20:00 |

Mikið úrval af golffatnaði, útivistarfatnaði og mörgu fleiru

Lagersala - Nýbýlavegi 18 • (Dalbrekkumegin) - Kópavogi




ZO•ON ICELAND

www.zo-on.is

## 20 ár síðan Þór vann tvo útileiki í röð



Þórsarar eiga möguleika á því í kvöld að afreka það sem karlaliði félagsins hefur ekki tekist í efstu deild í meira en tuttugu ár – að vinna tvo útileiki í röð. Þórsliðið heimsækir þá Skagmenn í 10. umferð Pepsi-deildar karla en Þórsarar unnu 3-1 sigur í Keflavík á sunnudagskvöldið. Þórsarar unnu síðast tvo útileiki í röð í efstu deild í upphafi sumarsins 1993 (2-1 sigur á Fram 27. maí 1993 og 2-1 sigur á Víkingi 9. júní 1993). Frá þeim tíma hafa Þórsarar ekki fengið eitt einasta stig í næsta útileik eftir sigurleik á útivelli.

Þórsarar eru til alls vísir enda hafa þeir unnið alla „sex-stiga“ leiki sína í sumar á móti Víkingi (1-0), Fylki (4-1) og Keflavík (3-1). Leikur ÍA og Þórs hefst klukkan 18.00 en aðrir leikir kvöldsins eru: Víkingur Ó.-Fylkir (kl. 19.15) og FH-Fram (kl. 20.00, beint á S2 Sport). - óój

## Norrköping vill skoða Arnór Ingva

**FÓTBOLTI** Keflvíkingurinn stórefnilegi, Arnór Ingvi Traustason, er undir smásjá erlendra félaga og hann er núna á leið til reynslu í Svíþjóð.

Það er félag Gunnars Heiðars Þorvaldssonar, Norrköping, sem vill skoða kappann.

„Ég verð úti hjá þeim núna frá sjöunda til ellefta júlí. Mér líst bara vel á þetta,“ sagði Arnór Ingvi við Fréttablaðið í gær en Norrköping spilar í sænsku úrvalsdeildinni.

Arnór er aðeins tvítugur að aldri en hann fór út til Noregs síðasta sumar og spilaði með Sandnes Ulf. Lék þar tíu leiki með norska liðinu og þótti standa sig mjög vel. Svo vel að hann er ekki gleymdur þar.

„Það var gaman og góð reynsla fyrir mig. Þeir vildu fá mig aftur til sín en ég vildi sýna tryggð við Keflavík og spila þar áfram.“

Arnór segist horfa til Skandinavíu í framtíðinni en fyrst er að hjálpa Keflvíkingum að tryggja sæti sitt í Pepsi-deildinni.

„Stefnan er að komast út eftir sumarið og gott að byrja í Skandinavíu. Það er stökkpallur fyrir eitthvað meira. Ég reikna með því að klára samt tímabilið með Keflavík fyrst.“ - hbg



**EFNILEGUR** Arnór Ingvi í leik gegn Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Þjálfarar í N1-deild karla 2013-14:

Fimm af átta liðum í N1-deild karla skiptu um þjálfara í sumar.



| | |
|---|---|
| AKUREYRI | BJARNI FRITZSON OG HEIMIR ÖRN ÁRNASON |
| FH | EINAR ANDRI EINARSSON |
| FRAM | GUÐLAUGUR ARNARSSON (NÝR) |
| HAUKAR | PATREKUR JÓHANNESSON (NÝR) |
| HK | SAMÚEL ÍVAR ÁRNASON (NÝR) |
| ÍBV | GUNNAR MAGNÚSSON (NÝR) OG ARNAR PÉTURSSON |
| ÍR | BJARKI SIGURÐSSON |
| VALUR | ÓLAFUR STEFÁNSSON (NÝR) |




# Ísland togaði í okkur

Gunnar Magnússon hefur verið ráðinn þjálfari ÍBV á næstu leiktíð og mun hann stýra liðinu ásamt Arnari Péturssyni. ÍBV komst upp í N1-deildina í vor en Eyjamenn eru stórhuga og ætla að festa sig í sessi sem úrvalsdeildarlið.

**HANDBOLTI** Eyjamenn hafa gengið frá samningi við þjálfarann Gunnar Magnússon og mun hann taka við meistaraflokki ÍBV sem og 2. flokki á næsta tímabili. Gunnar mun einnig vera yfirþjálfari handboltaakademíu ÍBV.

„Þetta gerðist allt rosalega fljótt og allt í einu vorum við fjölskyldan á leiðinni heim til Íslands,“ sagði Gunnar Magnússon, nýráðinn þjálfari ÍBV.

„Eyjamenn voru í þjálfaraleit og við vorum í raun að huga að heimleið, svo þetta gerðist allt nokkuð fljótlega.“

Akureyringurinn Jónatan Magnússon hefur undanfarin ár verið leikmaður Kristiansund en mun núna snúa sér að þjálfun og tekur við liðinu af Gunnari Magnússyni.

„Það hentaði vel á þessum tímapunkti að Jonni [Jónatan Magnússon] tæki við liðinu, en hann hefur verið að búa sig síðastliðin þrjú ár undir það verkefni. Ég hef verið í Noregi í þrjú frábær ár en maður var farinn að huga að breytingum. Þegar starfið bauðst í Vestmannaeyjum fór ég strax í það að ræða við klúbbinn og Jónatan og þeir í raun hleyptu mér heim.“

Eyjamenn fóru upp í N1-deildina í vor og verða því á meðal þeirra bestu á næsta tímabili. Arnar Pétursson og Erlingur Richardsson stýrðu báðir ÍBV á síðustu leiktíð en sá síðarnefndi tók við austurríska liðinu SG Insigni Westwien á dögunum.

Gunnar Magnússon mun því stýra ÍBV ásamt Arnari Péturssyni og verða þeir báðir aðalþjálfarar liðsins.

„Þetta er spennandi verkefni sem er í raun stærsta ástæðan fyrir því að ég tók við liðinu. Ég hafði verið í sambandi við önnur lið í Noregi og annars staðar en ÍBV var vænlegasti kosturinn bæði handboltalega og fjölskyldulega. Konan mín er ættuð frá Vestmannaeyjum og ég verð að viðurkenna að hún hafði mikið um þetta að segja. Dóttir mín byrjar í skóla í haust og að auki eignuðumst við okkar þriðja barn á fimmtudaginn svo Ísland var farið á kalla á okkur heim.“

ÍBV er með handboltaakademíu í Vestmannaeyjum sem hefur verið starfandi síðastliðin þrjú ár. Erlingur Richardsson var yfirþjálfari handboltaakademíu Eyjamanna og mun Gunnar Magnússon taka við þeirri stöðu.



**KOMINN HEIM** Gunnar Magnússon ætlar sér stóra hluti með ÍBV en Eyjamenn eru strax farnir að skoða aðra leikmenn til að styrkja liðið fyrir komandi átök. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Eyjamenn voru í þjálfaraleit og við á leiðinni heim.**
>
> *Gunnar Magnússon þjálfari ÍBV.*

„Ég kem til með að fara í spor Erlings [Richardssonar] og mun stjórna liðinu ásamt Arnari Péturssyni. Eyjamenn eru stórhuga og ætla að festa sig í sessi sem efstudeildarlið í framtíðinni. Það er mikið og öflugt starf úti í Eyjum og við munum styrkja mannskapinn fyrir komandi átök í N1-deildinni.“

stefanp@frettabladid.is

SUMAR-
ÚTSALA
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
UREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI
SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HEILSUDÝNUR | HEILSURÚM | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | ELDHÚSBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR
BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR
GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA
HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
OG Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

# ÓDÝRT PALLAEFNI

Fura, alheflað pallaefni, gagnvarið, ECO-GR.

| | | |
|---|---|---|
| Vnr. 0058224 22x95 mm | 165 | kr./lm* |
| Vnr. 0058274 27x95 mm | 185 | kr./lm* |

Fura, alheflað pallaefni, AB-gagnvarið.

| | | |
|---|---|---|
| Vnr. 0058254 22x95 mm | 185 | kr./lm* |
| Vnr. 0058324 27x95 mm | 205 | kr./lm* |
| Vnr. 0058325 27x120 mm | 210 | kr./lm* |
| Vnr. 0058504 45x95 mm | 279 | kr./lm* |
| Vnr. 0058506 45x145 mm | 489 | kr./lm* |

*Verð frá, mismunandi eftir lengdareiningum.

REIKNIVÉLAR

www.byko.is

BYKO mælir eindregið með að nota A4 ryðfríar tréskrúfur í palla til að tryggja endingu.



LEITAÐU RÁÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM

Sími 515 4100 • timbur@byko.is

0% VAXTALAUST LÁN

VAXTALAUS LÁN TIL 12 MÁNAÐA

3,5% lántökugjald og 340 kr. greiðslugjald á hverja borgun.

Sjá nánar á www.byko.is

VERÐVERND BYKO

LÆGRA VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is

# KAUPAUKAR MEÐ KEYPTU PALLAEFNI*

## KAUPAUKI 1

Sé keypt pallaefni fyrir 200.000 kr.




TVÆR UMFERÐIR AF OLÍU Á PALLINN

## KAUPAUKI 2

Sé keypt pallaefni fyrir 300.000 kr.

Vnr. 41616073
Sólbekkur með hjólum og ljósri sessu, acacia harðviður.




TVÆR UMFERÐIR AF OLÍU Á PALLINN

## KAUPAUKI 3

Sé keypt pallaefni fyrir 400.000 kr.

Vnr. 50630082
Excel 200 gasgrill, tvö-faldur álbrennari 6,2 kW. Eldunarsvæði 49,5x35 cm og neistakveikikerfi.




TVÆR UMFERÐIR AF OLÍU Á PALLINN

## KAUPAUKI 4

Sé keypt pallaefni fyrir 500.000 kr.

Vnr. 42378060
Garðsett, tveir stólar, sófi og borð með glerplötu.




TVÆR UMFERÐIR AF OLÍU Á PALLINN

Gildir 3. - 7. júlí og meðan birgðir endast.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 19.15
### The Big Bang Theory



Þriðja serían af þessum stórskemmtilega gamanþætti um ævintýri nördanna viðkunnanlegu Leonards og Sheldons. Þrátt fyrir að hafa lært mikið um samskipti kynjanna hjá Penny, glæsilegum nágranna þeirra, eiga þeir enn langt í land.

## Í KVÖLD



### New Girl
**STÖÐ 2 KL. 20.40** Önnur þáttaröðin af þessum frábæru gamanþáttum sem fjalla um Jess og þrjá skemmtilega en ólíka sambýlismenn hennar.

**TV.COM** 8,0 **IMDb** 7,8



### Psych
**SKJÁR 1 KL. 20.25** Bandarísk þáttaröð um ungan mann með einstaka athyglisgáfu sem aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.

**TV.COM** 8,9 **IMDb** 8,3



### Breakout Kings
**POPPTÍVÍ KL. 22.25** Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.

**TV.COM** 7,1 **IMDb** 6,8

## Rás 2 kl 09.05
### Virkir morgnar



Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum er stjórnað af Andra Frey Viðarssyni og Ilmi Kristjánsdóttur. Þátturinn er í léttum dúr og fjallar um skemmtileg mál líðandi stundar ásamt liðinna og ókominna stunda.

---

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.

**Aukin framleiðsla Náttúru fiskiræktar ehf. á bleikju um 1000 tonn, Sveitarfélaginu Ölfusi**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til **6. ágúst 2013.**

**Skipulagsstofnun**

---

## Kaldrananeshreppur

### Breyting á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps og deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Kaldrananess.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur þann 27. júní 2013 samþykkt að auglýsa samhliða eftirfarandi skipulagstillögur skv. 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030. Breytingin varðar afmörkun nýs frístundasvæðis í landi Kaldrananess og ákvæði í greinargerð um efnisnámur og samgöngur.

Tillögu að deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Kaldrananess skv 1.mgr.41.gr skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan varðar þrjár frístundalóðir í landi Kaldrananess

Tillaga að breyttu aðalskipulagi, uppdráttur og greinagerð liggur frammi á skrifstofu Kaldrananeshrepps frá 3. júlí 2013 til 15. ágúst 2013

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út **kl. 16.00 miðvikudaginn 21. ágúst 2013** og skal athugasemdum skilað skriflega til skrifstofu Kaldrananeshrepps, Holtagötu, 520 Drangsnes eða með tölvupósti (drangsnes@drangsnes.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillögurnar innan þessa frests telst vera þeim samþykkur.

*Drangsnesi 28. júní 2013*
*Jenný Jensdóttir*
*Oddviti Kaldrananeshrepps*

---

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(15:22)*
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(23:175)*
**10.15 Glee** *(1:22)*
**10.55 The No. 1 Ladies' Detective Agency** *(7:7)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(18:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** *(3:8)*
**13.25 Covert Affairs** *(5:11)*
**14.10 Chuck** *(3:24)*
**14.55 Hot In Cleveland** *(10:10)*
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** *(18:23)*
**16.00 Nornafélagið**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(7:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(9:23)*
**19.35 Modern Family**
**20.00 Hið blómlega bú** Glæsileg ný íslensk þáttaröð sem fjallar um kokkinn Árna Ólaf Jónsson sem lét draum sinn rætast um líf í íslenskri sveitasælu ásamt framleiðendum þáttanna, Bryndísi Geirsdóttur og Guðna Páli Sæmundssyni.
**20.40 New Girl** *(16:25)*
**21.05 Dallas**
**21.50 Good Cop** *(2:2)* Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar um breska lögreglumanninn John Paul Rocksavage.
**23.35 Revolution** *(14:20)*
**00.15 Breaking Bad** *(2:8)*
**01.00 Vice** *(6:10)*
**01.45 Grimm** *(12:22)*
**02.30 Harold and Kumar Escape From Guantanamo**
**04.10 American Horror Story** *(10:12)*
**05.00 Fringe** *(14:22)*
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

### POPPTÍVÍ

**19.00 Friends** *(5:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(22:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(9:22)*
**20.10 The O.C.** *(3:27)*
**20.55 The Secret Circle** *(13:22)*
**21.40 The Secret Circle** *(14:22)*
**22.25 Breakout Kings** *(3:13)*
**23.10 Breakout Kings** *(4:13)*
**23.55 The O.C.** *(3:27)*
**00.40 The Secret Circle** *(13:22)*
**01.25 The Secret Circle** *(14:22)*
**02.10 Breakout Kings** *(3:13)*
**02.55 Breakout Kings** *(4:13)*
**03.40 Myndbönd frá Popptíví**

### ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason
**20.30** Tölvur, tækni og kennsla
**21.00** Veiðin og Bender
**21.30** Á ferð og flugi

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Duel of Giants** Útsending frá stjörnuleik Lionel Messi og félaga hans
**16.35 Sumarmótin 2013**
**17.20 Duel of Giants** Útsending frá stjörnuleik Lionel Messi og félaga hans
**19.00 Herminator Invitational**
**19.45 FH - Fram BEINT**
**22.00 Pepsi mörkin 2013**
**23.00 FH - Fram**
**00.50 Pepsi mörkin 2013**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17:45 Newcastle - Man. City**
**19:30 PL Classic Matches: Liverpool - Tottenham, 1992**
**20:00 Leikmaðurinn**
**20:35 Duel of Giants** Útsending frá stjörnuleik Lionel Messi og félaga hans
**22:15 Man.City - Tottenham**
**00:00 Leikmaðurinn**
**00:35 Man. City - QPR - 13.05.12**
**01:05 Man. City - Liverpool**

### 2 krakkar

**07.00** Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Brunabílarnir **08.05** Dóra könnuður **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.50** Strumparnir **09.15** Waybuloo **09.35** Lína langsokkur **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.20** Doddi litli og Eyrnastór **10.30** Histeria! **10.50** Ofuröndin **11.15** Lalli **11.20** Lalli **11.25** Refurinn Pablo **11.30** Litlu Tommi og Jenni **11.55** Svampur Sveinsson **12.15** Dóra könnuður **12.40** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.05** Strumparnir **13.25** Waybuloo **13.45** Lína langsokkur **14.10** Áfram Diego, áfram! **14.35** Doddi litli og Eyrnastór **14.45** Histeria! **15.05** Ofuröndin S**15.30** Lalli **15.35** Lalli **15.40** Refurinn Pablo **15.45** Litlu Tommi og Jenni **16.10** Svampur Sveinsson **16.30** Dóra könnuður**16.55** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.20** Strumparnir **17.40** Waybuloo **18.00** Lína langsokkur **18.25** Áfram Diego, áfram! **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Histeria! **19.15** Ofuröndin

### 2 GULL

**20.00 Einu sinni var** *(11:22)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(4:30)*
**21.05 Ørnen** *(23:24)*
**22.05 Lois and Clark** *(1:22)*
**22.50 Einu sinni var** *(11:22)*
**23.20 Örlagadagurinn** *(4:30)*
**23.55 Ørnen** *(23:24)*
**00.55 Lois and Clark** *(1:22)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### 2 BÍÓ

**12.10 Love and Other Drugs**
**14.00 Ævintýraeyja Ibba**
**15.20 Tower Heist**
**17.05 Love and Other Drugs**
**18.55 Ævintýraeyja Ibba**
**20.15 Tower Heist**
**22.00 Pirates Of The Caribbean. On Stranger Tides**
**00.15 Season Of The Witch**
**01.50 Adventures Of Ford Fairlaine**
**03.30 Pirates Of The Caribbean. On Stranger Tides**

### RÚV

**16.10 Stelpurnar okkar 2013** *(1:2)*
**16.40 Læknamiðstöðin** *(15:22)*
**17.25 Franklín** *(63:65)*
**17.50 Geymslan** *(9:28)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Frá Svíþjóð til himins** *(1:8)(Från Sverige till himlen)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Hrefna Sætran grillar** *(3:6)*
**20.05 Síðasti tangó í Halifax** *(5:6)(Last Tango in Halifax)*
**20.55 Minnisverð máltíð – Ole Bornedal** *(3:7)*
**21.10 Leyniríkið** *(3:4) (Secret State)* Breskur myndaflokkur um samspil lýðræðislega kjörinna stjórnvalda, stórfyrirtækja og hersins.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Fólk við fjörðinn** *(Folk ved fjorden)* Verðlaunuð norsk heimildamynd.
**23.20 Loforðið** *(4:4)(The Promise)* Bresk stúlka fer til Palestínu og Ísraels og fetar í fótspor afa síns sem gegndi herþjónustu þar á fimmta áratug síðustu aldar.
**01.05 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

### RÚV ÍÞRÓTTIR

**18.00** 360° **18.30** Stelpurnar okkar **19.00** Svellkaldar konur **19.30** Strákarnir okkar

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos** *(44:48)*
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(2:25)*
**08.00 Cheers** *(10:22)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 The Good Wife** *(21:23)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Britain's Next Top Model** *(4:13)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(45:48)*
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(3:25)*
**20.00 Cheers** *(11:22)*
**20.25 Psych** *(8:16)*
**21.10 Blue Bloods** *(19:23)*
**22.00 Common Law** *(8:12)* Skemmtilegur þáttur sem fjallar um tvo rannsóknarlögreglumenn sem semur það illa að þeir eru skikkaðir til hjónabandsráðgjafa. Þeir félagar glíma við undarlegt mál sem þeir hafa ekki hundsvit á.
**22.45 The Borgias** *(9:9)*
**23.30 House of Lies** *(2:12)*
**00.00 Leverage** *(5:16)*
**00.45 Lost Girl** *(14:22)*
**01.30 Excused**
**01.55 Blue Bloods** *(19:23)*
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.45** AT&T National 2013 *(3:4)* **12.15** Ryder Cup Official Film 2006 **13.30** AT&T National 2013 *(3:4)* **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour *(26:47)* **19.20** LPGA Highlights *(9:20)* **20.40** Champions Tour - Highlights *(13:25)* **21.35** Inside the PGA Tour *(26:47)* **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights *(25:45)* **23.45** ESPN America

# BÍLA KAFFI

## VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM BÍL HJÁ OKKUR Í DAG




**NISSAN QASHQAI DÍSIL**
**4.990 þús. kr.**

Vinsælasti fjórhjóladrifni bíll landsins.

Eldsneytisnotkun frá **4,6 l/100 km***

DÍSIL




**RENAULT MEGANE DÍSIL**
**3.290 þús. kr. beinskiptur**

3.590 þús. kr. sjálfskiptur dísil.
Lægsti $CO_2$ útblástur í flokknum 90 g/km.

Eldsneytisnotkun frá **3,2 l/100 km***

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

DÍSIL




**SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR**
**5.390 þús. kr.**

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stopp" búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá **5,5 l/100 km***



**NISSAN JUKE**
**3.990 þús. kr.**

Þessi bíll kemur á óvart – líka þegar þú prófar.
Ríkulegur stalbúnaður.

Eldsneytisnotkun frá **5,2 l/100 km***

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í langkeyrslu

ENNEMM / SÍA / NM58538

B|L

Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**DRYKKURINN**



**„Kampavín; gott með öllu, best með vinum.“**

Rebekka Jónsdóttir fatahönnuður.

# Matarilmurinn mun fylla bæinn í sumar

Blómlegt matartorg verður rekið á Lækjatorgi alla laugardaga í sumar. Hægt verður að kaupa beint frá býli.

„Við verðum með litríka umgjörð sem og lifandi tónlist og matarilmur mun fylla bæinn á markaðnum. Við verðum með markað fjóra laugardaga í júlí og það er mjög mikil aðsókn í að vera með,“ segir Hildur Gunnlaugsdóttir, arkitekt hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, en hún er ein af aðstandendum matarmarkaðs sem haldinn verður á Lækjartorgi alla laugardaga í sumar frá klukkan 11.00 til 16.00.

Að sögn Hildar verður boðið upp á margs konar mat og góðgæti á markaðnum. „Þetta er frábært tækifæri til þess að kaupa sér mat beint af býlinu. Það verður boðið upp á lífrænt íslenskt hunang, æðislegar súrdeigslokur og fleira. Einnig blóm og annað skemmtilegt.“

Hugmyndin að markaðnum kom upphaflega í gegnum netsíðuna Betri Reykjavík þar sem borgarbúum gefst kostur á að koma með hugmyndir að leiðum til að gera borgina betri og skemmtilegri. Umhverfis- og skipulagsráði leist vel á hugmyndina og Hildi var falið að kanna möguleikann á að koma upp slíkum markaði. „Okkur langaði að reyna koma af stað einhverri matarmarkaðsmenningu í Reykjavík eins og þekkist víða annars staðar, og við ákváðum að ríða á vaðið og byrja með þetta.“ **- hó**

➜ Meðal þeirra er munu selja á markaðnum eru Sæluostar úr sveitinni, Svandís Kandís, Saltverk, Sandholt, Bergsson mathús og Búra.



**MARKAÐUR** Hildur Gunnlaugsdóttir og Eirný Sigurðardóttir koma að skipulagningu matarmarkaðs sem haldinn verður á laugardögum í júlí í sumar. MYND/ARNÞÓR

## Auglýsing um deiliskipulag frá Sveitarfélaginu Ölfusi

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að deiliskipulagi fyrir aksturskennslusvæði og vélhjóla akstursbrautir við Bolaöldur, Ölfusi**

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum 2. maí 2013 og í endurtöku á fundi sínum 27. júní 2013 að heimila auglýsingu á deiliskipulaginu. Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd tók erindið fyrir 16. apríl 2013 og 18. júní 2013. Deiliskipulagið byggir á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022, þar sem svæðið er skilgreint undir 07-Bolaöldur og Jósefsdalur þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir ökugerði fyrir ökukennslu, vélhjólaakstursíþróttir og vélsleðaíþróttir á veturna. Svæðið er um 650 ha og gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, þ.e. opnu óbyggðu svæði og svæði til efnistöku.

Deiliskipulagið nær yfir tæpa 65 ha svæði, af um 650 ha svæðinu. Innan 65 ha afmörkunarinnar er framkvæmdasvæði Ökukennarafélag Íslands, ÖÍ, um 25 ha og Vélíþróttaklúbbsins VÍK, um 11 ha. Gert er ráð fyrir mögulegri stækkun á deiliskipulaginu sem er í samræmi við umfang svæðisins í Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022. Innan byggingarreits, merktur 3.0, er heimilt að reisa vélhjólahöll, allt að 8160 m2, 68x120 m og með vegghæð allt að 10 m og mænishæð yfir jörðu allt að 14 m. Innan byggingarreits 3.1 er heimilt að reisa stjórnstöð og þjónustu- og viðgerðarhús, allt að 1000 m2 byggingu á einni hæð. Einnig heimilt að byggja kennslustofu í samræmi við reglugerð um ökugerði. Aðkoma er frá Suðurlandsvegi, við fyrirhuguð mislæg gatnamót sem sýnd eru í aðalskipulagi. Fráveita verður byggð upp í samræmi við reglugerðir þannig að ekki hljótist mengun frá starfsemi á svæðinu. Í greinargerð og í gögnum með deiliskipulaginu er farið yfir þá þætti sem fjalla ber um samkvæmt lögum. Skipulagsstofnun hefur tekið fyrir tilkynningu um matsskyldu og metið að framkvæmdin sé ekki matsskyld. Kærufrestur á úrskurði Skipulagsstofnunar er til 15. júlí 2013.

Til norðurs afmarkast svæðið af þjóðvegi nr. 1, Suðurlandsvegi og nær að afmörkuðu deiliskipulagi fyrir efnistöku við Bolaöldur. Markmið með deiliskipulaginu er annars vegar að finna varanlega aðstöðu fyrir ÖÍ þar sem sett er upp aksturskennslusvæði og ökuskóla fyrir suðvesturhorn landsins og Suðurland. Auk þess sem prófanir á ökutækjum fari þar fram. Hins vegar er verið að afmarka og byggja upp svæði fyrir VÍK en félagið áformar að reisa þar varanlega aðstöðu fyrir vélhjólaíþróttir. Einnig að afmarka og skilgreina svæðið sem hefur um nokkurra ára skeið verið notað til torfæru, motorcross og aksturs og þ.a.l. koma á markvissri stýringu fyrrgreindra umferðar um svæðið. Gengið verður frá svæðinu, ræktað upp með gróðri sem einkennir svæðið og manir og aðrar aðgerðir aðlagaðar landslagi, til að minnka sjónræn áhrif frá Suðurlandsvegi.

Deiliskipulagsgögn og eru á heimasíðu www.olfus.is undir framkvæmdaleyfi og skipulag.
Einnig á heimasíðu www.landmotun.is.

Skipulagslýsing hefur verið auglýst og kynnt. Einnig hefur verið opinn kynningarfundur þar sem fyrirhuguð tillaga að deiliskipulagi var kynnt.

Tillaga að deiliskipulagi liggur frammi til kynningar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma frá 9-12 og 13-16. Tillagan verður einnig á heimasíðu Ölfuss og á heimasíðu Landmótunar sf. Tillagan er til kynningar frá 3. júlí 2013 til 14. ágúst 2013. Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 14. ágúst 2013 til Sveitarfélagsins Ölfuss, b.t. skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

*Sigurður Jónsson,*
*skipulags- og byggingarfulltrúi.*



**ÆFIR AF KAPPI** Sumarliði Þorsteinsson býr sig undir þolpróf sem fer fram 12. ágúst. Ef hann verður efstur í þolprófinu fær hann að fara í geimfaraþjálfun í Kennedy Space Center og kemst mögulega út í geim. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Færist skrefi nær því að komast í geiminn

Sumarliði Þorsteinsson sigraði kosningu um að eiga þess kost að komast út í geim. Hann undirbýr sig nú undir erfitt þolpróf sem er annar liður keppninnar.

„Nú er ég bara að undirbúa mig fyrir þolprófið sem fer fram 10. ágúst,“ segir skrúðgarðyrkjusérfræðingurinn Sumarliði Þorsteinsson, en hann sigraði með yfirburðum netkosningu í Svíþjóð á vegum Apollo Space Academy og herrasnyrtimerkisins AXE og færist nú skrefi nær því að komast alla leið út í geim. AXE hóf samstarf með hinum heimsþekkta tunglfara Buzz Aldrin, og efndi til keppni þar sem 22 einstaklingar eiga tækifæri á því að komast út í geim. Keppnin fór af stað í sextíu löndum í janúar, en Sumarliði var þá búsettur í Svíþjóð og gat því skráð sig til keppni þar í landi. „Keppnin skiptist eiginlega í þrjár síur. Fyrst er það þessi atkvæðagreiðsla sem er búin, því næst er þolpróf sem fer fram í hverju landi fyrir sig og þeim sem sigra þolprófin er svo boðið til Flórída í Kennedy Space Center og fara í alvöru geimfaraþjálfun,“ segir Sumarliði, sem undirbýr sig nú af krafti undir þolprófið mikla. „Ég æfi mikið úti, hleyp og syndi, og fer í ræktina.“ Alls taka tólf manns þátt í þolprófinu í Svíþjóð í ágúst en aðeins sigurvegarinn fær að fara til Flórída. Töluvert fleiri keppa í þolprófunum í hinum löndunum. „Það eru um 200 manns sem taka þátt í Bretlandi svo líkurnar mínar eru þannig lagað séð góðar. Ég þarf bara að sigra þessa ellefu,“ segir Sumarliði. „Í geimfaraþjálfuninni fær maður að fljúga í flugvél sem slökkt verður á og hún látin droppa og svo verður farið með mann í þotu á tvöföldum hljóðhraða. Svo verður farið í svokallaða togkraftskúlu, eða „g-force“ kúlu, þar sem hraðinn og togkrafturinn er alveg þvílíkur. Þetta yrði alveg fáránlega skemmtilegt.“

kristjana@frettabladid.is

## Eini íslenski geimfarinn

Bjarni Tryggvason er eini íslenski geimfarinn til þessa. Bjarni er fæddur í Reykjavík en hefur þó lengst af búið í Vancouver í Kanada. Hann fór út í geim með geimferjunni Discovery 7 hinn 19. ágúst árið 1997 ásamt fimm öðrum áhafnarmeðlimum. Geimferðin tók 11 daga, 20 klukkustundir og 28 mínútur.



**BJARNI TRYGGVASON GEIMFARI**

# Bríó bjórinn í útrás til Kanada

Kormákur Geirharðsson kveðst hæstánægður með útflutning á bjórtegundinni.

„Við erum himinlifandi með þetta. Okkar forfeður verða líka að fá að smakka bjórinn þó þeir hafi flúið land,“ segir Kormákur Geirharðsson. Borg Brugghús gekk nýverið frá samningum um útflutning á verðlaunabjórnum Bríó til Kanada og verður hann til sölu í matvöruverslunum.

„Margir hafa sýnt bjórnum áhuga, meðal annars hafa menn á Spáni og í Svíþjóð komið að máli við okkur. Samningurinn í Kanada er aftur á móti kominn til í gegnum eldri samning við Ölgerðina, en eftir að þeir smökkuðu Bríó vildu þeir endilega taka hann inn.“

Bjórtegundin kom í sölu hér á landi fyrir rúmum þremur árum og var búin sérstaklega til fyrir Ölstofuna, sem rekin er af Kormáki og Skildi Sigurjónssyni. „Við vorum fengnir til að aðstoða við að búa bjórinn til. Við smökkuðum nokkrar tegundir, völdum eina og vorum svo í níu mánuði að smakka hann til,“ útskýrir Kormákur og kveðst hæstánægður með útkomuna. „Menn sem byrja og finna bragðið, geta ekki drukkið annað eftir það.“ **- sm**



**Í ÚTRÁS** Kormákur og Skjöldur ásamt bruggmeisturum sínum, Sturlaugi Jóni Björnssyni og Valgeiri Valgeirssyni.




#dalurinn

Miðasala á dalurinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fagnaði afmælinu á Mánudagsklúbbnum

**Unnsteinn Manúel Stefánsson**, söngvari Retro Stefson, fagnaði afmæli sínu á Mánudagsklúbbnum á Prikinu fyrr í vikunni. Fregnir herma að afmælissöngurinn hafi verið sunginn fyrir ungstirnið af þeim mikla fjölda sem sótti klúbbinn. Þannig var fullt út úr dyrum þegar Unnsteinn söng lagið Qween af plötu Retro Stefson fyrir viðstadda og henti sér svo í þvöguna að flutningi loknum, viðstöddum til mikillar gleði. **ósk**



### Fjölga mannkyninu

Uppistandarinn **Ari Eldjárn** og sambýliskona hans, Linda Guðrún Karlsdóttir, eiga von á sínu fyrsta barni í ágúst. Parið deildi gleðifréttunum á samskiptamiðlinum Facebook fyrir stuttu. Fyrir á parið humarinn Humar Linduson Eldjárn. Humar hefur verið nokkuð í sviðsljósinu enda þykir hann með eindæmum hnyttinn og skemmtilegur líkt og foreldrar sínir. **- sm**



## Mest lesið vísir

1. Samfélags-app sem einfaldar djammið
2. Sagði fréttamanni að þegja í miðjum leik
3. Misstu borðið út af frægu fólki – útskýrði málið fyrir Gordon Ramsay
4. Fjölskylduharmleikur í Stavanger –„Samfélagið hérna slegið yfir fréttunum“





